


**skoðun** 14

**SÉRBLAÐ**
í Fréttablaðinu
Allt









# FRÉTTABLAÐIÐ


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

**Þriðjudagur**
**12. október 2010**
239. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




## 311 ára gömul fiðla

*Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari hlaut 45 milljóna Rogeri-fiðlu.*

**tímamót** 18



## Skipað að þegja

*Söngvaranum Arnóri Dan hefur verið skipað að hvíla röddina í miðri Airwaves-törn.*

**fólk** 30



**SKOTAR SKOTNIR NIÐUR** Ungmennalandsliðið í knattspyrnu tryggði sér í gær sæti á Evrópumótinu með frækilegum sigri á Skotum, 2-1. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskt karlalandslið tryggir sér sæti í lokakeppni stórmóts í knattspyrnu. Íslensku strákarnir réðu sér ekki af kæti og stigu stríðsdans eftir að lokaflautið gall.

MYND/HÖRÐUR






## veðrið í dag




**VAXANDI VÆTA V-TIL** Í dag verður hægviðri og bjart með köflum norðan- og norðaustanlands. Vestantil verður þungbúið og bætir í úrkomu er líður á daginn. Hlýjast verður allra syðst.

**VEÐUR** 4

# Fjölgað um 35% á vanskilaskrá

**Nær tíundi hver landsmaður, átján ára og eldri, er á vanskilaskrá. Þeim hefur fjölgað um 35 prósent frá hruni. Hægt hefur á aukningunni síðustu mánuði. Fáir skuldarar nýta sér úrræði vegna greiðsluerfiðleika.**

**EFNAHAGSMÁL** Íslendingum sem eru í svo miklum skuldakröggum að þeir eru komnir á vanskilaskrá hefur fjölgað um 35 prósent á tveimur árum. Um 22 þúsund Íslendingar eru með skuldir sem komnar eru í löginnheimtu, þar sem hefðbundnum lögfræðilegum innheimtuaðgerðum er beitt við innheimtu kröfunnar, og þar með á vanskilaskrá.

Þetta eru um átta prósent landsmanna átján ára og eldri, að því er fram kemur í samantekt miðlunarfyrirtækisins Creditinfo.

Aukningin hefur verið mikil frá því fyrir bankahrun. Þegar hópurinn var hvað minnstur, seint á árinu 2007 og í upphafi árs 2008, voru tæplega sextán þúsund einstaklingar með skuldir í löginnheimtu sem lögfræðingar reyna að innheimta. Í september 2008, rétt fyrir hrun, voru ríflega 16.400 á vanskilaskrá.

**Fjöldi einstaklinga á vanskilaskrá**

**1. september 2010**




Undanfarna mánuði hefur hægt á fjölgun löginnheimtumála. Það skýrist að mestu leyti á inngripum bankanna, til dæmis með frystingu á lánum, samkvæmt upplýsingum Creditinfo.

Í nýrri könnun Umboðsmanns skuldara kemur fram að fáir þeirra sem eiga yfir höfði sér nauðungaruppboð hafa nýtt sér úrræði vegna greiðsluerfiðleika.

Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra mælir á næstunni fyrir frumvarpi þar sem er gert ráð fyrir framlengingu á þeim tíma sem hægt er að sækja um frest á lokanauðungarsölu. Hann segir að niðurstaða könnunarinnar breyti ekki forsendum frumvarpsins.

„Þessi frestur rennur út í lok þessa mánaðar og það sem þetta frumvarp gerir er að lengja tímann sem hægt er að óska eftir þessum fresti til mars á næsta ári. Þannig að það er ekki farið að reyna á þetta.“

**-bj , þj** / **sjá síðu 4**






Koma Cristiano Ronaldo til landsins vekur mikla athygli hjá unga fólkinu:

# Bítlaæði grípur um sig á Grand hótel

**FÓTBOLTI** Koma portúgalska knattspyrnumannsins Cristiano Ronaldo til landsins hefur vakið mikla athygli og aðdáendur hans reyna ýmislegt til þess að sjá hann.

Fjölmargir lögðu leið sína á Laugardalsvöllinn til þess að sjá hann æfa í gær og enn fleiri héngu fyrir utan Grand hótel þar sem portúgalska landsliðið gistir.

„Það mætti halda að Bítlarnir væru að gista hérna,“ sagði starfskona á Grand hótel sem hafði í nógu að snúast við að halda æstum stelpum fyrir utan hótelið í gær.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**SPENNTAR FYRIR GOÐINU** Þessar stelpur voru spenntar yfir því að sjá Ronaldo.

„Við náum ekki alltaf öllum og höfum verið að finna krakka uppi á 13. og 14. hæð. Þetta er með ólíkindum.“

Ronaldo mun síðan sýna knattspyrnulistir sínar í Laugardalnum í kvöld þegar Ísland og Portúgal mætast í undankeppni Evrópumótsins.

**- hbg** / **sjá síðu 26**







## SPURNING DAGSINS



*Gissur, er þetta langlanglangbesta sýning sem þú hefur farið á?*

„Já, kannski má segja það. Ég var orðinn langlanglangeygur eftir því að sjá svona góða sýningu.“

Gissur Ólafur Erlingsson er langafi Ólafs Kjartans Sigurðssonar barítónsöngvara sem syngur í Rigoletto í Íslensku óperunni. Ólafur er nýorðinn afi og gerði Gissur að langalangalangafa. Gissur er 101 árs og á 150 afkomendur.

Rannsókn lögreglu á 270 milljóna króna virðisaukaskattsvikum miðar vel:

# Enn einn handtekinn vegna fjársvikamáls

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald fram á föstudag vegna rannsóknar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á umfangsmiklu fjársvikamáli. Maðurinn er talinn tengjast málinu sem snýst um svik á virðisaukaskatti, þar sem sviknar voru út um 270 milljónir króna.

Auk þessa, sem handtekinn var nú, hafa sex manns áður verið handteknir og sætt gæsluvarðhaldi vegna rannsóknarinnar. Einn þeirra var látinn laus fyrr í þessum mánuði. Hins vegar var gæsluvarðhald yfir hinum fimm, þremur körlum og tveimur konum, sem setið hafa inni vegna rannsóknar lögreglu, framlengt síðastliðinn föstudag. Það rennur út á morgun. Ekki lá fyrir í gær hvort farið verður fram á framlenginu yfir þeim, að sögn Jóns H. B. Snorrasonar, aðstoðarlögreglustjóra hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Einn þeirra sem sætir gæsluvarðhaldi er starfsmaður Ríkisskattstjóra. Starfsmaðurinn er talinn hafa greitt fyrir því að fólkið gat svikið út hátt í þriðja hundruð milljónir króna. Við húsleit lögreglu þegar sexmenningarnir voru handteknir fannst hálf milljón króna í peningum auk ellefu kílóa af hassi.

Áttundi maðurinn sem grunaður er í málinu, Steingrímur Þór Ólafsson, sætir enn gæsluvarðhaldi í Venesúela. Dómsmálaráðuneytið hefur óskað eftir að hann verði framseldur. Enn er ekki ljóst hvenær hann verður framseldur til Íslands, að sögn Smára Sigurðssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns hjá alþjóðadeild ríkislögreglustjóra. - jss



**Í GÆSLUVARÐHALDI** Einn grunaðra í málinu sætir gæsluvarðhaldi í Venesúela.



**STYGGUR** Staðfest er að um áður óþekkta tegund sé að ræða.
MYND/DURRELL-NÁTTÚRUVERNDARSJÓÐURINN

Vísindamenn á Madagaskar:

## Uppgvötva nýja rándýrstegund

**VÍSINDI Vísindamenn hafa uppgötvað áður óþekkta tegund mongúsa sem býr í afskekktri mýri á afrísku eyjunni Madagaskar. Ekki hefur fundist ný tegund spendýra sem jafnframt eru rándýr síðan árið 1986.**

**Dýrin eru á stærð við lítinn kött, með brúnflekkóttan feld. Talið er víst að það sé í bráðri útrýmingarhættu. Mikil ásókn er í að breyta heimkynnum þeirra í ræktarland.** - bj

Áskorun frá utanríkisráðherra:

## Hvetur kínversk stjórnvöld til sleppa Xiaobo

**UTANRÍKISMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hvetur kínversk stjórnvöld til að sleppa Liu Xiaobo, handhafa friðarverðlauna Nóbels í ár, úr haldi. Xiaobo afplánar nú ellefu ára fangelsisdóm vegna baráttu sinnar fyrir auknum mannréttindum í Kína.

Í yfirlýsingu sem birt var á vef utanríkisráðuneytisins í gær segir Össur að enginn eigi að sitja í fangelsi fyrir skoðanir sínar. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sendi líka yfirlýsingu frá sér í gær þar sem hann sagðist ítreka fyrri hvatningar sínar til kínverskra ráðamanna. Forseti Íslands segist hafa rætt mannréttindi og stöðu mótmælenda við kínverska leiðtoga við fjölmörg tækifæri. -jhh

# Þúsund konur sækja í frjósemismeðferðir

**Art Medica tekur á móti um þúsund konum á ári hverju til frjósemismeðferðar. Hlutfall fæddra barna á Íslandi eftir tæknifrjóvganir er 3,4 prósent og er með því hæsta sem gerist í Evrópu. Kostnaður eykst gífurlega eftir fjölda meðferða.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 1.000 konur koma til Art Medica á ári hverju til frjósemismeðferðar. Alls fæddust 164 börn eftir tæknifrjóvganir hér á landi árið 2008 samkvæmt nýjustu tölum frá fæðingaskýrslum Landspítalans. Með tæknifrjóvgun er um að ræða glasafrjóvgun, tæknisæðingu og meðferð frystra fósturvísa.



**GUÐMUNDUR ARASON**

Af þeim 164 fæddum börnum eftir tæknifrjóvganir voru 120 einburar og 44 tvíburar. Eitt barn fæddist andvana. Tæknifrjóvganir eru ekki tilkynningaskyldar til mæðraverndar eða Fæðingarskráningar hér á landi og gætu fæðingar eftir tæknifrjóvganir verið fleiri sökum þessa.

Árið 2008 fæddust alls 4.863 börn á Íslandi og er hlutfall þeirra sem eru til komin eftir tæknifrjóvgun um 3,4 prósent og er með því hæsta sem gerist í Evrópu samkvæmt ESHRE (European Society of Human Reproduction and Embryology).

Art Medica er eina stofnunin sem tekur fólk til frjósemismeðferðar og tæknifrjóvganna hér á landi. Stofan er í eigu Guðmundar Arasonar yfirlæknis og Þórðar Óskarssonar læknis.

Guðmundur segir aðgerðunum hafa fjölgað síðustu árin, en vorið 2008 var lesbískum pörum leyft að fara í tæknifrjóvgun og vorið 2009 var leyfi veitt til einhleypra kvenna. Að sögn Guðmundar leita hátt á þriðja tug lesbískra para nú til Art Medica á ári.

Samkvæmt verðskrá Art Medica kostar fyrsta meðferð í smásjárfrjóvgun fyrir par, sem ekki á fyrir barn saman, 207.375 krónur. Önnur til fjórða meðferð kostar 117.600 krónur og fimmta meðferð og áfram kostar 440.843 krónur. Guðmundur segir hækkunina koma til vegna niðurgreiðslna frá tryggingum, en þær minnka eftir því sem aðgerðirnar eru gerðar oftar. Tryggingar greiða ekki niður fyrir par sem á tvö börn fyrir eða fleiri, né meðferðir sem eru framkvæmdar eftir fjórða skipti. Sömu sögu er að segja um par sem á fyrir eitt barn, en fyrsta til fjórða meðferð fyrir það kostar 307.125.

Hlutfall þeirra kvenna sem þurfa að fara fimm sinnum eða oftar í tæknifrjóvgun er ekki hátt að sögn Guðmundar, í kringum tíu prósent. sunna@frettabladid.is



**UNGABARN** Fyrsta barnið sem varð til við tæknifrjóvgun fæddist árið 1992. Nú fara um þúsund konur á ári hverju í frjósemismeðferðir hér á landi.

### Saga tæknifrjóvgunar á Íslandi

Fyrsta barnið sem til varð við glasafrjóvgun á Íslandi fæddist árið 1992. Starfsemi tæknifrjóvgunardeildar hófst í október 1991 á kvennadeild Landspítalans og við upphaf starfseminnar hafði verið gert ráð fyrir að meðhöndla um 100 til 150 pör árlega. Í ljós kom að þörfin fyrir ófrjósemismeðferð var meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir, svo húsnæðið var stækkað úr 70 fermetrum í um 280 fermetra. Fram að þeim tíma hafði verið veitt hefðbundin glasafrjóvgunarmeðferð þar sem notaðar voru kynfrumur frá parinu sjálfu og þá hófst einnig frysting fósturvísa. Smásjárfrjóvganir og notkun á frystum vefjasýnum úr eistum hófust árið 1997 og glasafrjóvgunarmeðferðir með gjafaeggjum árið 2000.

Starfsemi glasa- og smásjárfrjóvgana fluttist svo frá Landspítalanum til læknamiðstöðvarinnar Art Medica í október árið 2004.

Fólskuleg árás í Laugardal:

## Lögreglan leitar árásarmannsins

**LÖGREGLUMÁL Unglingsstúlka varð fyrir fólskulegri líkamsárás við Laugardalinn í gær. Atvikið átti sér stað á fjórða tímanum á göngustíg norðan Suðurlandsbrautar, ekki langt frá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Lögreglan leitar árásarmannsins sem talinn er vera 170-175 sentimetrar á hæð, skolhærður og klæddur í svarta yfirhöfn og hvíta skó en rauður litur kann einnig að vera á skónum. Líklegt þykir að árásarmaðurinn sé á aldrinum 20-25 ára og íslenskur.**

**Þeir sem geta gefið upplýsingar um málið eru beðnir um að hafa samband við lögregluna í síma 444-1000.**



**MÓTMÆLI** Mótmælendur lokuðu Ölfusárbrú til að mótmæla niðurskurði á heilsugæslu. MYND/GUÐMUNDUR KARL

Samstöðufundur á Selfossi:

## Stöðvuðu umferð yfir Ölfusá

**HEILBRIGÐISMÁL** Mótmælendur lokuðu fyrir umferð um Ölfusárbrú í rúmar fimmtán mínútur síðdegis í gær, en markmiðið var að sýna samstöðu og vekja athygli á megnri óánægju almennings með fyrirhugaðan niðurskurð á fjárlögum til heilbrigðisstofnana á Suðurlandi.

Á sama tíma og þessi samstöðufundur fór fram, funduðu sveitarstjórnarmenn af Suðurlandi og forsvarsmenn heilbrigðisstofnananna með heilbrigðisráðherra og þingmönnum kjördæmisins. -bj






Borgin kannar möguleikann á atkvæðagreiðslu borgarbúa um ýmis mál:

# Vill atkvæðagreiðslu um kattahald

**UMHVERFISMÁL** Jón Gnarr borgarstjóri vill atkvæðagreiðslu um kattahald í Reykjavík. S. Björn Blöndal, aðstoðarmaður borgarstjóra, segir að ekkert sé búið að ákveða um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar en málið sé í skoðun.

„Við erum að velta fyrir okkur hvort það sé gerlegt að vera með atkvæðagreiðslur um ýmis mál, þar á meðal kattahald,“ segir Björn. „Eins og svo margt hjá okkur er þetta hugmynd og er ekki búið að ákveða hvort eða hvernig hún verður framkvæmd. Þetta er dæmi um mál sem margir hafa skoðun á, en við erum með nóg á okkar könnu.“

Atkvæðagreiðsla um hundahald í Reykjavík fór fram í Laugardalshöll árið 1988. Alls voru 68.525 manns á kjörskrá og greiddu 8.777 manns atkvæði. Um sextíu prósent þátttakenda vildu að reglur um hundahald yrðu endurskoðaðar.

Í samþykkt um kattahald frá árinu 2005 kemur meðal annars fram að starfsmönnum Reykjavíkurborgar er heimilt að handsama ketti ef þeir eru ómerktir, ítrekað sé kvartað undan þeim eða þeir séu innandyra hjá nágrönnum í leyfisleysi. Eigandi kattarins á þá að borga handsömunar-, fóður- og vistunargjald fyrir köttinn áður en hann er afhentur á ný. - sv



**KÖTTUR Í BÚRI** Á hverju ári berast rúmlega 500 óskilakettir til Kattholts og svæfa þarf um fjórðung þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BORGUN

# Við fylgjum þeim alla leið!

**Borgun er stoltur styrktaraðili KSÍ**
og sendir landsliðinu baráttukveðjur
fyrir leikinn gegn Portúgal í kvöld.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

## GENGIÐ 11.10.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 110,51 | 111,03 |
| Sterlingspund | 176,11 | 176,97 |
| Evra | 153,97 | 154,83 |
| Dönsk króna | 20,645 | 20,765 |
| Norsk króna | 18,97 | 19,082 |
| Sænsk króna | 16,601 | 16,699 |
| Japanskt jen | 1,3468 | 1,3546 |
| SDR | 173,58 | 174,62 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samráðsfundir ríkisstjórnar við stjórnarandstöðu halda áfram út vikuna:

# Stjórnarandstæðingar enn ósáttir

**ALÞINGI** Fulltrúar Hreyfingarinnar og Framsóknarflokksins á samráðsfundum ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu um skuldavanda heimila segja fátt nýtt hafa komið fram á fundinum sem fór fram í gær, en þetta var þriðji fundurinn frá því í síðustu viku.

Þór Saari, fulltrúi Hreyfingarinnar, á fundinum sagði í samtali við Fréttablaðið að honum hefði þótt lítið koma út úr fundinum, þó að Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra hefði kynnt frumvarp um framhald á frystingu nauðungaruppboða. Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, kynnti einnig frumvarp um fyrirkomulag uppgjöra vegna nýfallins gengisdóms.



ÞÓR SAARI



GUNNAR BRAGI SVEINSSON

Gunnar Bragi Sveinsson, fulltrúi Framsóknarflokksins, sagði að framsóknarmenn sæktu þessa fundi fyrst og fremst til að fylgjast með því sem fram færi.

„Því miður sýnist mér að það sé enn töluvert í að niðurstaða komi í það hvort eigi að fara í almennar leiðréttingar eða ekki. Hins vegar sé ég ekki annað en að það sé verið að vinna í þeim málum.“

Ríkisstjórnin mun funda með stjórnarandstöðu, þingmönnum eða hagmsunaaðilum á hverjum degi fram á fimmtudag. - þj

ASMAR í Chile:

# Smíða skip og bjarga úr námu

**CHILE** Björgunarhylki sem notað verður við björgun námumannanna í Chile er smíðað af ASMAR, skipasmíðastöð sjóhersins í Chile, en þar hefur Þór, varðskip Landhelgisgæslunnar, verið í smíðum. Áætlað er að afhenda varðskipið hinn 31. ágúst 2011.

Nú vinna björgunarmenn í Chile að því að fóðra göngin og að því loknu verður björgunarhylkið sett upp og í framhaldinu gengið úr skugga um að göngin séu orðin örugg. Vonast er til að mennirnir 33 verði hífðir upp á morgun. - shá

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs:

# Mótmæla niðurskurði á heilbrigðisstofnun

**HEILBRIGÐISMÁL** Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs mótmælir harðlega boðuðum niðurskurði til Heilbrigðisstofnunar Austurlands sem fram kemur í nýju fjárlagafrumvarpi. Bæjarstjórnin segir einsýnt að niðurskurðurinn leiði af sér fjöldauppsagnir og stórkostlega skerta þjónustu við íbúa fjórðungsins.

Bæjarstjórn telur sérstaklega ámælisvert að ekkert samráð hafi verið haft við forsvarsmenn sveitarfélaganna og HSA í málinu og er þess krafist að tillagan verði endurskoðuð með öryggissjónarmið og byggðarlegar afleiðingar í huga.

Viðbúnaður í Randers:

# Duft var ekki miltisbrandur

**RANDERS/RITZAU** **Pósthús í Randers á Jótlandi var rýmt í gærmorgun eftir að grunsamlegt hvítt duft lak út úr bréfi sem þangað barst.**

**Starfsfólk kallaði til lögreglu og björgunarsveitir, sem girtu svæðið af, en hættuástandi var aflýst fljótlega. Sérfræðingar mátu stöðuna svo, þegar þeir heyrðu alla málavexti, að ekki væri hætta á ferð.**

**Bréfið átti uppruna sinn að rekja til Suður-Evrópu.** - þj

## LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með nafn Paul Volcker, fyrrverandi seðlabankastjóra Bandaríkjanna, í myndatexta í frétt á síðu 8 síðastliðinn föstudag.

# Helmingur nýtir ekki úrræði fyrir skuldara

**Rúmlega 240 uppboð eru fyrirhuguð á næstunni. Könnun leiðir í ljós að fáir einstaklingar nota úrræðin sem í boði eru. Einungis um fjórðungur þeirra sem horfa fram á nauðungaruppboð hefur nýtt sér úrræði vegna greiðsluerfiðleika.**

**EFNAHAGSMÁL** Einungis 28 prósent einstaklinga sem horfa fram á að missa fasteign sína á nauðungarsölu á næstu vikum hafa nýtt sér úrræði sem hafa verið í boði vegna greiðsluerfiðleika. Þá hafa einungis 38 prósent nýtt sér fresti vegna nauðungarsölu.

Þetta kom í ljós í könnun sem Umboðsmaður skuldara (UMS) stóð fyrir um helgina, þar sem reynt var að ná í alla þá einstaklinga sem eiga yfir höfði sér nauðungaruppboð fram að miðjum nóvember. Í tölum frá sýslumönnum kom fram að alls eru fyrirhuguð 242 uppboð á þessum tíma, þar af 149 í eigu einstaklinga og 93 í eigu einkahlutafélaga.

Starfsmenn UMS náðu sambandi við 65 af þeim 149 einstaklingum sem um er að ræða og lögðu fyrir þá spurningalista varðandi fyrirhugað uppboð. Haldið verður áfram á næstu dögum að reyna að ná í þá sem eftir eru á listanum.

Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra mælir á næstunni fyrir frumvarpi þar sem gert er ráð fyrir framlengingu á þeim tíma sem hægt er að sækja um frest á lokanauðungarsölu. Hann segir þó að það sem kemur fram í þessum tölum UMS breyti ekki forsendum fyrir því frumvarpi. „Þessi frestur rennur út í lok þessa mánaðar og það sem þetta frumvarp gerir er að lengja tímann sem hægt er að óska eftir þessum fresti til mars á næsta ári. Þannig að það er ekki farið að reyna á þetta.“

Huginn Freyr Þorsteinsson, aðstoðarmaður Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra, segir í samtali við Fréttablaðið að ríkisstjórnin sé einbeitt í því að láta þau úrræðin sem séu til staðar virka.

„Fólk sem er í vanda og nýtir sér þau úrræði sem eru í boði fær úrlausn sinna mála,“ segir Huginn og bætir því við að þetta sé ein af ástæðunum á bak við aukið samráð ríkisstjórnarinnar við hagsmunaaðila.

„Þess vegna er þessi samræða milli stjórnar, stjórnarandstöðu og hagsmunasamtaka heimilanna, auk þess sem fundað verður með forsvarsmönnum lífeyrissjóðanna, bankanna, Samtaka atvinnulífsins og verkalýðsfélaganna. Við erum að reyna að komast að því með hvaða hætti við getum fengið fólk til að nýta sér úrræðin, en einnig til að finna önnur úrræði sem eru betur í stakk búin til þess að koma til móts við kröfur sem eru uppi.“

Meðal annars sem kemur fram í könnun UMS er að mikill meirihluti svarenda, alls um 82 prósent, vildu gjarna fá frekari aðstoð frá UMS.

Loks er um fjórðungur svarenda sem hefur ekki rætt við gerðarbeiðendur og segist ekki vilja leita leiða til að koma í veg fyrir uppboð.

thorgils@frettabladid.is




Stolið frá Hvítasunnusöfnuði:

# Kæra fjárdrátt til lögreglunnar

**LÖGREGLUMÁL** **Framkvæmdastjóri Hvítasunnukirkjunnar á Íslandi hefur viðurkennt að hafa dregið sér 25 milljónir króna úr sjóðum safnaðarins á tímabilinu frá 2004 til loka ágúst 2010. Þetta kemur fram í tilkynningu sem söfnuðurinn sendi frá sér í gær.**

**Framkvæmdastjóranum hefur þegar verið vikið úr starfi og hefur stjórn safnaðarins falið lögfræðingi til að fara með málið og kæra það til lögreglu. Þá verður jafnframt lögð fram bótakrafa á hendur framkvæmdastjóranum fyrrverandi.**

**Fjárdrátturinn er mikið áfall fyrir Hvítasunnukirkjuna, að því er segir í tilkynningunni. Stjórn Hvítasunnukirkjunnar á Íslandi harmar að þetta hafi gerst og mun nú fara yfir alla verkferla sem lúta að bókhaldi til að tryggja að viðlíka atburðir endurtaki sig ekki.**

Lögregla lýsir eftir vitnum:

# Forðaði árekstri og dróst með mótorhjóli

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lýsir eftir vitnum að umferðarslysi sem varð á Reykjanesbraut í Kópavogi, sunnan Smáralindar, síðastliðinn fimmtudag. Þar neyddist bifhjólamaður til að stýra hjóli sínu inn á vegöxl til að forða árekstri. Maðurinn dróst með hjólinu og slasaðist talsvert við það. Það var á milli klukkan 14 og 14.30 sem rauðri bifreið, trúlega af gerðinni Nissan Sunny, var ekið í veg fyrir svart Kawasaki-bifhjól. Þeir sem urðu vitni að slysinu eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við lögregluna í síma 444-1000. - jss






## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**SUÐLÆG ÁTT** í dag eru horfur á vætu vestantil og bætir heldur í úrkomu er líður á daginn. Næstu daga verða suðlægar áttir ríkjandi með vætu S- og SV-til en norðan og austanlands verður úrkomulítið að mestu. Hiti verður áfram ágætur næstu daga.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 12° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 16° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 18° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 11° |
| París | 16° |
| San Francisco | 26° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is




## SVEFNSÓFAR



Hágæða svefnsófar.
Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. **264.900**

## BOARD
### WALLHUGGER



2x90x200
Verð frá **499.900** með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnum




## SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**




## VALHÖLL/FREYJA
Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**




## ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA




2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnum

Íslenskir PU leðurbotnar
og gaflar.
Íslensk framleiðsla.

**Gerið gæða- og verðsamanburð**




Svefn & heilsa
★★★★★




www.svefn.is

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

Menningarráð ósammála framkvæmda- og eignasviði Reykjavíkurborgar:

# Skáldastígur verði opinn til framtíðar

**SKIPULAGSMÁL** Menningar-og ferðamálaráð vill að samið verði við eigendur tveggja húsa í Garðastræti og Mjóstræti um rétt til aðgangs að svokölluðum Skáldastíg.

Eigendur húsanna hafa um árabil átt í samskiptum við borgaryfirvöld vegna Skáldastígs, sem liggur um lóðir þeirra og endar við hið sögufræga Unuhús. Hafa þeir hingað til ekki girt fyrir aðgang að stígnum en vilja að tilvera stígsins verði staðfest með formlegum hætti og að borgin kaupi jafnvel af þeim þann hluta lóðanna sem stígurinn liggur um.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hafnar framkvæmda- og eignasvið borgarinnar því fyrir sitt leyti að fé borgarinnar verði varið í Skáldastíg. „Enda lifir sagan áfram þótt stígurinn hverfi," útskýrði framkvæmdasviðið í umsögn um málið.

Menningarráðið kveðst hins vegar ósammála þessu. Nú þurfi eigandi Mjóstrætis annað hvort að girða Skáldastíg af eða loka honum fyrir almenningi. „Síðari og síðri kosturinn hefur í för með sér glötun á menningarverðmætum," segir menningarráðið, sem leggur til að samið verði við húseigendurna „um umgengnisrétt um þennan stíg um ókomna framtíð". Málið er nú til meðferðar hjá skipulagsyfirvöldum borgarinnar. - gar


**EIGENDUR VILJA SELJA** Skáldastígur er til sölu eins og kom fram í Fréttablaðinu 1. september síðastliðinn. Stofnanir og ráð borgarinnar eru ekki sammála um nauðsyn þess að varðveita stíginn.

# Rannsaka síðustu daga Sigurplasts

**Fyrri eigendur Sigurplasts eru grunaðir um misnotkun á því áður en bankinn tók reksturinn yfir. Fyrrverandi framkvæmdastjóri færði innflutning til nýs félags. Hann hafði bókhaldsgögn á brott og er talinn hafa átt við tölvukerfið.**

**SAKAMÁL** Grunur leikur á að gögn hafi verið fjarlægð úr bókhaldi iðnfyrirtækisins Sigurplasts í Mosfellsbæ þegar fyrri eigendur fóru frá og áður en nýr framkvæmdastjóri á vegum Arion banka tók við því fyrir um hálfum mánuði. Þá hefur tölvukerfi fyrirtækisins legið niðri frá sama tíma. Ekki er vitað hvað var gert við það, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Fyrri eigendur Sigurplasts tóku við rekstrinum fyrir þremur árum en óskuðu eftir gjaldþrotaskiptum fyrir um hálfum mánuði.

Sigurplast tapaði tæpum 567 milljónum króna árið 2008 og var eigið fé þá neikvætt um 528,6 milljónir. Á sama tíma námu skuldir rúmum einum milljarði. Nýrri ársreikningur liggur ekki fyrir. Fjárhagsleg endurskipulagning hafði staðið yfir um nokkurt skeið þegar upp úr slitnaði.

Fram kom í kjölfar gjaldþrotaskipta að Sigurplast hefði ekki ráðið við afborganir af gengistryggðum lánum í kjölfar gengishruns. Af síðasta ársreikningi má álykta að gengisfallið hafi ekki eitt og sér ýtt fyrirtækinu í þrot; nýjar lántökur hafi haft sitt að segja.

Fréttastofa RÚV sagði Arion banka hafa kært fyrri eigendur vegna gruns um misnotkun á fyrirtækinu í aðdraganda gjaldþrotaskipta. Á meðal þess sem liggur undir er tilfærsla á innflutningi frá Sigurplasti í annað félag sem Sigurður L. Sævarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sigurplasts, stofnaði í fyrra. Efnahagsbrotadeild lögreglunnar hefur tekið skýrslu af starfsfólki Sigurplasts í tengslum við rannsóknina.

Þeir sem Fréttablaðið hefur rætt við segja Sigurð ekki hafa komið til starfa hjá Sigurplasti í allt að tvo mánuði fyrir gjaldþrotaskipti. Þegar skiptastjóri tók svo við rekstri Sigurplasts ásamt nýjum framkvæmdastjóra voru bókhaldsgögn horfin. Skiptastjóri leitaði til fyrri eigenda og fékk þau svör að þeir hefðu ekki talið þau örugg. Hann er nú kominn með þau í hendur.

„Ég ætla ekki að leggja mat á það hvort þetta var eðlilegt eða ekki," segir Grímur Sigurðsson, skiptastjóri Sigurplasts. Viðskiptasaga Sigurplasts í aðdraganda gjaldþrotaskipta er nú til rannsóknar.

jonab@frettabladid.is



**HÖFUÐSTÖÐVAR SIGURPLASTS** Fyrri eigendur Sigurplasts eru grunaðir um að hafa fjarlægt bókhaldsgögn og hlunnfarið hluthafa fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Hvað framleiðir Sigurplast?



Sigurplast var stofnað árið 1960 og fagnar því fimmtíu ára afmæli á árinu. Á meðal þekktari framleiðslu fyrirtækisins eru sinnepsflöskur úr plasti, kryddstautar og vatnsbrúsar sem notaðir eru í líkamsræktarstöðvum.

Fjármagn til St. Jósefsspítala:

## Niðurskurði mótmælt

**HEILBRIGÐISMÁL** **Áhugahópur um framtíð St. Jósefsspítala – Sólvangs í Hafnarfirði hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem niðurskurðartillögum heilbrigðisráðuneytisins um fjárveitingar til spítalans sem og annarra sjúkrastofnana á landsbyggðinni er harðlega mótmælt.**

**Í yfirlýsingunni segir að ekki hafi sýnt sig að flutningur verkefna frá smærri heilbrigðisstofnunum til Landspítala – Háskólasjúkrahúss skili sparnaði og jafnframt sýni nýleg könnun að aðgerðir sem framkvæmdar eru á svokölluðum „Kragasjúkrahúsum" séu mun ódýrari en þær sem gerðar eru á Landspítalanum.** - jma

Karzai í sjónvarpsviðtali:

## Viðræður við talibana í gangi

**AFGANISTAN, AP** Hamid Karzai, forseti Afganistans, hefur nú staðfest að stjórn landsins hafi um nokkurt skeið átt í óformlegum viðræðum við fulltrúa talibanahreyfingarinnar í þeirri von að semja megi um frið.

„Við höfum verið að ræða við talibana eins og Afganar við Afgana," sagði Karzai í viðtalsþætti bandaríska sjónvarpsmannsins Larry King. „Ekki þannig að regluleg opinber samskipti hafi átt sér stað við talibana með þekktu heimilisfangi, heldur frekar þannig að óopinber persónuleg samskipti hafi átt sér stað um nokkuð langt skeið." - gb


**HAMID KARZAI**

### KJÖRKASSINN



*Eiga íslensk stjórnvöld að skora á Kínverja að láta friðarverðlaunahafann Liu Xiaobo lausan úr haldi?*

| | |
|---|---|
| Já | 65,2% |
| Nei | 34,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Horfðir þú á úrslitaleik Íslands og Skotlands fyrir Evrópukeppni landsliða U-21?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir


**Í ÚTGÁFUHÓFI Á MIÐVIKUDAG** Alexander G. Eðvardsson, sviðsstjóri hjá KPMG, og Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands. MYND/KPMG

Ný handbók komin út:

## Á að hjálpa til við að bæta stjórnarhætti

**VIÐSKIPTI** Út er komin bókin Handbók stjórnarmanna. KPMG á Íslandi gefur bókina út í samstarfi við Landssamtök lífeyrissjóða, Samtök atvinnulífsins, Samtök fjármálafyrirtækja og Viðskiptaráð Íslands.

„Með samantekt og útgáfu handbókar af þessu tagi er á einum stað yfirlit yfir hlutverk, ábyrgð og skyldur stjórnarmanna. Slík handbók mun nýtast stjórnarmönnum félaga í störfum sínum, veita þeim aukið öryggi og leiða til betri stjórnarhátta í íslensku atvinnulífi," segir í tilkynningu. Handbókin tekur mið af leiðbeiningum sem Viðskiptaráð Íslands, Kauphöllin og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2009. - óká

### UMHVERFISMÁL

**Losuðu seyru í næturstað**

Mikill gróður á þremur stöðum þar sem hreinsibílar frá Holræsa- og stífluþjónustu Suðurlands stóðu næturlangt eða í nokkra daga er talinn benda til losunar á áburðarmiklum efnum eins og grá- eða siturvatni. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands segir fyrirtækið hafa gefið skýringar á málinu og að unnið hafi verið að umbótum.


# Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

*Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift*




10,3%
ÁRLEG NAFNÁVÖXTUN*
100% RÍKISTRYGGING

*Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is*

ÍSLENSK VERÐBRÉF
Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@iv.is

*Árleg nafnávöxtun frá 15.01.2001 til 31.09.2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

# HINN EINI SANNI
## *sláturmarkaður!*



# SLÁTUR MARKAÐUR

*ferskt daglega!*

í Hagkaup Skeifunni
til og með 27. október.

Afgreitt frá kl. 14 - 18*

* Alla daga nema mánudaga og sunnudaga meðan birgðir endast

**ÓDÝRT OG GOTT!**
Keppurinn á ca. 85 kr.

# ÓDÝRT Í HAGKAUP SKEIFUNNI

## Nautakjöt og grísakjöt í magnpakkningum

ÍSLANDS NAUT




ÍSLANDS GRÍS




### ½ Ungnautaskrokkur
Ca. 60-80 kg kjöt
Lund
File
Innralæri (roast beef)
Ribeye
Stroganoff ca. 4 kg
Snitsel ca. 6 kg
Gúllas ca. 6 kg
Hamborgarar 100x100 gr stk
Hakk ca. 28 kg

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI*

**1498**kr/kg

Aðeins í Skeifunni

*Lánið ber 3% lántökugjald.

### Nautakassi 1
Hakk ca. 4 kg
Hamborgarar
20x100 gr stk
Gúllas ca. 2 kg
Snitsel ca. 2 kg

**1449**kr/kg

Aðeins í Skeifunni

### Nautakassi 2
Hakk ca. 3 kg
Hamborgarar
20x100 gr stk
Innralæri (roast beef)
ca. 2,5-3 kg kg
File ca. 2 kg

**1749**kr/kg

Aðeins í Skeifunni

### ½ Grísakjöt
Rifjasteikur 2 stk. 2,5-3 kg
Hnakkasneiðar ca. 1,5-2 kg
Kótelettur 4-5 kg
Bayonne skinka 1,5-2 kg
Bógur 2,5-3 kg
Hakk 4-5 kg
Steikur í neti úr læri
2 stk. x 3,5-4 kg

**949**kr/kg

Aðeins í Skeifunni

24 Hagkaup **OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

FOCAL SOFTWARE & CONSULTING

Skólinn býður upp á námskeið í gæða-, skjala-, verkefna- og mannauðsstjórnun. Námskeiðin eru stutt og hnitmiðuð, auka skilvirkni í stjórnun og byggja á þverfaglegri aðferðafræði.

Stundaskrá

14.10 kl. 13:00 - 16:00 Starfsþróunarsamtöl
20.10 kl. 13:00 - 16:00 Hæfnistjórnun og stjórnun með hugbúnaði
28.10 kl. 13:00 - 17:00 Verkefnastjórnun skv. ISO 9001 og PRINCE2
03.11 kl. 13:00 - 16:00 Gerð og skipulag handbóka
11.11 kl. 13:00 - 17:00 Gerð verklagsreglna I
16.11 kl. 13:00 - 17:00 Skjalastjórnun skv. ISO 15489

www.focal.is/skraning



GÆÐASTJÓRNUNARSKÓLINN

Endursöluaðilar um land allt osram.is

GOÐSAGNIR UM SPARPERUR

„... ætti alltaf að hafa kveiktar fremur en að mikið sé kveikt og slökkt á þeim“

Það hversu oft er kveikt og slökkt á OSRAM sparperum innan heimila skapar engin vandamál og mun ekki stytta endingartíma þeirra. Að kveikja og slökkva stöðugt á þeim klukkustundum saman kann að stytta endingu þeirra.

SKIPTU NÚNA!

SJÁÐU HEIMINN Í NÝJU LJÓSI OSRAM

Jóhann Ólafsson & Co

VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á!




9.900 m/vsk

Fullt verð 21.900

IBTGCAI2802

½" TOPPLYKLASETT, 28 STK.

Sterk plasttaska | Stærðir 8 - 32 mm

PIPAR\TBWA • SÍA • 102248

www.sindri.is / sími 575 0000 SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

512 50 50 Auglýsingasíminn Allt sem þú þarft...

Kárahnjúkavirkjun framleiðir þremur til fjórum prósentum meira rafmagn en áætlað var:

# Sæstrengur fyrir umframorku

**LANDSVIRKJUN** Raforkuframleiðsla Kárahnjúkavirkjunar hefur að meðaltali verið á bilinu þrjú til fjögur prósent umfram áætlanir á ári frá því að virkjunin var tekin í notkun.

Ragna Sara Jónsdóttir, yfirmaður samskiptasviðs Landsvirkjunar, segir að virkjunin geti framleitt nokkru meiri orku en gert var ráð fyrir í upphafi. Vinnsluaukningin fari að einhverju leyti út í almenna raforkukerfið auk þess sem samið hafi verið um aukna sölu til Fjarðaáls. Að mati sérfræðinga fyrirtækisins eru þetta um það bil 30 MW.



**KÁRAHNJÚKAR** Skila þremur til fjórum prósentum meiri raforku en áætlað var. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gróft útreiknað nemur tekjuaukinn af þessari auknu vinnslu nokkrum milljónum bandaríkjadala á ári.

„Yfir sumarið er mestur möguleiki á að vinna meira rafmagn í Fljótsdalsstöð. Eitt af því sem Landsvirkjun er að skoða er hvernig mögulegt sé að fjölga þeim viðskiptavinum sem byggja á og gætu nýtt sér aukaorku sem er í kerfinu hjá okkur á ólíkum tímum,“ segir hún.

Liður í því er könnun á hagkvæmni þess að leggja sæstreng til meginlandsins. „Það er ekki hugmyndin að selja orku í stórum stíl úr landi heldur orku sem ekki er hægt að nýta af því af því að hún er ótrygg,“ segir Ragna Sara. „Þetta er stór fjárfesting og það verður ekki farið í hana nema hún sé arðbær.“ -pg

# Ríkisendurskoðandi hafnar bullbrigslum

**Sveinn Arason ríkisendurskoðandi vill halda því til haga að þrátt fyrir að formlega hafi það veri Alþingi sem samþykkti sparnaðarkröfu til Sjúkratrygginga Íslands hafi heilbrigðisráðuneytið gert tillöguna og beri ábyrgð á framkvæmd hennar.**

**RÍKISFJÁRMÁL** Sveinn Arason ríkisendurskoðandi gerir athugasemdir við ummæli Álfheiðar Ingadóttur, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, í Fréttablaðinu á laugardag. Þar lýsti Álfheiður ummælum Ríkisendurskoðunar í skýrslu um framkvæmd fjárlaga yfirstandi árs sem „bulli“.

Í skýrslunni segir Ríkisendurskoðun að óraunæf krafa um sparnað hafi verið sett á Sjúkratryggingar Íslands. Meðal annars hafi skort samvinnu sérfræðilækna um verulega lækkun gjaldskrár og leiðsögn heilbrigðisráðuneytisins til að tryggja að tilætlaður sparnaður næðist. Álfheiður benti á að það hafi verið Alþingi sem tók ákvörðun um sparnaðinn en ekki heilbrigðisráðuneytið.



**SVEINN ARASON**

„Þótt Alþingi fari formlega með fjárstjórnarvald ríkisins hafa ríkisstjórn og ráðherrar frumkvæði að gerð fjárlaga. Þeir bera ábyrgð á þeim tillögum sem lagðar eru fyrir þingið í formi fjárlagafrumvarps,“ segir Sveinn Arason.

Ríkisendurskoðandi bendir á að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010 hafi það verið heilbrigðisráðuneytið sem lagði til að fjárveiting vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðilækna yrði 4,3 milljarðar króna, eða 29 prósentum minna en á árinu 2009 þegar kostnaðurinn hafi orðið rúmir sex milljarðar. Þessa tillögu ráðuneytisins hafi Alþingi samþykkt. Nú stefni í að kostnaður ársins verði um 5,9 milljarðar króna eða 37 prósent umfram fjárlög.

„Það er rétt hjá fyrrverandi heilbrigðisráðherra að formlega var það Alþingi sem gerði sparnaðarkröfuna í fjárlögum ársins 2010. Engu að síður lagði heilbrigðisráðuneytið grunn að kröfunni og tillögu um hana í fjárlagafrumvarpinu. Þá ber það ábyrgð á framkvæmd kröfunnar eftir að þingið lagði blessun sína yfir hana,“ segir Sveinn og ítrekar það sem kemur fram í skýrslunni, að ráðuneytinu hafi verið fullljóst við fjárlagagerð haustið 2009 að sparnaðarkrafan næðist ekki fram nema sérfræðilæknar féllust á að lækka gjaldskrá sína mjög mikið. Því hafi verið óraunhæft að setja kröfuna fram, auk þess sem skort hafi skýra stefnumótun og leiðsögn af hálfu ráðuneytisins.



**VAKTASKIPTI Í HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTINU** Á sama tíma og lagt var fram fjárlagafrumvarp sem fól í sér mikinn niðurskurð á kostnaði sérfræðilækna tók Álfheiður Ingadóttir við af Ögmundi Jónassyni sem heilbrigðisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Þótt Alþingi fari formlega með fjárstjórnarvald ríkisins hafa ríkisstjórn og ráðherrar frumkvæði að gerð fjárlaga.
>
> SVEINN ARASON RÍKISENDURSKOÐANDI

„Í ljósi þessa er Alþingi í skýrslunni hvatt til að fara vandlega yfir forsendur niðurskurðartillagna í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 og kanna hvort þær séu raunhæfar. Ég vil nota tækifærið og árétta þessa hvatningu hér,“ segir Sveinn.

Ögmundur Jónasson, sem var heilbrigðisráðherra fram að þeim tíma að fjárlagafrumvarpið var lagt fram, segir frumvarpið ekki hafa verið frágengið fyrr en með samþykkt Alþingis í desember.

gar@frettabladidi.is

LYFJA – Lífið heil

www.lyfja.is

Imedeen vinnur gegn öldrun húðarinnar innan frá:
• Húðin verður mýkri, þéttari, sléttari og jafnari
• Verndar kollagen og elastín gegn niðurbroti

Imedeen Time Perfection
60 stk. Áður: ~~8.927 kr.~~ Nú: 7.588 kr.

Imedeen Prime Renewal
120 stk. Áður: ~~13.990 kr.~~ Nú: 11.892 kr.




*gildir til 22. okt.

Lægra verð í Lyfju

# ÍSLENSK HEILSURÚM
# MEÐ 30% AFSLÆTTI

## Sérsmíðum heilsudýnur eftir þörfum hvers og eins

Rúmið sem ég fékk hjá Rúmgott er besta rúm sem ég hef átt. Ég hef alltaf átt erfitt með að finna rúm sem hentar mér, sérstaklega þar sem ég er mjög þungur og vöðvamikill. Ef ég hef verið í stífu rúmi til að halda bakinu beinu, hef ég orðið alveg blóðlaus og dofinn í höndunum, ef ég hef verið í mjúku rúmi til að hlífa öxlunum hef ég orðið stífur og ómögulegur í bakinu.

Í Rúmgott var tekið vel á móti mér, og ég tekinn í greiningu þar sem fundið var út hvernig ég sef, og í framhaldi sérsmíðað rúm að mínum þörfum. Rúmið sem ég fékk er til dæmis stíft undirbakið og mjúkt undir axlirnar þannig að þegar ég vakna á morgnana, líður mér vel í öxlunum, og er mjúkur og góður í bakinu.

Þetta hentar líka mjög vel þar sem ég og konan gátum aldrei verið sammála um hvernig rúm ætti að kaupa, þar sem við höfum augljóslega mismunandi svefnvenjur og þyngdardreifingu. Núna erum við bæði hæst ánægð, með dýnur sem henta hvoru okkar um sig fullkomlega.

*Sigfús Fossdal*



Heimsmeistari í kraftlyftingum í +140 kg. flokki og á stigum hjá WPF 2008
Heimsmeistari í bekkpressu í +140 kg. flokki og á stigum hjá WPF 2009
Margfaldur íslandsmeistari í kraftlyftingum auk fjölda annarra afreka.

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!



### 50% afsláttur af heilsukoddum
### Verð frá 3.500 kr

**VERÐDÆMI Á RÚMUM:**
90 x 200 cm - Verð frá kr. 58.000,-
160 x 200 cm (2 dýnur) - Verð frá kr. 139.226,-
Innifalið: Gallonklæddur botn, rúmfætur að eigin vali og dýna.

Stakar dýnur: 80 x 200 cm - Verð frá kr. 39.473,-

### ÖLL ARINELDSTÆÐI Á 50% AFSLÆTTI

**EITT BESTA VERÐ LANDSINS Á GEL / ETHANOL ARINELDSTÆÐUM.**



**Ethanol uppkveikilögur 2L. Kr. 1.600,-**

## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**Rúmgott er eini framleiðandi landsins í svæðaskiptum heilsudýnum**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is**

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM



**MUNDAR MYNDAVÉL** Einn af biskupum kaþólsku kirkjunnar tók upp myndavélina eftir að páfi hafði lokið messu í Péturskirkjunni í Róm á sunnudaginn. NORDICPHOTOS/AFP

## Niðurskurði mótmælt

Alþýðusamband Norðurlands gerir kröfu til þingmanna Norðurlands að þeir beiti sér af alefli fyrir endurskoðun á fjárheimildum til heilbrigðisstofnana á Norðurlandi.

Ljóst sé að nái niðurskurður fram að ganga muni það leiða til fólksfækkunar á svæðunum.

# Lögregluþjónn fer í fangelsi

**Réttarhöldum yfir tveimur grískum lögregluþjónum lauk í gær. Annar fer í ævilangt fangelsi fyrir að hafa myrt unglingspilt en hinn fær tíu ára fangelsi. Lát piltsins hratt af stað hálfs mánaðar óeirðum árið 2008.**

**GRIKKLAND, AP** Grískur lögregluþjónn var í gær sakfelldur fyrir að hafa myrt fimmtán ára ungling með skotvopni í miðborg Aþenu síðla árs 2008. Hann var dæmdur í ævilangt fangelsi.

Meirihluti dómstólsins komst að því að lögregluþjónninn, Epaminondas Korkenas, hefði vísvitandi skotið á piltinn, sem hét Alexander Grigoropoulos. Annar lögregluþjónn var dæmdur samsekur í málinu og hlaut tíu ára fangelsisdóm.

Lát piltsins varð til þess að heiftúðugar óeirðir brutust út víða um Grikkland og stóðu þær linnulítið í tvær vikur. Ungmenni fóru í hópum um borgir landsins nánast á hverju kvöldi, kveiktu í bifreiðum og húsum, brutu gluggarúður, brutust inn í verslanir og lentu í átökum við lögreglu. Hópar anarkista höfðu einnig árásir á lögreglustöðvar og opinberar byggingar.

Í desember á síðasta ári, þegar rétt ár var liðið frá láti piltsins, brutust aftur út óeirðir, en þær urðu ekki jafn viðamiklar.

Korkenas viðurkenndi að hafa hleypt af byssunni, en sagði það einungis hafa verið gert til viðvörunar eftir að lögreglumönnum lenti saman við hóp unglinga. Þetta gerðist í hverfinu Exarchia, þar sem næturlíf er fjörugt og hópar stjórnleysingja safnast saman.

Korkenas hefur hins vegar jafnan haldið því fram að hann hafi ekki skotið beint á Grigoropolous, heldur hafi pilturinn orðið fyrir byssukúlunni eftir að hún endurkastaðist af vegg eða götu.

Sjö manna dómstóll, skipaður þremur dómurum og fjórum kviðdómendum, klofnaði í afstöðu sinni. Fjórir af sjö stóðu að úrskurðinum, en tveir dómaranna og einn kviðdómendanna vildu sakfella Korkenas fyrir veigaminna brot, nefnilega manndráp frekar en morð, sem hefði jafnframt haft í för með sér vægari refsingu.

Réttarhöldin voru haldin í borginni Amfissa, sem er 200 kílómetra vestur af Aþenu. Þetta var gert af öryggisástæðum, því óttast var að réttarhöldin yrðu kveikja frekari óeirða.

gudsteinn@frettabladid.is




**MINNINGARSKJÖLDUR UM GRIGOROPOULOS** Á veggnum í miðborg Aþenu þar sem Grigoropoulos lét lífið fyrir tæpum tveimur árum hefur verið settur upp minningarskjöldur. NORDICPHOTOS/AFP



**LÖGREGLUÞJÓNARNIR** Vasilis Saraliotis og Epaminondas Korkenas í réttarsal. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnlagaþing:

## Á annan tug tilkynnt framboð

Framboðsfrestur fyrir kosningar til stjórnlagaþings rennur út á mánudag. Áhugsamir skulu skila framboðsgögnum í hendur landskjörstjórnar fyrir hádegi þann 18. október, en 30 til 50 meðmælendur þurfa að fylgja hverju framboði. Framboðsgögn og frekari upplýsingar má finna á vefnum stjornlagathing.is

Kosningar til stjórnlagaþings fara fram 27. nóvember, eftir að framboðsfrestur. Kjörstjórn mun í framhaldinu gefa út kynningarefni með öllum frambjóðendum og dreifa á öll heimili.

Þingið kemur saman í febrúar 2011 og verður skipað minnst 25 og mest 31 þjóðkjörnum fulltrúa þar sem hver kjósandi getur merkt við allt að 25 nöfn á kjörseðli.

Á annan tug hefur tilkynnt framboð. Þórhallur Vilhjálmsson, ritari landskjörstjórnar, sagði í samtali við Fréttablaðið að framboðum hefði fjölgað merkjanlega á síðustu dögum og að hann ætti von á að enn færi að glæðast í þeim efnum.

**Framboð til Stjórnlagaþings:**

**Jóhannes Þór Skúlason** grunnskólakennari.



Friðrik Þór Guðmundsson, blaðamaður og stjórnmálafræðingur.



**Gissur Pétursson,** forstjóri Vinnumálastofnunar.

**Pawel Bartozsek** stærðfræðingur.



Valgarður Guðjónsson, tónlistarmaður og tölvunarfræðingur.



**Jónas Kristjánsson,** fyrrverandi ritstjóri.

Er sjóðsvélin úreld?
Byrjaðu með MerkurPOS kassakerfið á PC tölvu!
MerkurPOS kassakerfið borgar sig sjálft!
Verð frá kr. 149.500,-
Greiðsludreifing til 24 mánaða er aðeins kr. 7.500,- á mánuði
600 MerkurPOS kassakerfi eru í notkun hér á landi
Þetta er innifalið
> MerkurPOS kassakerfi
- Birgðakerfi
- Viðskiptamannabókhald
> Uppsetning á MerkurPOS
> Kennsla á MerkurPOS
✓ Þetta fylgir frítt með
Þeir sem kaupa MerkurPOS kassakerfi fyrir 31. október fá viðbótarkerfi frítt með
fyrir kr. 35.000,-
MERKUR POINT
Suðurlandsbraut 14 - Reykjavík
568 2700 info@merkurpoint.is
www.merkurpoint.is



## ZANUSSI

ZWG-5145
1400 snúninga þvottavél með stillanlegum vinduhraða
- Hraðval
- Ullarkerfi og handþvottakerfi
- Straulétt kerfi
- Stór 30 cm hurð
- Tekur allt að 6 kg
- Framstillt ræsing 3, 6 eða 9 klst
- Áfangaþeytivinda - minni slit á vél og þvotti
- AquaLift þvottatækni
- A+/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu
- Verð áður kr **114.900**

6 KG

1400 SN



ÞÚ SPARAR 35.000

Verð nú 79.900

## AEG

LN-69260
Vönduð þvottavél með notendavænu stjórnborði og stóru hurðaropi
- **1200 sn.** stillanlegur vinduhraði
- Tekur allt að **6 kg.** af taui
- **Hraðval**
- Hægt að stilla gangsetningu allt að 20 klst. fram í tímann
- **Stórt 30 cm hurðarop**
- Öflugt handþottakerfi
- Sérstök **blettameðhöndlun**
- Ullarvagga
- A+/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
- Verð áður kr **124.900**

6 KG

1200 SN



ÞÚ SPARAR 25.000

Verð nú 99.900

# 50%

## AFSLÁTTUR AF PÖNNUM!

## 12 GERÐIR - NOKKUR VERÐDÆMI



Pönnukökupanna 24 cm
Áður 3.990
Verð nú 1.990

Steikarpanna 20 cm
Áður 2.990
Verð nú 1.495

WOK Panna 30 cm
Áður 8.990
Verð nú 4.495

Grillpanna með riffluðum fleti 28x28 cm. Áður 6.990
Verð nú 3.495

# 10-35%

## AFSLÁTTUR AF FRYSTITÆKJUM



ÞÚ SPARAR 25.000

Verð nú 59.900

### exquisit

GS-240WTA
- 165 lítra frystiskápur (nettó)
- Orkuflokkur A
- 6 skúffur
- HxBxD 144x54x58 cm
- Verð áður kr **84.900**



35%

ÞÚ SPARAR 20.000

Verð nú 38.900

### exquisit

GS-11A
- 80 lítra frystiskápur (nettó)
- Orkuflokkur A
- 4 skúffur
- HxBxD 84x55x56 cm
- Verð áður kr **59.900**

VERÐIÐ TEKUR NÝJA DÝFU!

# HLAUPTU KAUPTU





Þykkar eða þunnar, belgískar eða klassískar vöfflur. Allar gerðir vöfflujárna með 25% afslætti núna!

# 25%

## AFSLÁTTUR AF VÖFFLUJÁRNUM

### exquisit

GSP-909EAL
45 cm breið uppþvottavél með 5 þvottakerfum og val milli 4 hitastiga
- Hljóðlát, aðeins 49 desibil
- Þurrkun með hita
- HxBxD: 85x45x58 cm
- Verð áður kr **84.900**

45 cm

49 dB



ÞÚ SPARAR 15.000

Verð nú 69.900

### exquisit

KGC-300/70
- Kælir 205 lítrar og frystir 68 lítrar
- Orkuflokkur A+
- Sjálfvirk affrysting í kæli
- HxBxD: 177x55x58,6 cm
- Verð áður kr **99.900**



1,77 m

ÞÚ SPARAR 20.000

Verð nú 79.900

### exquisit

KGC-270/45
- Kælir 171 lítrar og frystir 41 lítrar
- Orkuflokkur A
- Sjálfvirk affrysting í kæli
- HxBxD: 143x544x58 cm
- Verð áður kr **74.900**



1,43 m

ÞÚ SPARAR 15.000

Verð nú 59.900

## Electrolux

ESF-67070WR / ESF-67070X
Toppgerðin frá Electrolux með **einstakri hljóðeinangrun, aðeins 43 desibil og lúxus innréttingu**
- **6 þvottakerfi** þ.á.m. hraðkerfi og pottakerfi og glasakerfi
- 5 hitastig 45-70°C
- Aqua Sensor óhreinleikaskynjari
- Innrétting breytanleg
- XXL Real Life innrétting og tækni
- Mjög öflug vatnslekavörn
- Án topplötu
- Verð áður kr **159.900/169.900**



HVÍT
ÞÚ SPARAR 35.000
Verð nú 124.900

STÁL
ÞÚ SPARAR 35.000
Verð nú 134.900

3xA

43 dB

## Rafha ehf

Opið
virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**



**STYTTA AF GÓRILLU** Starfsmenn Óperugallerísins við Bond Street í London bisa við að koma styttu af górillu eftir listamanninn David Mach inn í húsið. NORDICPHOTOS/AFP

Félag Guðbjargar Matthíasdóttur sektað um tólf milljónir vegna kaupa á Lýsi:

# Ívar beið ekki eftir grænu ljósi

**SAMKEPPNI** Samkeppniseftirlitið hefur sektað einkahlutafélagið Ívar um tólf milljónir króna vegna samruna félagsins við Lýsi fyrir tveimur árum. Í úrskurði eftirlitsins segir að félagið hafi brotið gegn banni samkeppnislaga þar sem samruninn kom til framkvæmda áður en Samkeppniseftirlitið heimilaði hann.

Ívar er í eigu útgerðarkonunnar Guðbjargar Matthíasdóttur, helsta eiganda Ísfélags Vestmannaeyja.

Félag Guðbjargar keypti Lýsi á 235 milljónir króna af Katrínu Pétursdóttur, framkvæmdastjóra Lýsis, og Gunnlaugi Sævari Gunnlaugssyni, sem jafnframt er stjórnarformaður Ísfélagsins.

Í úrskurði Samkeppniseftirlitsins segir að forsvarsmenn fyrirtækjanna ekki hafa leitað heimilda fyrir samrunanum áður en hann gekk í gegn líkt og kveðið er á um. Sátt var gerð í málinu eftir að forsvarsmenn Ívars játuðu á sig sök í málinu. - jab



GUÐBJÖRG MATTHÍASDÓTTIR

## Eigendur Lýsis

Þau Katrín Pétursdóttir og Gunnlaugur Sævar, sem áttu 83 prósenta hlut í Lýsi, komu illa út úr bankahruninu. Eina eign þeirra í einkahlutafélaginu Hnotskurn var stór hlutur í FL Group, sem varð verðlaus í bankahruninu. Félagið tapaði tæpum tveimur milljörðum króna árið 2008. Á sama tíma skuldaði félagið tæpa 2,4 milljarða króna, þar af voru rétt rúmir tveir milljarðar á gjalddaga í fyrra.



**BROSIR ÚT AÐ EYRUM** Christopher Pissarides ánægður með tíðindin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nóbelsverðlaun í hagfræði:

# Útskýra innviði atvinnuleysis

**SVÍÞJÓÐ, AP** Tveir bandarískir hagfræðingar, Peter Diamond og Dale Mortensen, deila Nóbelsverðlaunum í hagfræði þetta árið með Christopher Pissarides, sem er breskur og kýpverskur.

Þeir fá verðlaunin fyrir að hafa þróað hagfræðikenningar sem útskýra hvernig efnahagsstefna stjórnvalda getur haft áhrif á atvinnuleysi. Meðal annars útskýra kenningar þeirra hvernig á því stendur, að þótt nýjum störfum fjölgi mjög geta margir samt áfram verið atvinnulausir.

Nóbelsverðlaunin verða að venju afhent í Stokkhólmi 10. desember. - gb

# Grunnur lagður að sameiningu fjögurra ríkisháskóla

**Með stofnun samstarfsnets fjögurra ríkisháskóla er lagður grunnur að sameiningu þeirra. 300 milljónir króna fara í samstarfið á tveimur árum. Framlög til ríkisháskólanna lækka minna en til annarra háskóla.**

**STJÓRNMÁL** Svo getur farið að innan nokkurra ára verði fjórir ríkisháskólar sameinaðir í einn. Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur sett á fót samstarfsnet skólanna, „með hugsanlega sameiningu í huga“, eins og segir í greinargerð fjárlagafrumvarps næsta árs.

Skólarnir sem um ræðir eru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum.

Til viðbótar þessum eru starfræktir þrír háskólar í landinu. Eignar- og rekstrarform þeirra er með öðrum hætti en ríkisskólanna en samt sem áður njóta þeir talsverðra framlaga úr ríkissjóði.

Háskólanetinu er ætlað að bjóða upp á fjölbreytt háskólanám á öllum helstu fræðasviðum. Skipulag náms og rannsókna á að miðast við að háskólarnir vinni náið saman og njóti krafta allra núverandi skóla sem starfi áfram undir eigin nafni. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi aukin tækifæri til samsetningar náms með því að sækja námskeið í fleiri en einum skóla. Nota á fjarkennslu í auknum mæli til að bjóða upp á fjölbreytt nám víða á landinu með samstarfi við þekkingarsetur og símenntunarmiðstöðvar.

Verja á samtals 300 milljónum króna til starfsemi samstarfsnetsins á næsta og þar næsta ári, að því er fram kemur í fjárlagafrumvarpinu. Þar segir einnig að samdráttur í framlögum til opinberu háskólanna verði heldur minni en til þeirra háskóla sem eru reknir af öðrum og hafa einnig umtalsverðar tekjur af skólagjöldum.

Samhliða stofnun samstarfsnetsins á að breyta lögum um opinbera háskóla svo að þeir starfi allir samkvæmt sömu lögum. Þá á að skipuleggja stjórnsýslu og stoðþjónustu skólanna sem eina heild þótt starfsmenn verði staðsettir víða. Hluti af viðfangsefnum sameiginlegrar stjórnsýslu verður skipulag kennslu og rannsókna og verkaskipting skólanna.

bjorn@frettabladid.is

**SAMEINAÐIR HÁSKÓLAR** Með samstarfsnetinu er lagður grunnur að sameiningu Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Hólaskóla - Háskólans á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands.



## Framlög til háskólanna sjö

| Háskóli | Fjárlög ´10 | Fjárlög ´11 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Háskóli Íslands | 10.096,4 | 9.434,0 | -6,6% |
| Háskólinn á Akureyri | 1.376,5 | 1.287,0 | -6,5% |
| Landbúnaðarháskóli Íslands | 596,5 | 559,5 | -6,2% |
| Hólaskóli – Háskólinn á Hólum | 257,6 | 238,7 | -7,3% |
| Háskólinn á Bifröst | 332,9 | 306,4 | -8,0% |
| Háskólinn í Reykjavík | 2.089,0 | 1.918,0 | -8,2% |
| Listaháskóli Íslands | 641,8 | 616,6 | -3,9% |
| Samtals | 15.390,7 | 14.360,2 | -6,7% |


SETTU ÞITT KYNNINGAREFNI INN Í FRÉTTABLAÐIÐ



Notaðu mest lesna blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina. Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendi á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

93% landsmanna hafa aðgang að Fréttablaðinu.

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fjölpóstur með Fréttablaðinu skilar árangri!


Forsætisráðherra Palestínu þakkar Íslandi stuðning við þjóðina:

# Býður Össuri í heimsókn til Gaza

**GAZA** Sveinn Rúnar Hauksson læknir átti fund með Ismael Haniyeh, forsætisráðherra Palestínu, í gærdag. Sveinn segir fundinn hafa verið ánægjulegan og þeir hafi meðal annars rætt um samskipti Íslands, Palestínu og Ísraels.

Haniyeh lýsti yfir þakklæti sínu á fundinum til forsvarsmanna samtakanna Ísland-Palestína fyrir að koma til landsins og styðja við íbúa þess. Einnig þakkaði Hanieyh Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra sérstaklega fyrir stuðninginn við palestínsku þjóðina og bauð honum formlega til landsins í kjölfarið.

Sveinn Rúnar hefur dvalið á Gazaströndinni í tvær vikur þar sem hann heimsækir geðhjálparstofnanir, sjúkrahús, heilsugæslustofnanir og fleira.

Sveinn segir Hanieyh, sem er einn af formönnum Hamas-samtakanna, enn lýsa ástandi landsins sem mjög alvarlegu, með áframhaldandi hernaðarárásum, aftökum og pólitískri einangrun. Hann segir að þó að Ísrael og Ísland hafi löngum verið vinaþjóðir þýði það samt sem áður ekki að Ísland eigi ekki að gagnrýna störf Ísraels á nokkurn hátt.

„Sannur vinur er ekki sá sem gefur þér peninga og vopn til þess að drepa nágranna þína,“ segir Sveinn Rúnar í fréttatilkynningu. „Vinur er sá sem lætur þig vita þegar þú breytir rangt.“ - sv



**SVEINN RÚNAR FUNDAR Í PALESTÍNU** Sveinn Rúnar Hauksson, forsætisráðherra Palestínu, ráðherra, borgarstjórinn í Gaza og varaborgarstjóri.

Bresk kona féll hugsanlega fyrir hendi bandaríska hermanna í Afganistan:

# Grunur um mistök hermanna

**BRETLAND, AP** Rannsókn verður gerð á því hvort bandarískir hermenn hafi valdið dauða breskrar konu, Lindu Norgrove, þegar þeir hugðust bjarga henni frá mannræningjum í Afganistan í síðustu viku.

Norgrove vann hjá hjálparsamtökum í Afganistan. Hún hafði, ásamt þremur félögum sínum, verið í haldi uppreisnarmanna í hálfan mánuð þegar bandarísk hersveit hugðist frelsa þá.

Bandaríkjaher hafði fullyrt að hún hefði látið lífið vegna þessa að mannræningjarnir hefðu sprengt sprengju þegar reynt hefði verið að frelsa hana. Nú er hins vegar talið hugsanlegt að handsprengja frá bandarískum hermanni hafi orðið henni að bana. - gb

# -5kr.

## DÆLULYKILL

# Atlantsolíudagur

Í dag veitir dælulykill Atlantsolíu **5 króna afslátt** fram til miðnættis. Lykillinn er ókeypis. Aukaafsláttur dagsins bætist ekki ofan á önnur afsláttarkjör.



**Fáðu þér dælulykil á www.atlantsolia.is**

ATLANTSOLIA

Atlantsolía - Lónsbraut 2, 220 Hafnarfirði - Sími 591 3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

ÍSLENSKA SIA.IS AOL 49320 02/10

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fyrirkomulag stjórnlagaþingsins hefur bæði kosti og galla.

# Hvernig fáum við hæfasta fólkið?

Nú er tæp vika þar til framboðsfrestur til boðaðs stjórnlagaþings rennur út. Ýmsir mætir einstaklingar hafa greint opinberlega frá framboði sínu en ennþá vantar heilmikið upp á þann fjölda sem á að sitja á þinginu. Sjálfsagt munu margir gera upp hug sinn um framboð á síðustu dögunum áður en frestur rennur út.

Mikilvægt er að kjósendur hafi úr nógu mörgum frambjóðendum að velja með þekkingu, reynslu og yfirsýn til að ráðast í gagngera endurskoðun á stjórnarskránni. Með því að efna til þjóðfundar áður en til stjórnlagaþingsins sjálfs kemur er tryggt að raddir og sjónarmið almennings nái eyrum stjórnlagaþings. Hins vegar er ekki ennþá tryggt að við fáum hæfasta fólkið til setu á því.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Fyrirkomulag stjórnlagaþingsins getur haft bæði kosti og galla í för með sér. Því er aðeins ætlað að starfa í tvo til fjóra mánuði. Þótt greitt verði þingfararkaup, sömu laun og alþingismenn fá, fyrir setu á þinginu þennan tíma, er það enginn stjórnmálaferill að sitja á stjórnlagaþingi. Þeir sem bjóða sig fram eru í raun fremur að taka ákvörðun um að taka sér frí frá vinnunni í fjóra mánuði en að ákveða að helga sig nýju starfi í fjögur ár, eins og frambjóðendur til Alþingis gera. Margir hafa áhyggjur af því að þetta þýði að hæfasta fólkið gefi ekki kost á sér og stjórnlagaþingið verði samkunda kverúlanta sem hafa ekkert annað að gera en þrasa og þjarka. Með fullri virðingu fyrir kverúlöntum, sem eru hverri þjóð nauðsynlegir, eru þetta skiljanlegar áhyggjur.

Á móti kemur að hugsanlega eru margir, sem ekki væru reiðubúnir að fórna fjórum árum af ævi sinni í argaþras stjórnmálanna, til dæmis af því að þar með lækkuðu þeir verulega í launum eða af því að þeir vilja forða sér og fjölskyldu sinni frá óvæginni umræðu og skítkasti um árabil, frekar tilbúnir að helga sig stjórnlagaþinginu í tvo til fjóra mánuði. Það getur vel verið að á þingið veljist fólk, sem margir hafa hvatt til að bjóða sig fram til þings en hefur aldrei látið undan þeim þrýstingi. Ýmis nöfn, sem þegar eru komin fram, benda til að þetta geti orðið raunin – en við þurfum fleiri slík.

Það skiptir máli fyrir góða niðurstöðu á stjórnlagaþingi að vinnuveitendur verði reiðubúnir að gefa fólki launalaust frí, sem hefur hug á að taka þar sæti. Hins vegar ættu frambjóðendur að forðast að leita eftir styrkjum til framboðsins. Sennilega voru það mistök hjá Alþingi að heimila frambjóðendum til stjórnlagaþingsins að verja allt að tveimur milljónum króna til kosningabaráttu. Tvær milljónir eru upphæð sem getur fælt hæft fólk frá framboði. Réttast er að frambjóðendur takmarki kynningu á sér sem mest við upplýsingar á einföldum vefsíðum og allir fái síðan sömu kynningu á vegum stjórnvalda, eins og lögin um stjórnlagaþing kveða á um.

Guðrún Pétursdóttir, formaður stjórnlaganefndar, hvatti til þess í Fréttablaðinu á laugardag að frambjóðendur freistuðust ekki til að kaupa auglýsingar í blöðum eða ljósvakamiðlum. „Stöndum sem jafnast að vígi svo sátt ríki um þá sem munu axla þessa miklu ábyrgð,“ sagði Guðrún. Það er óhætt að taka undir þá hvatningu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

ALLIR VINNA

Teppalagt tækifæri fyrir stigaganga.

NÝTIÐ YKKUR VIRÐISAUKASKATTINN!

Verð frá 5.980 kr. per m² ákomið.
Vönduð og slitsterk, þéttofin teppi sem auðvelt er að þrífa.

Bjóðum heildarlausnir, þegar endurnýja á gólfteppi í stigagöngum í fjölbýlis- og sambýlishúsum. Aðeins eitt símtal og málið er komið í gang.

Stepp

PARKET & GÓLF Ármúla 32 · 108 Reykjavík · Sími 533 5060 · Fax 533 5061 · www.stepp.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### VG nýtur ekki stuðnings VG

Ríkisstjórnin og þingflokkur VG njóta ekki stuðnings VG í Reykjavík. Í það minnsta ekki stjórnar VG í Reykjavík. „Þingmenn VG geta treyst á stuðning okkar þegar ráðist verður í raunverulegar aðgerðir til bjargar heimilunum og til varnar hagsmunum almennings gegn ágangi fjármálaauðvaldsins,“ segir í nýrri ályktun stjórnarinnar. Þessi orð eru mögnuð enda fátítt að öflug og fjölmenn flokksfélög lýsi því yfir að þau styðji ekki þinglið flokks síns. Nú er að sjá hvort þinglið VG ráðist í aðgerðir sem hugnast stjórn VG í Reykjavík.



### Með og á móti AGS

Í ályktuninni segir líka: „Stjórn VGR stendur með íslenskum almenningi í baráttunni við auðstéttirnar. Það er óásættanlegt að hér sé rekin stefna eftir forskrift AGS sem fórnar hagsmunum fjölskyldna og heimila fyrir uppgang fjármálafyrirtækja.“ Í þessum orðum kristallast sýn stjórnarinnar á þjóðfélagsástandið. Formaður VG er annarrar skoðunar. Hann telur samstarfsáætlunina með AGS nauðsynlega. Fátt bendir til að það dragi saman með þessum sjónarmiðum á næstunni.



### Skriðjökull á þing

Logi Már Einarsson, arkitekt á Akureyri, hefur tekið sæti sem varamaður Sigmundar Ernis Rúnarssonar á Alþingi. Logi var dansari í hinni fornfrægu æringjahljómsveit Skriðjöklum og er fyrsti Skriðjökullinn til að setjast á þing. Fróðlegt verður að sjá hvernig fara mun á með þeim Loga og flokksbróður hans Merði Árnasyni, en þeim síðarnefnda tókst nýverið að móðga íslenska arkitektastéttina illilega.

bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR




# Lausnir sem hafa legið fyrir

Skuldavandi



Gunnar Bragi Sveinsson
alþingismaður

Heimili og atvinnulíf, lausnir sem legið hafa fyrir.

Fyrir kosningar vorið 2009 lögðu framsóknarmenn áherslu á að leiðrétta bæri skuldir heimila og færðu rök fyrir því að sú aðgerð kæmi á endanum öllum til góða, bæði þeim sem skulduðu og þeim sem ekkert skulduðu. Þolinmæði fólks gagnvart stökkbreyttum skuldum heimila, atvinnuleysi og forystuleysi í stjórnmálum er nú á þrotum. Framsóknarmenn hafa lagt fram fjölmörg þingmál um leiðréttingu skulda heimila og fyrirtækja, afnám verðtrygginga í áföngum og fleira. Meðal þeirra eru:

- Þingsályktun um aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs lögð fram í mars 2009, þingsályktun um almenna skuldaleiðréttingu lögð fram í maí 2009
- Þingsályktun um endurreisn íslensku bankanna þar sem m.a. er gert ráð fyrir afnámi verðtryggingar, lögð fram í júlí 2009
- Þingsályktun um almenna skuldaleiðréttingu lögð fram í október 2009
- Þingsályktun um vexti og verðtryggingu (hámarkshækkun verðtryggingar fjárskuldbindinga) lögð fram í október 2009
- Þingsályktun um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum, lögð fram í október 2009
- Frumvarp um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála lagt fram í febrúar 2010 .
- Í júní 2010 er mælt fyrir þingsályktun um þjóðarsátt þar sem m.a. er lögð til skuldaleiðrétting.

Við þennan lista má svo bæta þingmálum sem þingmenn annarra flokka hafa lagt til en ekki náð fram að ganga. Af þessu má ráða að oft hafa stjórnvöld verið hvött til þess að grípa til almennra aðgerða en fram að þessu hefur ekki verið hlustað. Þingflokkur framsóknarmanna mun halda áfram að tala fyrir almennum aðgerðum þótt þvergirðingsháttur ríkisstjórnarinnar geri það að verkum að það kunni að vera of seint fyrir einhverja. Við munum nú sem fyrr taka þátt í þeim verkefnum er bæta hag heimila og fyrirtækja sama hvaðan tillögur í þeim efnum koma og mæla áfram fyrir tillögum í þeim anda sem hér hafa verið taldar upp. Eðlilegur rekstrargrundvöllur heimila og fyrirtækja er forsenda endurreisnar, fyrir því verður áfram barist.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

# Bókvit og verksvit

Í DAG
Jónína Michaelsdóttir
Blaðamaður



Einn af forfeðrum mínum var um tíma í vinnu hjá stöndugum bónda á Austurlandi, og var vel liðinn. Þótti góður starfskraftur, var handlaginn, hagmæltur og vinnusamur.

En þegar fór að draga saman með honum og dóttur bóndans var það ekki liðið. Bóndinn var þægilegur en blátt áfram og umbúðalaus: Pilturinn væri prýðilegur í alla staði, en það kæmi ekki til greina að þau yrðu hjón. Þó að hann væri duglegur væri hann allt of bókhneigður, og það kynni ekki góðri lukku að stýra. Menn yrðu að vera með allan hugann við búskapinn, ef vel ætti að vera.

Þó að sagan vitni um annað, og margir bændur hafi gegnum tíðina komist vel af þó að þeir hafi verið bæði ritfærir og bókhneigðir, var þetta sjónarmið gott og gilt á sínum tíma.

### Flinkir iðnaðarmenn

Þegar ég var að vaxa úr grasi var athafnafrelsi krakka á annan veg en nú er. Ég hafði til dæmis mikinn áhuga á því að príla í húsum sem voru í byggingu, ganga á stillönsunum og komast inn ef þess væri kostur. Finna lyktina af steypunni og timbrinu og reyna að sjá fyrir mér hvernig húsið yrði tilbúið. Var stundum með öðrum, en oftast ein. Þegar Dvalarheimili aldraðra sjómanna í Laugarásnum var í smíðum átti ég þar góðar stundir eitt sumarið, sem og í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg sem var í smíðum þegar ég var í vist í hverfinu, ellefu ára gömul. Naumast það að taka fram að þetta príl átti sér oftast stað eftir að smiðirnir voru farnir heim á kvöldin eða um helgar, en stundum var maður líka að þvælast í kringum iðnaðarmennina og spyrja um hitt og þetta. Og þegar ég lít um öxl finnst mér með ólíkindum hvað þessir menn voru umburðarlyndir við forvitna krakka. Einnig snillingarnir í vélsmiðju Seyðisfjarðar og karlarnir á bátunum, togaranum Ísólfi á Seyðisfirði og konan sem leyfði mér að koma með sér í fjósið meðan hún mjólkaði, hvenær sem ég vildi.

Það myndast oft skemmtilegt andrúmsloft þar sem iðnaðarmenn eru að vinna, og þeir geta skilað óaðfinnanlegu verki, þó að þeir séu að spjalla við félaga sína á meðan. Góðir iðnaðarmenn eru beinlínis listamenn.

### Nám og næmi

Í dag nýtur bóknám sömu virðingar og vinnusemi og verksvit gerði áður. Reyndar væri orðið líkast til framandi fyrir ungt fólk ef merkingin væri ekki augljós. Bæði á heimilum og vinnustöðum var oft sagt með furðu eða óþolinmæði við ungling sem fórst eitthvað óhönduglega eða gerði hlutina illa: Hvað er að sjá þetta? Hefurðu ekkert verksvit!"

Vitið og virðingin á nú heima í bóknáminu. Ekki er talað um verksvit, heldur að fólk sé verklagið. Þegar efnilegt æskufólk velur Iðnskólann er stundum spurt hvort því hafi ekki gengið nógu vel í námi, rétt eins og iðnnám sé eitthvert neyðarúrræði. Háskólamenntað fólk er hreint ekki allt á sömu snúru þótt það hafi fengið sömu menntun. Eitt er að kunna hlutina, annað að skilja þá – ekki síst í stærra samhengi. Við erum svo lánsöm í dag að hver og einn á möguleika á að læra það sem hugurinn stendur til, og við getum farið í nám hvenær sem er á ævinni. Við eigum líka kost á námi í virtustu háskólum í Evrópu og vestanhafs og margir Íslendingar hafa staðið sig framúrskarandi vel.

En hvernig væri umhorfs hér á landi ef við ættum ekki framúrskarandi faglega og jafnvel listræna iðnaðarmenn á öllum sviðum? Og hvernig nýttist okkur langskólamenntun og reynsla fjölmargra Íslendinga í viðurkenndum stofnunum víða um heim þegar kreppan var í fæðingu? Skorti þekkingu, skilning eða næmi?

Það væri gaman að vita.

> Þegar efnilegt æskufólk velur Iðnskólann, er stundum spurt hvort því hafi ekki gengið nógu vel í námi, rétt eins og iðnnám sé eitthvert neyðarúrræði.

# Eru mannréttindi ekki fyrir alla?

Menning
Ari Tryggvason
sagnfræðinemi



Í blaðinu á föstudag þann 1. október skrifar Rúna Hjaltested Guðmundsdóttir sagnfræðinemi grein sem titluð er: „Eru mannréttindi ekki fyrir Íslendinga?" Þar finnur hún m.a. að áherslum utanríkisráðherra, Össurar Skarphéðinssonar, út frá ræðu hans á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, þar sem hann gagnrýndi stjórn Ísraels fyrir að hindra flutning íslenskra gervifóta inn á Gasa. Greinarhöfundur kallar eftir því að barist sé fyrir mannréttindabrotum á Íslandi.

Það er óþolandi að horfa upp á getuleysi ráðamanna gagnvart eignamissi þúsunda Íslendinga. En þessi samanburður greinarhöfundar er í besta falli óviðeigandi og sæmir ekki sagnfræðingi sem vill láta taka sig alvarlega.

Össur Skarphéðinsson hefur hlutverk sem utanríkisráðherra í ríkisstjórn Íslands og er ég ekki sammála öllu sem hann gerir á þeim vettvangi. En gamli róttæklingurinn hefur haldið lífi í glæðum réttlætiskenndarinnar þegar hann fjallar um málefni Palestínu. Þar hefur hann staðið sig með eindæmum vel sem utanríkisráðherra. Það ber að virða en ekki nota í neikvæðum samanburði.

Góður sagnfræðingur þarf að geta lifað sig inn í mismunandi tíma og rúm. Besta leiðin til þess er að hugsa sér framandi aðstæður inn í sitt umhverfi. Í framhaldi af því er ég afskaplega þakklátur fyrir að búa ekki við þá undirokun sem íbúar Gaza gera. En mér er ekki sama, mér kemur það við. En það hindrar mig ekki í að fara niður á Austurvöll til að tjá óánægju mína gagnvart ríkisstjórn og þingi og samstöðu með þeim þúsundum Íslendinga sem eiga á hættu að missa eignir sínar.





Málþing með notendum Faxaflóahafna
Þriðjudaginn 12. október, kl. 16:00 í Sjóminjasafninu við Grandagarð

Fyrirtæki sækja í auknum mæli eftir því að staðsetja sig á svæðum hafnanna sem hefur leitt af sér fjölbreyttari rekstur sem sífellt kallar á endurskoðun um hlutverk og þjónustu fyrirtækisins.

Dagskrá fundarins á að snerta málefni sem flestra á svæðinu og er sem hér segir.:

Dagskrá:
- Ávarp Hjálmar Sveinsson, stjórnarformaður Faxaflóahafna sf.
- Gísli Gíslason, hafnarstjóri, fer yfir fjárhagsáætlun ársins 2011 og rekur helstu framkvæmdir og breytingar
- Guðmundur Óskarsson, forstöðumaður flutningastjórnunar Samskipa, talar um þróun í vöruflutningum til og frá Íslandi.
- Vignir Sigursveinsson, framkvæmdastjóri Eldingar Hvalaskoðun Reykjavík, segir frá starfsemi og starfsháttum í hafsækinni ferðaþjónustu
- Ágúst Ágústsson, markaðstjóri, skýrir frá þróun og framtíð í komum skemmtiferðaskipa
- Umræður og fyrirspurnir

Fundurinn er öllum opinn en þeir sem eru með starfsemi á hafnarsvæðum Faxaflóahafna eru sérstaklega hvattir til að mæta. Á fundinum gefst tækifæri til þess að koma með fyrirspurnir og ábendingar um allt það sem varðar hafnarrekstur, þjónustu og aðstöðu fyrir viðskiptavini.



Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borgarnes

# Allir verða að vanda sig

Stjórnmál

Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra



Ekki hefur farið framhjá neinum að ástandið í samfélaginu er erfitt. Atvinnuleysi er umtalsvert og margir eiga í fjárhagslegum og þar af leiðandi sárum persónulegum erfiðleikum. Nú vill svo til að ég þekki talsvert af fólki sem hefur misst vinnuna og sér ekki fyrir endann á því hvernig það á að geta staðið undir skuldbindingum sem það tók á sig í góðri trú um að geta staðið í skilum. Framtíðaráform, sér í lagi ungs barnafólks, hafa breyst og vonbrigðin eru mikil. Fátt er mikilvægara en að rétta hlut þessa fólks.

Ríkisstjórn vinstriflokkanna hefur lagt sig fram í þeim efnum en betur má ef duga skal.

Við aðstæður vonbrigða er jarðvegurinn opinn fyrir þá sem vilja ala á reiðinni. Stjórnmál dómhörku og heiftar virðast því miður blómstra hjá sumum stjórnmálamönnum Sjálfstæðisflokksins við aðstæður sem þessar. Ósannindin og sleggjudómarnir birtast meðal annars í síendurteknum fullyrðingum um að ég stoppi allt og sé á móti framförum! Ég ætla ekki að hafa hér eftir þau ummæli sem um mig hafa verið höfð á Alþingi og í fjölmiðlum. En hins vegar tel ég mér skylt að leiðrétta helstu rangfærslur sem á hafa gengið undanfarna daga og vikur. Hérna eru nokkrar staðreyndir:

### Helguvík

Óvissuþættir varðandi framkvæmdina í Helguvík eru fjölmargir og ber þar hæst orkuöflun og fjármögnun. Enn er ekki vitað hvaðan sú orka á að koma eða hvort hún sé yfir höfuð til. Þar stendur einnig á fjármagni til þess að byggja höfn fyrir álverið. Þar vantar fé til að virkja. Allar skipulagstillögur sem ég hef fengið til staðfestingar og lúta að þessari framkvæmd hafa verið afgreiddar í umhverfisráðuneytinu að einni undanskilinni. Þar er um að ræða breytingu á aðalskipulagi Ölfuss vegna fyrirhugaðrar Hverahlíðavirkjunar og Bitruvirkjunar þar sem ég hef lýst mig vanhæfa til að taka ákvörðun um þann þátt skipulagsins. Vandinn varðandi Helguvíkurverkefnið liggur í því að hugmyndin snýst um óraunhæft umfang, risaverksmiðju sem ekki er til orka fyrir. Ekki í einstökum skipulagsákvörðunum.

### Skipulag Ölfuss

Staðreyndir um afgreiðslu skipulags Ölfuss eru þessar: Þegar málið kom á borð til mín til afgreiðslu seinni hluta ágústmánaðar bað ég um að kannað yrði hæfi mitt til að taka ákvörðun í málinu. Fór málið strax í þann farveg sem gildir ef vafi leikur á hæfi ráðherra, þ.e. að rannsaka hæfið og, tilkynna forsætisráðherra ef ráðuneytið telur um vanhæfi að ræða. Forsætisráðherra tekur síðan málið upp í ríkisstjórn sem er að lokum staðfest af forseta Íslands. Mál koma almennt ekki á borð ráðherra fyrr en málið er tækt til afgreiðslu. Það er að segja þegar að öll gögn sem varða málið liggja fyrir og tryggt er að mál sé nægilega upplýst, aðilar hafi notið andmælaréttar og að málsmeðferð sé í samræmi við stjórnsýslulög.

### Áfrýjunin

Um aðalskipulag Flóahrepps og áfrýjun héraðsdóms er þetta að segja: Greiðslusamkomulag milli Landsvirkjunar og Flóahrepps hefur verið umdeilt og sætti m.a. kæru hjá samgönguráðuneytinu sem var í fyrstu vísað frá en í kjölfar athugasemda umboðsmanns Alþingis var kæran tekin fyrir aftur. Samgönguráðuneytið lýsti 6. gr. umrædds samkomulags ólögmæta vegna fyrirmæla 34. gr. skipulags- og byggingarlaga. Um lögmæti þessa samkomulags er deilt og því málið fyrir dómstólum. Þeir sem gagnrýna áfrýjun mína í þessu máli verða að gera sér grein fyrir því að það er ekki smekksatriði að það séu tvö dómstig á landinu, hver maður og hvert stjórnvald á rétt til áfrýjunar ekki bara til þess að freista þess að hrinda tapi eða ná sigri heldur til að ná fram skýrari niðurstöðu um hvernig túlka skuli umdeild lagaákvæði.

> Ég er að sjálfsögðu ekki að tefja nein mál eins og haldið er fram. Þvert á móti hefur verið unnið með faglegum hætti að því að fá fram lausnir eins hratt og kostur er, en það má aldrei verða á kostnað vandaðra vinnubragða.

### Aðalskipulag Mýrdalshrepps

Hinn 3. maí sl. mælti Skipulagsstofnun með að aðalskipulag Mýrdalshrepps yrði staðfest en þeim hluta skipulagsins er varðaði breytta veglínu Suðurlandsvegar yrði frestað m.a. vegna formgalla þar sem samgönguráðherra hafi ekki úrskurðað um lögmæti málsmeðferðar við gerð aðalskipulagsins. Málið var hjá samgönguráðuneytinu frá því 8. maí 2009 og lauk með úrskurði samgönguráðuneytisins hinn 25. júní 2010. Í úrskurði samgönguráðuneytisins var komist að þeirri niðurstöðu að einn sveitarstjórnarmanna hafi verið vanhæfur til að taka þátt í afgreiðslu sveitarstjórnarinnar er varðaði tillögu að nýrri veglínu þjóðvegar nr. 1 sem taka á upp í aðalskipulagi Mýrdalshrepps. Ákvörðunin væri því ógild. Hér er á ferðinni flókið mál sem taka þarf afstöðu til en reiknað er með að niðurstaða liggi fyrir í næstu viku.

### Vatnajökulsþjóðgarður

Hvað viðkemur verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs þá er um að ræða fyrstu verndaráætlunina í stærsta þjóðgarði Evrópu. Áætlunin hefur verið til vinnslu hjá stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs sem skilaði tillögum til mín hinn 8. september sl. Áætlunin er nú til umfjöllunar hjá ráðuneytinu þar sem fjallað er bæði um efnislega og formlega þætti áætlunarinnar. Engar ákvarðanir hafa verið teknar.

### Vinnubrögðin

Af því yfirliti sem birtist hér á undan sést að ég er að sjálfsögðu ekki að tefja nein mál eins og haldið er fram. Þvert á móti hefur verið unnið með faglegum hætti að því að fá fram lausnir eins hratt og kostur er, en það má aldrei verða á kostnað vandaðra vinnubragða. Rannsóknarskýrsla Alþingis skýrir vel afleiðingu óvandaðra vinnubragða og þess að regluverki stjórnsýslunnar er ýtt til hliðar. Það verða allir að vanda sig en við sem störfum í umboði kjósenda verðum að vanda okkur sérstaklega. Þeir sem hæst hafa og dýpst taka í árinni mega hugleiða það líka.

Frumherji

Öryggisbelti?

**Beltin bjarga.** Þetta er gullvægt slagorð eins og dæmin sanna. Við spennum beltið án umhugsunar í upphafi ökuferðar enda er farþegum best borgið spenntir í sæti sínu við óhapp. Þá verða öryggisbelti að virka rétt. Til viðbótar við öryggisbelti skoðar Frumherji 166 önnur öryggisatriði í almennri skoðun.
**Frumherji – örugg bifreiðaskoðun.**



Frumherji hf - sími 570 9000 - **Þjónustuver og tímapantanir 570 9090** - www.frumherji.is

ENNEMM / SÍA

# Hvað þarf að gerast?

Þjóðmál

Tryggvi Gíslason
fyrrverandi skólameistari



Hvað þarf að gerast til þess augu alþingismanna opnist og þeir taki höndum saman og leysi vanda þjóðarinnar? Þurfa 200 læknar að flytjast burtu af landinu? Þarf að bjóða upp 2.000 íbúðir á einum mánuði? Þurfa 100 þúsund manns að koma saman í miðborg Reykjavíkur til að augu alþingismanna opnist?

Hvers vegna er ekki lagður skattur á inngreiðslur í lífseyrissjóði, skattur sem færir ríkissjóði tugmilljarða á ári meðan þörfin er mest? Í stað þess eru fjárveitingar til skóla og sjúkrastofnana skornar niður og atvinnuleysi og vanlíðan aukin.

Hvers vegna eru vextir ekki lækkaðir til þess að koma atvinnulífinu af stað? Hvers vegna er ekki ráðist í að fullvinna heima allan fiskaflann? Hvers vegna er ekki þegar í stað ráðist í að nýta alla gufu úr jarðvarmaveitum til þess að efla grænmetis- og ávaxtarækt í landinu?

Síðast en ekki síst: Hvers vegna er ekki helmingur af hagnaði nýju bankanna við yfirtöku gömlu bankanna notaður til þess að bjarga ungu fólki frá fjárhagslegu og tilfinningalegu gjaldþroti? Það eru þúsund leiðir til bjargar ef augu alþingismanna opnast – og þeir þora!

# Karlar sem hata konur

Umræðan

Guðrún Helga Jónsdóttir
fyrrverandi bankastarfsmaður



Egill Helgason stýrir tveim þáttum í Ríkissjónvarpinu, báðum afbragðsgóðum.

Ég hef passað upp á að missa helst aldrei af Kiljunni.

28. september síðastliðinn lét ég mig ekki vanta við sjónvarpsskjáinn. Þátturinn olli mér ekki vonbrigðum frekar en fyrri daginn, þangað til kom að innleggi Braga Kristjónssonar.

Í upphafi spjalls þeirra bað Bragi Egil að lesa upp ljóð í sinn stað eftir einhvern mesta snilling sem Bragi hefði kynnst á sviði atómljóðlistar þar sem Bragi taldi Egill miklu betri lesara. Egill brást við göfugmannlega og las þetta „ljóð“ hátt og fallega. „Ljóðið“ var subbuleg níðvísa um Ingibjörgu Sólrúnu.

Nú spyr ég þig Egill: Ertu til í að birta níðvísur eftir mig í þætti þínum? Já, ég hef nefnilega verið að fást við nútíma skáldskap og aðallega níðvísur um pólitíska andstæðinga mína. Vísurnar mínar eru mjög mergjaðar. Allar um karla.

Ég reyndi að hringja í þig Egill en þú ert ekki í símaskránni. Hvers vegna?

Ég verð að játa að ef þessi þáttur þinn á að gefa elliærum kvenhöturum færi á að fá útrás fyrir hatur sitt á konum þá má taka hann út af dagskrá sjónvarpsins mér að meinalausu.

Ég hélt satt að segja að dómgreind þín á bókmenntum væri á hærra plani.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



**Litríkt umhverfi** virkar örvandi fyrir börn og vilja sumir meina að fjölbreytt litasamsetning í fatavali þeirra geti átt þátt í að örva sköpunargleðina. Það er því óþarfi að örvænta þótt ekki finnist alltaf samstæðir sokkar. Hressandi veggfóður gerir sömuleiðis gagn.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

**Estrid Þorvaldsdóttir kennari í kundalini-jóga ætlar að fara á jógahátíð í Frakklandi næsta sumar.**

# Í jóga úti um allan heim



Estrid hlakkar mikið til að fara á jógahátíðina í Frakklandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Estrid Þorvaldsdóttir, kennari í kundalini-jóga, hlakkar mikið til næsta sumars en þá ætlar hún að fara á jógahátíð sem haldin er á hverju ári rétt fyrir utan París. „Ég byrjaði í kundalini-kennaranámi 2008 og hef verið að kenna síðan. Mig er búið að langa til að fara á þessa hátíð síðan ég byrjaði í náminu og nú er loks komið að því,“ segir hún.

Estrid ætlar að taka sjö ára dóttur sína með sér sem hefur líka verið aðeins að prófa jóga. „Hátíðin stendur yfir í fjóra til fimm daga og það eru sérstakar jógabúðir fyrir börn svo mér finnst alveg tilvalið að taka hana með. Svo fara örugglega fleiri kennarar frá Íslandi, það fór hópur núna í sumar en þá tóku um tvö þúsund manns þátt í hátíðinni í allt.“

Estrid hefur áður farið í svona jógaferð en á síðasta ári fór hún til Mílanó í jógabúðir. „Svo er alltaf farið á vetrarsólstöðum í jógaferð til Nýju-Mexíkó og ég stefni á það líka þó að það verði ekki alveg strax,“ segir hún.

*emilia@frettabladid.is*

**Sundleikfimi:**
Okkar frábæra sundleikfimi er að hefjast á ný í sundlaug Hótel Loftleiða.
Kennt er á mánud. og miðvikud. kl. 20.00.
**Eldri borgarar á þriðjud. og fimmtud. kl.13.30.**
Vinsamlega skráið ykkur fyrir 15. október.
Námskeiðin standa í 8 vikur.
Kveðja,
starfsfólk sundlaugar
Hótel Loftleiða.
Sími: 444-4085 / 662-0485
DONG FANG SALON







512 50 50 Auglýsingasími
FRÉTTABLAÐIÐ Allt sem þú þarft...



Vefsíðan www.babycenter.com er stútfull af fróðleik fyrir foreldra, verðandi foreldra og fólk sem glímir við ófrjósemi. Þar er að finna meðgöngudagatal, upplýsingar um fósturþroska og þroska barna eftir aldri, reynslusögur, feðragátt, svör frá sérfræðingum, spjall og margt fleira.




Þroskandi og falleg leikföng fyrir flotta krakka.




www.krumma.is

Gylfaflöt 7,112 Reykjavík 587-8700
krumma@krumma.is www.krumma.is


# Persónulegar barnagjafir

**Netverslunin www. barnagaman.is selur persónulegar gjafir fyrir börn. Þar fást einstakar bækur, stígvél sem er hægt að mála eftir eigin höfði og ýmis konar nafnmerktar vörur.**

Barnagaman.is er netverslun með persónulegar gjafir fyrir börn. Þar er hægt að fá bækur þar sem eigandinn er aðalsöguhetjan, stígvél sem er hægt að myndskreyta og alls kyns nafnmerktar vörur.

Verslunin er í eigu hjónanna Silju Andradóttur og Sigurðar Freys Bjarnasonar. Þau eru búsett í Lundi í Svíþjóð og kynntust persónulegu barnabókunum þar. „Við vorum alltaf að leita að hinni fullkomnu gjöf fyrir börnin okkar og annarra og rákumst loks á þessar bækur. „Það sem börnunum okkar þótti skemmtilegast við þær var að þau fengu sjálf að vera aðalsöguhetjurnar í bókunum auk þess sem nöfn vina þeirra og heimabæjar koma víða fyrir. Við ákváðum að þýða bækurnar yfir á íslensku og opna netverslun. Við opnuðum sumarið 2008 og nú er svo komið að bækurnar eru orðnar níu,“ segir Silja




Silja er með meistaragráðu í læknavísindum en sneri sér að verslunarrekstri þegar hún var í fæðingarorlofi árið 2008. Eiginmaður hennar er við nám í Svíþjóð.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í bókunum er eigandi bókarinnar aðalsöguhetjan. Í upphafi kemur nafn hans, aldur, heimabær og nöfn þriggja vina fram. Barnið lendir svo í ýmsum ævintýrum og bjargar ýmist hafmeyjum af hafsbotni eða ljónum í frumskógi Afríku. Silja segir að bókin Bangsi er vinur minn sé afar vinsæl hjá aldurshópnum núll til fimm ára en að Stóri fótboltadagurinn njóti sérstakra vinsælda hjá strákum á aldrinum fimm til tíu ára. „Í þeirri bók fær barnið að spila fótbolta með uppáhalds fótboltaliðinu sínu og skora sigurmarkið. Við höfum fengið afar góð viðbrögð frá foreldrum og eru börnin oft yfir sig hissa á því að þau sjálf og vinirnir séu hetjur í heilli bók.“




Þau Silja og Sigurður eru sífellt að bæta við vöruflokkum og bjóða nafnmerkt handklæði, bakpoka, snuð og klukkur. Þá selja þau gúmmístígvél sem börnin geta myndskreytt upp á eigin spýtur.

Þeim fylgir málning, penslar og afþurrkunarklútar ef börnunum hugnast að breyta listaverkum sínum. Silja segir að upphaflega hafi vöruúrvalið aðallega miðast við börn yngri en tíu ára. „Nú höfum við hins vegar bætt við stórum merktum bakpokum, sem er hægt að nota sem skólatöskur, og handklæðum með stjörnumerkjum. Núna síðast bættum við nafnmerktum sundpokum við og hefur þeim verið afar vel tekið.“

Silja segir þau hjónin vera með annan fótinn á Íslandi en verslunin er bæði rekin í Svíþjóð og hér heima. „Þá erum við að stefna á að opna fyrir enska markaðinn innan tíðar.“

*vera@frettabladid.is*




Full búð af nýjum vörum.

Barnafataverslunin Róló Glæsibæ.
Sími 8948060 • www.rolo.is • Facebook

RÓLÓ


# Sniðug tæki og tól

**Mörg sniðug tæki eru til fyrir börn og foreldra.**

Bleiufata sem eyðir lykt, tæki sem vaktar andardrátt og hreyfingar ungbarna og aukasæti á kerrur eru meðal þess sem VL heildverslun flytur inn.

Bleiufatan er hönnuð til að eyða allri lykt. Sérstakur poki fylgir fötunni sem ætlað er að loka lyktina inni en pokinn sjálfur er lyktarlaus.

Angel Care-barnavaktinni fylgir plata sem sett er undir dýnu barnsins. Hún nemur minnstu hreyfingar og andardrátt barnsins hvort sem það er vakandi eða sofandi. Nemi tækið engar hreyfingar frá barninu gefur það frá sér aðvörunarhljóð eftir 15 sekúndur og eftir 20 sekúndur pípir það mjög hátt til að gera foreldrum viðvart.

Buggypod er aukasæti sem smellt er á kerru. Þannig má breyta venjulegri kerru í tvíburakerru. Aukasætið má nota fyrir barn upp að 15 kílóum. Þess má geta að sætið vann Mother & Baby Gold Award árið 2007. Auðveldlega má smella sætinu af og á en það vegur 2,5 kg.

Hægt er að fá Buggypod og barnavaktina meðal annars á www.barndimitt.is, í Móðurást, Babysam og Hagkaupum.







Bókasöfnin eru ævintýraheimur fyrir börnin. Börn undir 18 ára fá ókeypis skírteini í Borgarbókasafni Reykjavíkur. Á sunnudögum er ávallt dagskrá fyrir börnin í aðalsafni klukkan 15 og Gerðubergi klukkan 14. Næsta sunnudag les Solveig Simha söguna Leuk Le Liévre á íslensku í aðalsafni og krakkabíó verður í Gerðubergi.

borgarbokasafn.is



FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:

Skemmtilegri



EINN BARNAÍS

EÐA



FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Raddir unga fólksins

**Æskan – Rödd framtíðar er yfirskrift ráðstefnu um rannsóknir og stefnumótun í málefnum ungs fólks sem haldin verður á Hilton Reykjavík Nordica hótel í lok október.**



Óskar Þór Ármannsson, sérfræðingur hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, segir mikilvægt að unga fólkið láti raddir sínar heyrast og komi að stefnumótun í málefnum sem að því snúi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ráðstefnan Æskan – Rödd framtíðar verður haldin á Hilton Reykjavík Nordica hótel dagana 28. og 29. október. Á ráðstefnunni verða kynntar niðurstöður nýrrar samanburðarrannsóknar á högum, líðan og lífsstíl norrænna ungmenna á aldrinum 16 til 19 ára.

„Við höfum gert svona rannsóknir hérna á Íslandi frá árinu 1992 og hugmyndin var sú að gera sambærilega rannsókn á öllum Norðurlöndunum og sjálfstjórnarsvæðunum og var hún gerð á síðasta ári þegar Ísland gegndi formennsku í Norrænu ráðherranefndinni,“ segir Óskar Þór Ármannsson, sérfræðingur hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem stóð að rannsókninni.

„Þetta er í rauninni í fyrsta sinn sem tekst að gera rannsókn fyrir þennan aldurshóp með þessum hætti. Þá eru skoðaðar allar þessar breytur sem skipta máli eins og vímuefnaneysla, líðan í skóla og bara almenn líðan, þátttaka í íþrótta- og æskulýðsstarfi og svo framvegis. Rannsóknin var framkvæmd í öllum löndunum og það voru í kringum þrjú þúsund ungmenni á aldrinum sextán til nítján ára sem fengu spurningalistana í hverju landi nema á Grænlandi. Þar voru í kringum sjö hundruð sem hægt var að leggja þetta fyrir, þannig að þetta er mjög marktækt úrtak sem ætti að gefa nokkuð góða mynd af Norðurlöndunum og spennandi verður að sjá hvað kemur út úr þessu,“ segir Óskar.

Búist er við að ráðstefnuna sæki um það bil 100 til 120 manns, frá Norðurlöndunum. „Markmiðið er að reyna að stefna saman bæði fólki úr embættisgeiranum og rannsóknargeiranum og ekki síður ungu fólki. Þema ráðstefnunnar er eiginlega hvernig hægt sé að nota rannsóknir í stefnumótun á málefnum ungs fólks. Á ráðstefnunni munum við kynna stefnumótun Norrænu ráðherranefndarinnar í þessum efnum og einnig verður kynnt hvernig Evrópusambandið vinnur að stefnumótun í málefnum ungs fólks. Í framhaldinu verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar og eftir það munu verða sex málstofur, þar sem tekin verða fyrir hvert fyrir sig: vímuefni, jafnrétti, þátttaka í íþrótta- og æskulýðsstarfi og svo framvegis. Þar munum við leitast við að svara ákveðnum spurningum og út frá þeim niðurstöðum verður búin til skýrsla sem verður skilaboð ráðstefnunnar um það hvernig hægt sé að vinna sem best að stefnumótun í málefnum ungs fólks. Þar vonum við einmitt, svo við vísum í nafn ráðstefnunnar, að unga fólkið á ráðstefnunni láti raddir sínar heyrast því það er það sem skiptir máli,“ segir Óskar.

*emilia@frettabladid.is*




Bergstein stígvélin eru úr ekta hrágúmmíi og börnin svitna því ekki á fótunum.

Öll heilsteypt og hvergi límd. Skemmtilega litrík, létt og mjúk. Stærðir 19-35.

Lítil í upphafi We start out small

www.litiliupphafi.is • S: 552 3636 • Skólavörðustíg 5 • 101 Reykjavík

vísir.is

„...ég sá það á vísi“

Enginn selur fleiri fasteignir en RE/MAX

RE/MAX Lind

Skráðu eignina þar sem hún selst



Hringdu í síma 510-7900, við komum og verðmetum eignina þína

RE/MAX Lind - Sími 510-7900 - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogi

**Vefjagigt.is** er fræðsluvefur um vefjagigt og síþreytu. Þar er að finna ítarlegar upplýsingar um sjúkdóminn, einkenni hans, meðferð, reynslusögur og sjálfshjálp.






BASLER

YFIRHAFNADAGAR

20%

AFSLÁTTUR AF YFIRHÖFNUM

GILDIR TIL 19.OKTÓBER

Skipholti 29b • S. 551 0770



STÓR góður



teg. 3911
- heldur mjög vel að og fæst í D,DD,E,F,FF,G skálum frá 36-44 á
kr. 7.760,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur



HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU

Viðurkenndur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu

NÁMSKEIÐ Í BAKNUDDI

Helgina 16.-17. október kl. 11-15

· ATH! Aðeins 6 manns í hóp ·

Upplýsingar í síma 896-9653 og á www.heilsusetur.is.

Heilsusetur Þórgunnu
552 1850 / 896 9653 · www.heilsusetur.is




Vilhjálmur Alvar Halldórsson og Birna Þórarinsdóttir hlaupa í Istanbúlmaraþoninu á sunnudaginn ásamt fjölskyldu og vinum í

# Hlaupa fyrir látinn frænda

**Paul Nabil Bustany lést árið 2006 úr sjaldgæfu krabbameini. Hann var hálfíslenskur og hálflíbanskur og hefur fjölskylda hans og vinir hlaupið til styrktar rannsóknum á sjúkdómnum í hans nafni.**

„Frændi minn, Paul Nabil Bustany, greindist með liðsarkmein, eða synovial sarcoma, um tvítugt. Hann barðist hetjulega við meinið í tólf ár en hann lést 19. ágúst árið 2006, þá 33 ára," segir Birna Þórarinsdóttir en þau Nabil voru systkinabörn.

Um helgina ætlar hópur fólks, fjölskylda Nabils og vinir, að hlaupa maraþon í Tyrklandi og safna áheitum en fjölskylda Nabils stofnaði styrktarsjóð í hans nafni til rannsókna á krabbameininu þegar hann lést. Liðsarkmein er sjaldgæft og lítið var um það vitað þegar Nabil greindist. Sjóðurinn var settur á laggirnar í Bandaríkjunum en þar var Nabil fæddur og uppalinn.

„Þetta er, að því er við best vitum, eini einkarekni styrkarsjóðurinn fyrir þessa tegund krabbameins í heiminum," segir Birna en í veikindunum lagði frændi hennar sig fram um að fræðast um sjúkdóminn og leita uppi lækna sem unnu að rannsóknum á honum.

„Það eru færir prófessorar að rannsaka liðsarkmein í Bandaríkjunum, meðal annars Nóbelshafi í læknavísindum frá árinu 2007. Frændfólk mitt er í góðu sambandi við þessa lækna en samtals höfum við safnað um 300.000 dollurum fram til þessa," útskýrir Birna og segir jafnframt mikinn samhug einkenna söfnunina en ári eftir að Nabil lést hlupu sjötíu manns í Reykjavíkurmaraþoninu fyrir sjóðinn.

„Nabil frændi var ein yndislegasta og merkilegasta manneskja sem ég hef kynnst og hann markaði djúp spor í líf okkar allra sem nutum þess að kynnast honum. Í Reykjavíkurmaraþoninu komu 35 manns víða að úr heiminum, frá Bandaríkjunum, Líbanon, Egyptalandi, Frakklandi, Tyrklandi og víðar. Á sunnudaginn ætlum við að endurtaka leikinn og hlaupa fjörutíu saman í Istanbúlmaraþoninu. Við förum tíu frá Íslandi og einnig koma vinir og ættingjar Nabils allstaðar að úr heiminum. Með hlaupinu erum við að safna áheitafé en ekki síður er tilgangurinn að koma saman til að njóta minningarinnar um einstakan mann."

Á heimasíðunni www.pnbustany.org er haldið utan um styrktarsjóðinn. Þar er einnig að finna upplýsingar um Nabil sjálfan og sjúkdóminn svo og upplýsingar um hlaupin.

*heida@frettabladid.is*

# Megrun í tvo daga gegn brjóstakrabba

**Konur geta dregið úr líkum á brjóstakrabbameini með því að fara í megrun tvo daga vikunnar.**

Þetta kemur fram í rannsókn breskra vísindamanna sem fylgdust með hundrað konum í yfirvigt sem einnig áttu á hættu að þróa með sér sjúkdóminn. Niðurstöður sýndu að með því að fækka hitaeiningum má verulega draga úr hormónum sem geta valdið brjóstakrabbameini.

Dr. Michelle Harvie hjá forvarnarmiðstöð brjóstakrabbameins á Wythenshawe-spítala í Manchester segir þetta geta skipt sköpum fyrir konur sem eigi erfitt með að vera í megrun alla daga vikunnar.

Í rannsókninni var einn hópur kvenna settur á 650 hitaeininga mataræði tvo daga í viku í hálft ár, og annar hópur á 1.500 hitaeiningar. Árangurinn var sá sami í báðum hópum; konurnar léttust að meðaltali um sjö kíló og umtalsverð fækkun varð á tveimur hormónum og prótíni sem tengjast sjúkdómnum. Eftir hálft ár hafði styrkur hormónsins leptíns



Konurnar sem tóku þátt í rannsókninni borðuðu ríkulega af grænmeti þá daga sem þær voru í megrun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

minnkað um fjörutíu prósent, insúlín lækkað um 25 prósent og bólguvaldandi prótín um fimmtán prósent, en þetta þrennt hefur verið tengt brjóstakrabbameini.

Hinar 650 hitaeiningar fengust úr tveimur glösum af undanrennu á dag, tei og banana í morgunmat, gulrót og kóríandersúpu í hádegismat og grænmeti í karríi í kvöldmat. Þær sem fóru eftir 1.500 hitaeininga kúrnum fylgdu Miðjarðarhafsmataræði og fengu ferskan fisk, salat, grænmeti, ólífuolíu, ost og jógúrt.

*- þlg*

Í bókinni Mataræði Handbók um hollustu eftir Michale Pollan er að finna alls kyns ráðleggingar um hollt mataræði. Höfundinum þykir orðið helst til flókið að borða í nútímasamfélagi og leggur upp með einföld ráð eins og „borðaðu ekkert sem langamma hefði ekki kannast við sem mat" og „borðaðu aðeins mat sem rotnar".



**Mataræði handbók um hollustu**


Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing





Allt sem þú þarft...





HVAÐ ERT ÞÚ AÐ FÁ **FYRIR** PENINGINN?

**10** KLST.* AF SJÓNVARPSEFNI HJÁ RÚV

EÐA

**12** KLST.* AF SJÓNVARPSEFNI HJÁ SKJÁ EINUM

EÐA

**56** KLST.* 2 | 2 BÍÓ | 2 EXTRA AF FRÁBÆRRI SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

*Sýningartími að meðaltali á sólarhring.

Stöð 2 , Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**Tökum að okkur parketslípun**
um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun,sólpallasmíði og sólpallaslípun. Þröskuldar, slípaðir, innifaldir í verði. Sjáið myndir á www.parketsliparinn.is Uppl. í s. 772 8100. Visa/ Euro

**Alafl verktakar**
20% afsláttur af öllum inniverkefnum
Málarar
Múrarar
Flísar
Píparar
Parket
Smiðir
Rafvirkjar
Hellulagnir
Bjóðum einnig viðskiptavinum okkar upp á vaxtalausar raðgreiðslur í allt að 12 mánuðum
Fáðu tilboð í dag
Eiríkur s. 777 6799

**N & V Verktakar ehf**
Flísar - parket - mála - múrarar - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149. nv.verktakar@gmail.com

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

Smiðir Vanir smiðir geta bætt við sig verkefnum úti sem inni S:892 2588.

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr. án VSK
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

## Nudd

Whole body massage. S. 849 5247

Ertu aum/aumur í baki , hálsi eða höfði, áttu erfitt með að komast fram úr á morgana, þá er þetta rétta stofan fyrir þig. Nudd fyrir heilsuna. S. 588 2260 & 863 2261.

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

LUXURY,TANTRIC ,WHOLE BODY MASSAGE IN TOWN TOWN ANY TIME!!8698602

## Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**Spásími 908 6060**
**Tarot, miðlun, trúnaður. Er byrjuð á fullu aftur.**
**Opið frá 12-23 S. 894 9228**
**Steinunn visa/euro**

Símaspá og ræð einnig drauma. Ekkert mínútugjald. Tímapantanir í S. 891 8727, Stella.

## Rafvirkjun

Raflagnir og dyrasímaþjónusta
Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi
Nýlagnir og endurnýjun raflagna
Gerum verðtilboð
RAF NEISTI
GSM 896 6025
Löggiltur rafverktaki
rafneisti@rafneisti.is www.rafneisti.is

## Önnur þjónusta



**GreenHouse**
Góður og fallegur fatnaður. Verið velkomin, opið í dag frá 13-19. Greenhouse Rauðagerði 26.

Blekhylki.is
Ódýr blekhylki og tónerar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send af stað samdægurs sjá nánar á Blekhylki.is S. 517-0150 Fjarðargötu 11.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Smáhýsi
Til sölu og leigu bæði ný og notuð



Endalausir möguleikar
HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI
Sími: 535 2550
Hringhella 6 • 221 Hafnarfjörður
info@hafnarbakki.is • www.hafnarbakki.is

Gámasala/Gámaleiga
Stólpi Gámar ehf
sími 568 0505

VERSLUNARTÆKNI
Lyftarar á góðu verði



til á lager
www.verslun.is
Pöntunarsími: 5351300

Ísskápur á 15þ. Þvottavélar á 20-30þ. Barkalaus þurrkari á 30þ. Veitingahúsauppþvottavél á 50 þ.Stál bakaraofn á 25þ. Uppþvottavél á 20þ. 14" tv á 5þ. Ryksuga á 5þ. 28" tv á 10 þús. Borðtalva á 30þ. Bílageislaspilari 15þ.S. Gasgrill á 10 þ.Frystiskápur á 25þ. Keramik eldavél á 20þ. Flottir stólar á 5þ. 896 8568.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

Fyrirtæki óskar eftir : 4 stk Tölvum yngri en 3 ára, 4 stk Tölvuskjám, 1 stk Ljósritunarvél, 2 stk Laserprenturum, 1 stk Faxtæki. 4 stk Skrifborðsstólum, 1 stk Fundarborði með 8 - 12 stólum, Pallettutjakk, Handvagni og Pappapressu, Upplýsingar í síma: 864 3005 og netfangi: gsogg@simnet.is.

**ÓSKUM EFTIR ÞVOTTAVÉLUM**
Fjarlægjum gömlu þvottavélina ókeypis. Borgum fyrir góðar vélar. Óskum einnig eftir stórum iðnaðar/sameigna þvottavélum og þurrkurum. 690-2409 Vistvæn endurnýting.

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/ hraðlyftu Verð:49.900 kr með VSK~~Sími: 5520110 www.pon.is~~

## Verslun

bathmate.is
Bathmate hefur nú fengið læknisfræðilega vottun og er með CE vottun sem lækningatæki.
Meiri stinning, kraftur og lengri límur ásamt tip top reðurheilsu!
TUNGUHJÓLIÐ
Besta uppfinning síðan hjólið var fundið upp! Tunguhjólið er fyrir konur sem kunna að meta gott kynlíf, einar, eða með ástmanni sínum!
Skoðaðu úrvalið á
FLESHLIGHT.IS
og allar pantanir afgreiddar samdægurs!

## Ýmislegt

Evrur til sölu 5% yfir seðlagengi uppl. í síma. 857 6711.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantratemple.com

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567 6666 og 862 0941. http://dreamoasis.magix.net

**NUDD - Tilboð - NUDD**

**Nudd kr. 3500,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

NÁMSAÐSTOÐ við grunn-, framhalds- og háskólanema. S. 557 9233. WWW.NAMSADSTOD.IS

Kenni stæ. bókf.eðl og ísl ofl. 30.ára reynsla. Uppl í s.587 5619 & 899 9365.

Einkakennsla í stærðfræði, íslensku og dönsku, s: 8619290 WWW.TUTOR.IS - Góð kennsla!

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

5 vikna, gráir, kassavanir kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 866 0899 eða 482 3882.

## Ýmislegt



Þú færð prjónadótið hjá okkur í A4
A4 Skrifstofa og skóli
Smáratorgi 1 • Kópavogi • a4.is

Auglýsingasími
512 50 50
Allt sem þú þarft...

## Námskeið

**Naglaskóli Neglur og list**
Boðið er uppá námskeið í naglaásetningu, námskeið hefjast 19 október.
Kennari Rósa Björk Hauksdóttir - margfaldur íslandsmeistari. Verð 185.000 kr, innifalið er startpakki með öllu.
**Innritun hafin á negluroglist.is og í s. 553 4420.**

## Heilsa

FOOD SUPPLEMENT
Asphalia® for natural sleep
A blend of dry-milled wheat and barley leaves



30 capsules
**Asphalia - Náttúrulegur svefn**
Fæst í apótekum og heilsubúðum

## Til sölu

**Söfnunarílát!**
**Margar gerðir**



HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI
Hringhella 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 535 2550
info@hafnarbakki.is • www.hafnarbakki.is

## Fundir / Mannfagnaður

### EFTIRLAUNASJÓÐUR SLÁTURFÉLAGS SUÐURLANDS

**Boðað er til ársfundar Eftirlaunasjóðs Sláturfélags Suðurlands.**

Fundurinn verður haldinn að Fosshálsi 1, 3. hæð, þriðjudaginn 26. október n.k. kl. 16:00.

**Dagskrá:**

1. Fyrirhugaður samruni sjóðsins við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda
2. Breytingar á samþykktum sjóðsins.
3. Önnur mál.

**Stjórnin**

## Tilkynningar



FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

býður upp á tólf spora starf í vetur. Tækifæri til að taka til í vistaverum hugans og uppskera aukin lífsgæði bæði félagslega og tilfinningalega.

**Fjórði opni fundurinn verður haldinn í kirkjunni í kvöld 12. október, kl. 20:00 - 22:00**

Fundirnir verða á þriðjudagskvöldum í vetur.
Nánari uppl. www.viniribata.is og www.frikirkjan.is

### Nr. 14951 – Þegar fullbúið skrifstofuhúsnæði óskast á leigu fyrir Umboðsmann skuldara

Ríkissjóður óskar eftir að taka á leigu skrifstofuhúsnæði fyrir Umboðsmann skuldara. Miðað er við að húsnæðið verði tekið á leigu til 5 ára, eigi síðar en tveimur vikum eftir að frestur til að skila leigutilboðum er liðinn, fullbúnu til notkunar, án lauss búnaðar.

Gerð er krafa um góða staðsetningu, gott aðgengi og næg bílastæði. Æskileg staðsetning er sem næst miðju höfuðborgarsvæðisins og í góðum tengslum við almenningsamgöngur.

Húsrýmisþörf stofnunarinnar er áætluð fyrstu 1-2 árin um 1450 fermetrar, en að þeim tíma liðnum mun stofnunin áskilja sér rétt til að minnka stærð hins leigða um a.m.k. 200 – 400 fermetra.
Til greina kemur að taka á leigu 1100 – 1300 fermetra húsnæði í upphafi leigutíma, en full stærð húsnæðis (um 1450 ferm) þarf að vera til staðar eigi síðar en um næstkomandi áramót.
Um að ræða hefðbundið skrifstofuhúsnæði.

Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla verða aðgengilegar á heimasíðu Ríkiskaupa **www.rikiskaup.is miðvikudaginn, 13. október, 2010.**

Leigutilboðum og uppdráttum, þar sem fram kemur stærð, ástand og staðsetning húsnæðis, ásamt leiguverði, skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, eigi síðar en **þriðjudaginn 19. október 2010**

RÍKISKAUP
*Útboð skila árangri!*

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**Gæsaskyttur ATH!**
Gæsaveiði í Landeyjum með vönum leiðsögumönnum. Sendið fyrirspurnir ásamt nafni og símanúmeri til eftirfarandi vesturrost@vesturrost.is eða pall@leit.is

## Hestamennska



Aðalfundur kvennadeildar Fáks verður haldinn mánudag 18. okt. Kl. 20:00.
Kosið verður um þema fyrir kvennakvöld 2011.
Venjuleg aðalfundarstörf.
**Stjórnin.**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Lítið snyrtilegt kjallaraherbergi til leigu á Laugarnesvegi. Aðgang. í íbúð á 2 hæð að eldh.,baðherb,neti,þvottav.. 25.þ.- 6637686

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**SKAMMTÍMALEIGU**
SKAMMTÍMALEIGU-ÍBÚÐIR-RVÍK Í miðbænum DRA.is/fyrirspurn á info@dra.is næg bílast 2-10 manna íbúðir

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

Til leigu herb. á sv. 105 fyrir rólegan og reglusaman mann með sameig. eldh. & baðh. Uppl. e. kl. 13 í s. 777 5571.

Til leigu 2ja herb., ca. 45 fm., íbúð í Seláshverfi í Rvk. Laus strax. Leiguverð 85.000 með hita og rafmagni. Reglusemi skilyrði. Uppl. í síma 822 8750.

## Húsnæði óskast

Kk óskar eftir 2-3herb. ibúð á 60-120þús. á mán, svæði 112-113 tek annað til greina. Reyklaus reglusamur snyrtilegur, í traustri vinnu. Heiti skilvirkum greiðslum S.891 7339.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Geymi tjaldvagna, fellihýsi ofl.**

**Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 13 ára reynsla.**

**Í símaskrá ja.is undir;**

**geymsla asgeirs eirikssonar ehf.**

**Upplýsingar 897 1731 klettar@heimsnet.is**

**SÉRTILBOÐ**
Örfá stæði: Tjaldvagnar - 19 þ. Lítil fellihýsi - 29 þ. Upphitað og vaktað á Eyrarbakka. S: 564-6501.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði með öryggisvakt. Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og á www.husbilageymslan.net

## Gisting

Gisting Akureyri - Gista.is. Íbúðir í göngufæri við miðbæ. Lín og þráðlaust net. S. 694-4314.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Duglegt starfsfólk óskast í mötuneyti. Bílpróf og íslenskukunnátta skilyrði. Skemmtilegur vinnustaður og góð laun fyrir rétta aðila. Umsóknir berist á magnus@13rettir.is

**Bakaríið Hagamel 67**
Óskar eftir að ráða starfskraft í afgreiðslu frá 13-18 virka daga. Uppl. s. 897 8101 eða 868 6102.



Nú geta konur sem vilja afla sér aukatekna, t.d. sem símadömur eða fyrirsætur, notað djarfa samskiptavefinn PurpleRabbit.eu til að kynnast nýju fólki og koma sér á framfæri."

Óska eftir smiði eða manni vönum byggingavinnu. Uppl. í s. 616 1569.

## Atvinna óskast

Ég er tvítugur strákur og stunda nám við Borgarholtsskóla. Mig vantar vinnu með náminu. Hef unnið við útkeyrslu og á dekkjaverkstæði. Uppl. í síma 6610769

**Bifvélavirki**
Bifvélavirki óskar eftir vinnu í Rvk eða úti á landi. Vanur öllu sem snýst. Einnig vanur réttingum. Uppl. í s. 845 0454.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Óska eftir að kynnast konu á sextugsaldri. Ég er sjálfur 53 ára og áhugamál mín eru tónlist, ganga og fara út að borða. Uppl. í s. 848 6406.

**Gefðu vatn**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR VESTURLAND

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 21 stað á Vesturlandi og 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

## Fjöldi lausasölustaða á Vesturlandi

Olís, Kjalarnesi
Krónan, Akranesi
Olís, Akranesi
Bónus, Akranesi
N1 verslun, Akranesi
Olís, Borgarnesi
Bónus, Borgarnesi
Verslunin Baulan, Borgarfirði
Hönnubúð, Reykholti, Borgarfirði
Olís, Stykkishólmi
Bónus, Stykkishólmi
Hrannarbúðin, Grundarfirði
N1, Ólafsvík
Olís, Ólafsvík
Hraðbúð N1, Hellissandi
Shell/Vélsmiðja Árna Jóns, Hellissandi
N1 þjónustustöð, Ísafirði
Hamraborg, Ísafirði
N1 verslun, Ísafirði
Bónus, Ísafirði
Smáalind, Patreksfirði




Allt sem þú þarft...

# Að ná áttum og sáttum

Hjónaskilnaðir

Guðrún Karlsdóttir
prestur í Grafarvogskirkju

> Það tók hana líka tíu ár að viðurkenna að hjónabandið væri ekki það besta fyrir börnin.

Hún var 28 ára þegar hún fékk nóg. Hún var búin að vera með honum síðan hún var 16 og hann 18. Það voru næstum þrjú ár síðan hana hafði langað til þess að sofa hjá honum. Hann var góður maður. Hann hafði alltaf reynst henni vel. Hún gat bara ekki elskað hann lengur. Það versta var að hún hafði enga afsökun. Hún óskaði þess stundum að hann héldi framhjá henni eða gerði eitthvað sem gæti réttlætt ákvörðunina.

Hún var með svo mikla sektarkennd. Ekki bætti úr skák að allir vinirnir og fjölskyldan höfðu skoðun á þessu. Öllum fannst svo leiðinlegt að þau væru að skilja. Öllum fannst þau svo frábær saman og fannst að hún gæti alveg lagt aðeins meira á sig. Enginn skildi hennar tilfinningar. Enginn setti sig í hennar spor. Hún fékk engan stuðning þegar hún tók erfiðustu ákvörðun lífs síns.

Hann var 36 ára þegar hann gat ekki lengur lokað augunum fyrir staðreyndunum sem blöstu við. Það var augljóst að hún hélt framhjá honum. Þegar hann hafði safnað í sig kjarki og spurt hana beint út fékk hann öll svörin sem hann hafði óttast mest. Hún hafði verið í sambandi við annan mann í þrjú ár. Hún var þó ekki viss hvort hún vildi hann eða hinn. Hún stakk upp á fjölskylduráðgjöf og þau fóru í tvo tíma. Í öðrum tímanum var ljóst að hún vildi bara halda þeim báðum. Hún vildi ekki skilja en hún vildi ekki heldur hætta með hinum. Þetta voru myrkustu mánuðir lífs hans. Hann vissi varla mun á nóttu og degi. Hann hætti að geta borðað. Hann bara grét.

Hann skildi hana samt svo vel að vilja einhvern annan en hann. Hann var svo sem ekki merkilegur pappír. En hann hafði alltaf elskað hana. Það hafði ekkert breyst. Oft langaði hann mest að láta bara sem ekkert hefði í skorist og horfa í hina áttina. Það var svo erfitt að skilja, að rífa sig upp frá öllu sem var kunnuglegt og halda út í óvissuna.

Að lokum gat hann ekki annað en farið. Hann gat ekki látið koma svona fram við sig. Þegar hann loksins skildi kom í ljós hverjir voru virkilegir vinir hans.

Hún var 42 ára þegar hún loksins fór frá honum. Þau höfðu verið saman frá því bæði voru 25 ára. Hún varð ólétt nánast um leið og þau kynntust og þá giftu þau sig, keyptu hús og byrjuðu í baslinu. Fljótlega kom annað barn en síðan liðu fimm ár þar til litli kúturinn fæddist. Það var þegar hún var ólétt af honum sem hann sló hana fyrst. Hún fékk svo sem ekki mikið áfall. Hann hafði alltaf verið ógnandi í framkomu þegar hann drakk og oft hafði hann hótað að leggja hendur á hana. Þetta var bara sjálfsagt framhald af öllu saman.

Það tók hana tíu ár, frá fyrsta högginu, að koma sér í burtu. Hún vildi alltaf gera það sem börnunum var fyrir bestu og hún vildi líka svo gjarnan hjálpa honum. Það tók hana tíu ár að átta sig á því að hún gæti aldrei hjálpað honum. Það tók hana líka tíu ár að viðurkenna að hjónabandið væri ekki það besta fyrir börnin.

En það var svo erfitt þegar vinirnir og vinkonurnar virtust ekki almennilega trúa henni. Þau létu stundum í það skína að hún væri bara að búa þetta til. Meira að segja mamma hennar og pabbi voru lengi vel á hans bandi. Hann hafði nú alltaf verið svo góður þrátt fyrir allt.

Þessar sögur gætu allar verið sannar.

Munur á sorg vegna dauðsfalls annars vegar og skilnaðar hins vegar getur falist í afleiðingum og viðbrögðum umhverfis. Við fráfall maka fær eftirlifandi jafnan samúð og umhyggju. Sá sem lést er horfinn að eilífu. Við dauðsfall eru fyrir hendi skýrar reglur og hefðir um það hvernig hinn látni eða hin látna er kvödd. Það undirstrikar missinn og veitir farveg fyrir sorgarúrvinnslu og samúð til eftirlifandi. Oft verða margir til þess að veita hjálparhönd, bæði fagaðilar, ættingjar og vinir.

Við skilnað geta viðbrögð umhverfis verið afar breytileg. Margir mæta skilningi og hlýju, aðrir geta mætt andúð og jafnvel fordæmingu. Sumir missa samband við fyrrverandi tengdafjölskyldu og vini, jafnvel börn sín. Mikill söknuður og sorg getur fylgt í kjölfarið. Það að horfa upp á fyrrverandi maka með nýjum lífsförunaut getur valdið óbærilegri þjáningu. Sorgin og sorgarferlið verður oft blandin reiði og höfnunartilfinningu sem erfitt getur reynst að vinna úr og jafna sig á. Þetta getur leitt af sér beiskju og einmanaleika. Þá getur þjóðfélagsstaða og efnahagur breyst mikið og skipting eigna raskað fjárhag illilega.

Stór hluti af daglegu lífi í söfnuðum landsins gengur út á að ganga með fólki sem hefur misst. Þetta á jafnt við um fólk sem hefur misst vegna andláts og skilnaðar. Bæði er unnið með fólki í einstaklingsviðtölum og í sjálfshjálparhópum en það form hefur reynst vel þegar kemur að sorgarúrvinnslu. Í sorgarhópum og sjálfstyrkingarhópum fyrir fráskilda gefst einstaklingum tækifæri til þess að kynnast öðrum sem hafa svipaða reynslu að baki, deila reynslu sinni og styðja hvert annað í því að ná áttum og sáttum.



Fimm rétta
DIWALI
hátíðarmatseðill
4.990 kr.

FORRÉTTUR
Malabari Machli
*Pönnusteiktur lax í kókos með karrýlaufum og garam masala*

AÐALRÉTTIR
Peshwari Gosht
*Grillað lambafillet marinerað í kasjúhnetum, engiferi, chillí og hvítlauk*
og
Murgh Korma
*Kjúklingalundir á hægum eldi í blöndu af kókosmjólk, birkifræjum, kanil og kardemommum*
og
Channa Masala
*Kjúklingabaunir eldaðar með tómötum, kúmeni, chilí og kóríander*

MEÐLÆTI
Raitha
*Heimalöguð jógúrtsósa með gúrkum og kryddblöndu*
og
Basmati hrísgrjón
og
Naan brauð
*Garlic Naan með hvítlauk*
*Masala Kulcha með kúmeni, lauk og kóríander*

EFTIRRÉTTUR
Kahjoor Halwa
*Indverskur eftirréttur með döðlum, súkkulaði, hesilhnetum og kókos*

Hverfisgata 56, 101 Reykjavík
Sími: 552 1630

Opið:
sun.-fim. 18:00 - 22:00
fös. og lau. 18:00 - 23:00

Hátíð ljóssins hjá
*Austur-Indíafjelaginu*

Indverjum duga ekki færri en fimm dagar til að halda upp á hátíð ljóssins, Diwali, sem nú á hug þeirra og hjörtu.

Við hjá Austur-Indíafjelaginu viljum færa örlitla birtu inn í byrjun vetrar og bjóðum því upp á sérstakan **fimm rétta Diwali-hátíðarmatseðil í október á afar góðu verði: 4.990 kr. alla daga.**

***Borðapantanir í síma 552 1630.***

*Chandrika Gunnarsson eigandi Austur-Indíafélagsins býður gesti velkomna á Diwali, hátíð ljóssins.*



AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT
www.austurindia.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**LUCIANO PAVAROTTI** fæddist þennan dag árið 1935

*„Börnum er nauðsynlegt að kynnast klassískri tónlist og óperu. Fari þau á mis við það tónlistaruppeldi er tekin frá þeim ein af mikilvægari undirstöðum lífsins.“*

---

†



*Ástkær systir okkar og frænka,*

**María E. Kjeld**

fyrrverandi skólastjóri,
Bjarkargötu 10, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans, Landakoti, föstudaginn 8. október.

**Hanna Kjeld**
**Kristbjörg Kjeld**
**Matthías Kjeld**
**Rannvá Kjeld**
**og systkinabörn**

---

**ÞETTA GERÐIST:** 14. OKTÓBER 1964

## King fær friðarverðlaun Nóbels



Baptistaklerkurinn Martin Luther King yngri hlaut friðarverðlaun Nóbels þennan dag fyrir 46 árum, þá yngstur allra til að hljóta þau virtu verðlaun.

King var frægasti leiðtogi afrískættaðra Bandaríkjamanna á 6. og 7. áratug 20. aldar. Hann var ötull baráttumaður bættra mannréttinda í Bandaríkjunum og barðist hart gegn kynþáttaaðskilnaði og mismunun í gegnum borgaralega óhlýðni og aðrar friðsamlegri leiðir.

Frægustu orð Martins Luthers King eru: „Ég á mér draum“ („I have a dream“) en þau sagði hann 28. ágúst 1963 í frægri ræðu á tröppum minnismerkis um Abraham Lincoln.

Martin Luther var ráðinn af dögum í Memphis 4. apríl 1968. Eftir dauða sinn hefur hann hlotið ýmsar friðarviðurkenningar. Árið 1986 var fæðingardagur hans, 15. janúar, nefndur Dagur Martins Luthers King yngri og er almennur frídagur í Bandaríkjunum.

---

†



*Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs sonar míns, bróður okkar, mágs og frænda,*

**Sölva Heiðars Matthíassonar**

Melasíðu 6i, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við Hvítasunnusöfnuðinum á Akureyri fyrir ómetanlegan stuðning á erfiðum tíma. Guð veri með ykkur öllum.

**Anna María Þórhallsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Ásta Ottesen** | **Páll H. Jónsson** |
| **Gunnlaug Ottesen** | **Friðrik Diego** |
| **Þórhallur Ottesen** | **Margrét Jóhannsdóttir** |
| **Kristín Ottesen** | **Sigmundur Ásgeirsson** |
| **Vilhelm Ottesen** | |

**og frændsystkini.**

---

ELFA RÚN KRISTINSDÓTTIR FIÐLULEIKARI: HLAUT 43 MILLJÓNA ROGERI-FIÐLU

# Reyni að stressast ekki um of

Í liðinni viku fékk fiðluleikarinn Elfa Rún Kristinsdóttir afhenta Rogeri-barokkfiðlu til afnota frá hollenska fjárfestingar- og styrktarsjóðnum Jumpstart. Fiðlan er metin á 43 milljónir, smíðuð 1699 af ítalska fiðlusmiðnum Giovanni Battista Rogeri frá Brescia, einum fremsta barokkfiðlusmið sögunnar, og þykir einstaklega hljómfögur.

„Maður er nú alltaf passasamur með hljóðfærið sitt, en ég hef sérstakar gætur á henni þessari, þótt ég reyni að stressa mig ekki um of,“ segir Elfa þar sem hún heldur utan um tösku sem geymir hina 311 ára gömlu fiðlu um borð í þýskri hraðlest á leið í Svartaskóg.

„Sjálf á ég tvær góðar fiðlur, en munurinn er stórkostlega mikill á þeim og þessari. Hún er svo yfirtónarík að því má líkja við að spila á hana í litlu herbergi en upplifa eins og að spila í kirkju því fiðlan sjálf er svo hljómmikil, öfugt við að yfirleitt endurómar kirkjuhvelfingin hljóminn. Því verður spennandi að kynnast henni betur,“ segir Elfa sem fyrsta kastið hefur fiðluna til umráða í tvö ár, en allt upp í níu ár.

Mikil viðurkenning er innan alþjóðlega tónlistarheimsins að hljóta fiðlu frá Jumpstart. Ekki er unnt að sækja um hljóðfæri hjá sjóðnum, heldur er þrjátíu efnilegustu barokktónlistarmönnum heims boðið í árlegt prufuspil sem fimmtán manna alþjóðleg dómnefnd velur svo úr.

„Þetta er auðvitað mikill heiður og frábært að fá að spila á svo gott hljóðfæri. Því verður gaman að sjá hvaða tækifæri hún gefur og hvaða dyr hún opnar,“ segir Elfa, sem vakið hefur heimsathygli fyrir fiðluleik sinn þrátt fyrir að vera aðeins 25 ára gömul. Átján ára útskrifaðist hún frá Listaháskóla Íslands og fluttist þá til Freiburg þar sem hún hóf nám hjá hinum þekkta fiðlukennara prófessor Rainer Kussmaul. Þar útskrifaðist Elfa með hæstu einkunn 2007. Árið 2006 sigraði Elfa svo eina virtustu keppni ungra fiðluleikara í heiminum, Johann Sebastian Bach-keppina í Leipzig og hlaut sama ár Íslensku tónlistarverðlaunin sem „bjartasta vonin“ ásamt hvatningarverðlaunum evrópska menningarsjóðsins Pro Europa.

„Velgengnin kemur alltaf á óvart og þannig bjóst ég engan veginn við að komast í úrslit í Bach-keppninni, hvað þá að vinna. Hins vegar stefndi ég ótrauð á hæstu einkunn í lokaprófinu því ég hafði fengið hæstu einkunn á inntökuprófi og fannst ómögulegt að fá lægra á prófinu sjálfu. Mér þykir vitaskuld afar gaman hversu vel gengur. Ég er þó ekki sigurviss að eðlisfari, en ég veit hvað ég get og geng afslöppuð til verks,“ segir Elfa, sem hóf fiðlunám fjögurra ára. Hún er dóttir Lilju Hjaltadóttur fiðluleikara og Kristins Arnar Kristinssonar píanóleikara.

„Fjögurra ára er mjög góður aldur fyrir fiðluleikara að byrja og hægt að byrja niður í tveggja ára, sem er enn betra því staðan með hljóðfærið er svo óeðlileg fyrst og gott að þjálfa fingurna í rétta stöðu snemma á ævinni,“ segir Elfa, sem mælir hiklaust með ferli á fiðlubrautinni þótt strembin sé.

„Mér finnst allt sem er krefjandi skemmtilegt og hef ekki gaman af hlutunum öðruvísi. Maður þarf þó að vera rétta týpan til að hafa gaman af þessu, en svo þróast maður líka með hljóðfærinu. Líklega hef ég náð þetta langt því mér þykir fiðlan skemmtileg og hef verið heppin að hitta rétt fólk á réttum tíma. Maður þarf að vera opinn fyrir því að skapa sér sambönd og duglegur að mæta á tónleika og hitta fólk, en margir hljóðfæraleikarar loka sig alfarið inni í herbergi en komast svo ekki áfram því þeir búa sér ekki til sambönd, sem einnig er svo mikilvægt,“ segir Elfa, sem flutti utan aðeins átján ára og hefur búið fjarri heimahögunum síðan.

„Þá var ég meira en tilbúin að fara út og komin með nóg af öllu heima. Líka komin á þann stað í náminu að mikilvægt var að víkka sjóndeildarhringinn. Ég fæ því aldrei heimþrá og er ánægð með að búa og starfa í Berlín. Ég sé ekki fyrir mér að ég flytja heim á næstunni því íslenskt samfélag er of lítið fyrir mig og fá tækifæri til starfa. Hér er aftur á móti urmull tækifæra og í fleiri áttir að fara.“ thordis@frettabladid.is



**Í FREMSTU RÖÐ** Elfa Rún Kristinsdóttir í þýskri náttúru með sína eigin klassísku fiðlu.
MYND/RUT SIGURÐARDÓTTIR

---

†



*Ástkær maðurinn minn, faðir og afi,*

**Elfar Sigurðsson**

Hólmgarði 19, áður til heimilis á Hellissandi,

lést að Grund miðvikudaginn 6. október. Útför hans fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 15. október kl. 13.00.

**Guðrún Jóna Jóhannesdóttir**
**Grétar Jón Elfarsson**
**Saga Dröfn Grétarsdóttir**
**Anton Már Grétarsson**

---

†



*Hjartkær vinur minn og bróðir okkar,*

**Hörður Haraldsson**

fyrrverandi kennari á Bifröst,

sem andaðist á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þriðjudaginn 5. október, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 13. október klukkan 15.00.

**Sigurbjörg Sigurðardóttir**
**Eiríkur Haraldsson**
**Pétur Haraldsson.**

---

†



*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristófer Þorgeirsson**

andaðist á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi laugardaginn 9. október.

| | |
|---|---|
| **Ólína Jóhanna Gísladóttir** | |
| **Björg Hólmfríður Kristófersdóttir** | **Þórður B. Bachmann** |
| **Gísli Kristófersson** | **Þóra Ragnarsdóttir** |
| **Þorgeir Kristófersson** | **Inga Pétursdóttir** |
| **Einar Kári Kristófersson** | **Kolbrún Karlsdóttir** |
| **afa- og langafabörn.** | |

---

†



*Ástkær faðir okkar, bróðir og mágur,*

**Þröstur Rafnsson**

frá Neskaupstað

lést á heimili sínu á Reyðarfirði 3. október síðastliðinn. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 15. október klukkan 13.00.

| | |
|---|---|
| **Sunna Þrastardóttir** | |
| **Valdís Anna Þrastardóttir** | |
| **Einar Rafnsson** | **Ragnheiður Thorsteinsson** |
| **Auður Rafnsdóttir** | **Geir Oldeide** |
| **Hörður Rafnsson** | **Karítas Jónsdóttir** |

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

# Panasonic ideas for life TOPPTILBOÐ




**Panasonic TXP42G20**
42" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST, Digital Cinema Colour 3D Colour, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakari, kortalesara, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart, 4 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ ▶ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 319.990




**Panasonic TXL32C20**
32" LCD sjónvarp með 1366x768p upplausn, Vreal 4, 40.000:1skerpu, 24p Playback, Progressive Scan, Intelligent Scene Controller 3D, Colour Management Sub-Pixel Control, VIERA Link, stafrænum DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI tengi ofl.

**TILBOÐ ▶ 109.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990




**Panasonic TXP42C2**
42" HD Ready 16:9 Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn, Vreal 4, 100Hz, 24p, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, x.v Colour 3D Colour management, Motion Pattern, Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, stafr. háskerpu HDTV DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI ofl.

**TILBOÐ ▶ 124.990**
FULLT VERÐ kr. 179.990




**Panasonic TXP42S20**
42" Full HD 1080p Plasma sjónvarp með 1920x1080P upplausn, Vreal Pro4 Engine, 24p Playback Plus/Playback, 2.000.000:1 skerpu, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter, háskerpu HDTV DVB-T staf-rænum móttakara (MPEG4), kortalesara ofl.

**TILBOÐ ▶ 179.990**
FULLT VERÐ kr. 229.990




**Panasonic TXP46G20**
42" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x 1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz IFC, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film Play Back, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST, Digital Cinema Colour 3D Colour, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakara, kortalesara, 2 x USB fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart, 4 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ ▶ 329.990**
FULLT VERÐ kr. 369.990

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. samtök, 6. frá, 8. kæla, 9. tangi, 11. gjaldmiðill, 12. glans, 14. loðmý, 16. tveir eins, 17. fugl, 18. for, 20. tveir, 21. malargryfja.

**LÓÐRÉTT**
1. afli, 3. golf áhald, 4. inúíti, 5. fley, 7. hræðsla, 10. tala, 13. fiskur, 15. mismunandi, 16. verkur, 19. ullarflóki.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2. stef, 6. af, 8. ísa, 9. nes, 11. kr, 12. gljái, 14. mölmý, 16. tt, 17. lóm, 18. aur, 20. ii, 21. krús.

LÓÐRÉTT: 1. fang, 3. tt, 4. eskimói, 5. far, 7. felmtur, 10. sjó, 13. áll, 15. ýmis, 16. tak, 19. rú.




# Þetta átti aldrei að vera auðvelt

BAKÞANKAR
Þórunnar Elísabetar Bogadóttur



**FYRIR** forvitni sakir eyddi ég dágóðum tíma í það í gær að lesa tveggja ára gömul dagblöð. Mig langaði að rifja upp hvernig umræðan og ástandið hefði raunverulega verið mánuðinn sem allt fór endanlega í klessu.

**AUÐVITAÐ** fór um mig smá hrollur þegar ég las fyrirsagnir eins og „Raunveruleg hætta á vöruskorti í búðum", „Ríkið hefur tekið við stjórn allra bankanna" og „Skammta gjaldeyri fyrir nauðsynjum". En að einhverju leyti óskaði ég þess að umræðan væri í dag eins og hún var þá. Þarna voru nefnilega líka fyrirsagnir eins og „Bjartsýni er eini kosturinn" og „Við verðum að treysta hvert öðru". Á þessum tíma var mikið talað um að íslenskt þjóðfélag myndi læra af kreppunni, gildin myndu breytast og við færum að hlúa að því sem raunverulega skipti máli.

**STJÓRNMÁLAMENN** úr öllum flokkum kepptust eiginlega við að stappa stálinu í hrædda þjóðina. Næstu árin yrðu erfið, en þjóðin átti að standa saman, gefast ekki upp, missa ekki kjarkinn, sýna stillingu og yfirvegun, láta ekki hugfallast, og svo framvegis. Við áttum að komast í gegnum þetta í sameiningu, um það virtust þeir allir sammála. Eins og Geir orðaði það: „með íslenska bjartsýni, æðruleysi og samstöðu að vopni, munum við standa storminn af okkur." Fyrir utan blessun guðs og allra góðra vætta náttúrlega.

**TVEIMUR** árum seinna er einhvern veginn allt annað hljóð í strokknum alls staðar. Það er hver höndin uppi á móti annarri alls staðar, ekki bara á Alþingi. Samstaðan er engin og það fer eitthvað lítið fyrir bjartsýninni.

**Í** dagblaðaskoðuninni rak ég augun í grein þar sem Steingrímur J. hvatti til þess að forystumenn stjórnmálaflokka, fjármálalífs, verkalýðs og Samtaka atvinnurekenda yrðu boðaðir til fundar. Á fundinum yrði setið þar til samkomulag næðist um hvernig unnið yrði úr erfiðleikunum. Hvernig væri að þetta yrði gert í dag? Allir inn og hurðinni læst. Það sem hægt er að gera verði gert.

**STUNDUM** finnst mér eins og margir hafi bara hreinlega gleymt því sem hér átti sér stað. Við megum ekki gleyma því að það er takmarkað mikið sem hægt er að gera. Eða bjóst einhver virkilega við því þá að allt yrði orðið gott í lok árs 2010? Vissum við ekki öll að árin eftir hrunið yrðu frekar ömurleg og erfið á margan hátt þrátt fyrir allt peppið? Það sagði nefnilega aldrei neinn að þetta yrði auðvelt.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Michael Porter

**"Einstakt tækifæri - Michael Porter á Íslandi!"**



www.icelandgeothermal.is

abbey road / design

Iceland geothermal 2010 november

# Einstakt tækifæri

Þann 1. nóvember 2010 verður haldin á Íslandi alþjóðleg jarðhitaráðstefna þar sem hinn heimskunni vísindamaður á sviði stjórnunar Dr. Michael Porter, prófessor við Harvard háskóla mun verða aðalræðumaður.
Þar mun hann kynna niðurstöður sínar og aðstoðarmanns síns, Dr. Christian Ketels, á kortlagningu hins íslenska jarðvarmaklasa sem hann hefur unnið að í heilt ár í samvinnu við íslenska ráðgjafafyrirtækið Gekon.
Samstarfsaðilar Gekon eru yfir 40 talsins og hefur myndast óvenju breið samstaða um framgöngu verkefnisins úr öllum hlutum hins íslenska jarðvarmaklasa.
Hér er um tímamótaatburð að ræða og einstakt tækifæri til að sjá einn helsta og virtasta sérfræðing heims á sviði stefnumótunar og samkeppnishæfni, ásamt fleirum, tala um hvernig Ísland gæti hugsanlega orðið leiðandi í vinnslu jarðvarma í heiminum.

Iceland Geothermal 2010
Conference Agenda

Date: Monday, November 1st 2010
Time: 13:00 - 17:45
Place: Háskólabíó, Reykjavík, Iceland
Language: English

www.icelandgeothermal.is

| | |
|---|---|
| 13:00-13:30 | Reception - Háskólabíó |
| 13:30-13:40 | Dr. Kristín Ingólfsdóttir, President of University of Iceland; Conference opening. |
| 13:40-13:50 | Short film; Iceland and Geothermal by Þorsteinn J. |
| 13:50-14:20 | Dr. Christian Ketels, Harvard Business School; The profile of the Icelandic geothermal cluster. |
| 14.20-15:40 | Dr. Michael Porter, Harvard Business School; Mapping the Icelandic geothermal cluster. |
| 15:40-16:00 | Coffee break |
| 16:00-16:15 | Ms. Katrín Júlíusdóttir, Minister of Industry; The geothermal cluster: The role of Government. |
| 16:15-16:30 | Dr. Hörður Arnarson, CEO of Landsvirkjun; The geothermal cluster: The role of companies. |
| 16:30-16:45 | Mr. Stefán Pétursson, CFO of Arionbanki; The geothermal cluster: The role of financial institutions - A new approach in Iceland. |
| 16:45-16:55 | Dr. Þorsteinn Ingi Sigfússon, Director of Innovation Institute of Iceland; The future of the Icelandic geothermal cluster. Next steps. |
| 16:55-17:25 | Mr. Emiliano Duch, CEO of Competitiveness, Barcelona, and a Director of the Barcelona Clusters Summer School at IESE; A case study of a successful cluster policy. Learnings for the Icelandic geothermal cluster. |
| 17:25-17:35 | Dr. Ólafur Ragnar Grímsson, President of Iceland, Patron of the Conference; Final remarks. |
| 17:35-17:45 | Dr. Ari Kristinn Jónsson, President of the University of Reykjavík  Conference closing |

**Ráðstefnan fer fram á ensku. Þátttökugjald krónur 13.200.- ( 6.600.- krónur fyrir skólafólk)**   **Miðasala fer fram á midi.is**

GEKON
Skipuleggjandi ráðstefnunnar er Gekon ehf

midi.is
Miðasala fer fram á midi.is

**Platínu bakhjarl:**
Arion banki

**Demant bakhjarl:**
KPMG
HS Orka

**Samstarfsaðilar:**
365 miðlar
Bláa lónið
Efla
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
Enterprise Europe Network
Fjárfestingastofa Íslands
Georg
Háskólinn á Bifröst
Háskóli Íslands
Háskólinn í Reykjavík
Hótel Holt
Icelandair
Iðnaðarráðuneytið
Íslandsbanki
Íslandsstofa
ÍSOR
Jarðboranir
Jarðhitaskóli Sameinuðu Þjóðanna
Keilir
Landsnet
Landsvirkjun
Landvernd
LEX
Lýsing
Mannvit
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Orkustofnun
Orkuveita Reykjavíkur
Rannís
RARIK
Reykjavík Geothermal
REYST
RES
Samorka
Umhverfisráðuneytið
Utanríkisráðuneytið
Verkís
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar (Kadeco)






# Gjaldþrota gildismat

Leikhús ★★★★

**Fólkið í kjallaranum**
Borgarleikhúsið

**Höfundur:** Ólafur Egill Egilsson, byggt á skáldsögu Auðar Jónsdóttur. **Leikstjóri:** Kristín Eysteinsdóttir **Aðalhlutverk:** Ilmur Kristjánsdóttir, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Sigrún Edda Björnsdóttir, Jóhann Sigurðsson, Guðjón Davíð Karlsson og fleiri.


**FÓLKIÐ Í KJALLARANUM** Ilmur Kristjánsdóttir er eins og sniðin í hlutverk aðalpersónunnar Klöru.

Græðgin mætir kæruleysinu í heillandi leikverki í Borgarleikhúsinu. Fólkið í kjallaranum var frumsýnt á laugardagskvöldið. Auði Jónsdóttur klappað lof í lófa og Ólafur Egill Egilsson á sannarlega hrós skilið fyrir leikgerðina sem nálgaðist upprunaverkið á trúverðugan og næman máta.

Klara er dóttir hippa og eiginkona uppa. Kynslóðir klæða lífsstíl sinn í búning, allir eru í leit að sjálfum sér. Klara er dóttir róttækra hjóna sem drekka og rífast milli þess sem þau njótast og börnin skoppa einhvern veginn með án þess að geta rönd við reist.

Ólafur Egill Egilsson leysir vel þá þungu þraut að færa bók yfir í hið leikræna form og persónurnar sem birtast okkur lifna vel á sviðinu.

Leikstjórn Kristínar Eysteinsdóttur er skýr vinna með andstæður.

Sýningin stendur og fellur með aðalpersónunni Klöru sem Ilmur Kristjánsdóttir er eins og sniðin í. Það er ekki nokkur leið að afneita foreldrum sínum og heldur ekki alveg einfalt að kasta sér af fullri innlifun inn í einhvern nýjan lífsstíl sem á að vera fínni og betri en sá sem þeir aðhylltust.

Það sem togast á í henni er að hún er eins og þau, en hún vill verða eitthvað annað þó hún viti ekki alveg, hvað þetta annað er. Hún afneitar um leið og hún er á kafi í sínu fyrra lífi.

Áhorfendur sátu beggja megin sviðsins og þó svo að það væri hægt að sjá hverjir sátu hinum megin truflaði það engan veginn. Lausnin var skýr og myndin þjónaði verkinu vel. Annars vegar hið monthanalega eldhús yngri kynslóðarinnar og hins vegar tjaldútilegan með appelsínugula tjaldinu sem allir muna eftir (sem lifðu þá tíma).

Þessi sýning var fantagóð, þar sem árekstrar hugmyndafræði mismunandi kynslóða skarast um leið og hið sammannlega er allsráðandi. Matarboð ungu hjónanna þar sem víntegundirnar eru fínni og glösin dýrari heldur en hjá foreldrunum er í raun og veru sams konar fyllerí, bara í öðrum og smartari búningi. Leitin að leiðinni til þess að lifa þessu lífi er allsráðandi. Hlutverkaskipan var góð þó svo að foreldrarnir hafi verið nokkuð of ýktir. Þau Jóhann Sigurðarson og Sigrún Edda Björnsdóttir léku svolítið lausum hala og voru ekki nógu trúverðug sem þeir fulltrúar sem þau áttu að vera, nefnilega fyrir baráttu og ákveðna kynslóð. Þau eru bæði sterk og miklir senuþjófar sem áhorfendur svolgra í sig af áfergju og njóta meðan þau öslast um með argandi nærveru sinni og beittum húmor en sá hástemmdi leikstíll strokar svolítið út það sem þau standa fyrir (eða stóðu fyrir).

Jóhann átti salinn í hvert sinn sem hann birtist og Sigrún Edda í hlutverki hinnar sídrukknu móður þrátt fyrir ömurlegheitin var sprenghlægileg á köflum. Vinkonuna Fjólu sem fylgir Klöru allan tímann þó lengst af í hennar huga og hún svo afneitar með því að þykjast ekki þekkja hana þegar hún er komin út á ystu nöf, leikur Elma Lísa Gunnarsdóttir. Leikur hennar og hlutverk er skýrt framan af en þegar kemur að ögurstundinni verður rof í leikstílnum. Hefði mátt beita lágstemmdum ljósum til að skýra betur mörk lífs og dauða. Þetta var kannski í rauninni erfiðasta leikræna lausnin og því verða lokin svolítið endasleppt.

Guðjón Davíð Karlsson var góður í hlutverki Svenna, eiginmanns Klöru; góður og vel þenkjandi ungur maður sem leggur áherslu á að þau Klara verði búin að koma sér vel fyrir í tilverunni áður en þau fari að leggja út í barneignir. Foreldrar Klöru eignuðust bara börn hvort sem það var skipulagt eða ekki. Guðjóni tekst hér vel upp við að skapa trúverðugan snobbstrák, sem þrátt fyrir yfirbragðið og uppstrílaðan fatasmekk er líka mjög mannlegur.

Birgitta Birgisdóttir sem hin unga smarta eiginkona Bogga á marga góða spretti og þróast vel í verkinu. Líkamsbeiting hennar er eins og sprottin úr smartheita- og bullustrokkastefnu sjálfsdýrkunarinnar. Mjög vel gert. Einkar trúverðugt þegar hún biður Klöru um að hlusta á trúnóið.

Þröstur Leó lék manninn í kjallaranum, manninn sem var pirrandi og um of minnti á eitthvað ósmart. Hann hefur algert vald á karakternum.

Kristín Þóra Haraldsdóttir fer með hlutverk litlu systurinnar Emblu sem illa fer fyrir og systurdótturinnar Nönnu og er það leyst einfaldan og skemmtilegan hátt hvernig hún með örlítlum táknum fer milli hlutverkanna. Henni tekst mjög vel að koma sorginni og frústrasjóninni til skila. Boggi, vinurinn í matarboðinu er fulltrúi gungunnar og var Hallgrímur Ólafsson trúverðugur í því hlutverki, einkum þegar hann þurfti að nálgast kótilettukarlinn í kjallaranum vegna vandamálsins með köttinn sem át fuglana.

Ilmur átti sviðið og óx í hlutverkinu við hverja raun. Ákall hennar á breytingar þegar allt er komið í vitleysu með systurina, lét ekki nokkurn mann ósnortinn. Þetta var flottur leikur og allt yfirbragð persónunnar, búningur hennar, kjóllinn, klossarnir og peysan eins og framhald af því sem var. Niðurstaðan er kannski sú að það er sama hvernig við rembumst, við verðum alltaf framhald af því sem á undan er gengið.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Fantagóð sýning um árekstra hugmyndafræði ólíkra kynslóða.

# Kristinn syngur með Frostrósum

Kristinn Sigmundsson óperusöngvari syngur á fyrstu klassísku tónleikum Frostrósa, sem haldnir verða í Háskólabíó 19. desember næstkomandi.

Klassísku tónleikarnir eru ný viðbót við jólatónleika Frostrósa, sem hafa átt miklum vinsældum að fagna undanfarin ár. Að þessu sinni verður boðið upp á tónleika á tólf stöðum vítt og breitt um landið, en auk þeirra verður nú í fyrsta skipti boðið upp á eina klassíska tónleika í lok tónleikaraðarinnar, rétt áður en jólahátíðin gengur í garð, þar sem Kristinn Sigmundsson mun syngja, ásamt öðrum óperusöngvurum.

Frostrósir Klassík verður frábrugðin hinum hefðbundnu Frostrósatónleikum því um er að ræða hátíðartónleika þar sem margir af fremstu einsöngvurum landsins syngja sígilda sálma og helgilög eftir íslenska og erlenda höfunda. Tveir fremstu tenórar landsins, þeir Jóhann Friðgeir og Garðar Thór Cortes koma fram, ásamt sópransöngkonunum Díselu Lárusdóttur og Grétu Hergils auk Kristins. Klassískur armur Stórhljómsveitar Frostrósa, leikur undir stjórn Árna Harðarsonar.


**FROSTRÓSIR** Kristinn Sigmundsson óperusöngvari syngur á fyrstu klassísku tónleikum Frostrósa.

Einnig syngja á tónleikunum félagar úr Karlakór Fóstbræðra, Óperukórinn og stúlkur úr Stúlknakór Reykjavíkur.

# „...Maður gæti jafnvel splæst í fjölskyldu einn góðan veðurdag – og kannski hús og bíl.”

Draumurinn er að geta fyrst og fremst lifað á loftinu og listinni. Ég er til í einfalt og ódýrt líf og gæti alveg hugsað mér að búa einhvers staðar í kvistherbergi undir súð ef ég fæ góðan tíma til að skrifa og hef pláss fyrir penslana og strigann í einu horninu. Ég þarf líka að eiga fyrir bókum, myndum, músík og fjölmiðlunum. ...Jú, og kannski geta skroppið öðru hvoru í leikhús og bíó. Og svo þarf maður auðvitað að eiga fyrir bolla á kaffihúsunum og rauðvínsglasi ef maður býður einhverri með sér út að borða. Hm... þetta er kannski ekkert rosalega einfalt og ódýrt líf. Góðu fréttirnar eru samt að það er hægt að hafa fínt upp úr almennilegri listsköpun. Maður gæti jafnvel splæst í fjölskyldu einn góðan veðurdag – og kannski hús og bíl. Og jafnvel húsbíl.



## Er þitt barn okkar barn?

Öll börn og ungmenni eiga sér drauma um framtíðina. Undan sumum þeirra er fótunum kippt fyrirvaralaust vegna slysa eða sjúkdóma í æsku sem haft geta í för með sér ævilanga örorku. Þeir sem ekki hafa fest sig í sessi á vinnumarkaði standa utan lífeyriskerfisins og njóta því einungis bóta Tryggingastofnunar.

OKKAR framtíð er ný og kærkomin framtíðartrygging barna og ungmenna sem skipt getur sköpum fyrir fjárhagslegt sjálfstæði þeirra á fullorðinsárum. Með OKKAR sparnaði, sem laus er til útborgunar við átján ára aldur, má treysta undirstöðurnar enn frekar.

okkar framtíð

**- framtíðartrygging barna fyrir „efin” í lífinu og fjárhag fullorðinsáranna**

OKKAR líftryggingar hf. • Sóltúni 26 • 105 Reykjavík • Sími 540 1400 • Fax 540 1401 • www.okkar.is

okkar

ÞRIÐJUDAGAR ERU TILBOÐSDAGAR!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE AMERICAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| BRIM | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 14 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 5 - 8 - 10.45 | L |
| EAT PRAY LOVE LÚXUS | kl. 5 - 8 - 10.45 | L |
| PIRANHA 3D | kl. 10.45 | 16 |
| WALL STREET 2 | kl. 8 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| GREENBERG | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| BRIM | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| R | kl. 6 - 10 | 16 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 6 - 9 | L |
| SUMARLANDIÐ | kl. 6 - 8 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BRIM | kl. 5.30 | L |
| THE AMERICAN | kl. 8 - 10 | 14 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 5.30 - 8 | L |
| PIRANHA 3D | kl. 10.25 | 16 |

facebook.com/smarabio AUKAKRÓNUR 5%

ATH: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíói

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




TILBOÐ í bíó. Gildir á allar sýningar dagsins.




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE AMERICAN | 5.45, 8 og 10.20 | 14 |
| DINNER FOR SCHMUCKS | 5.45, 8 og 10.20 | 7 |
| WALL STREET | 10 | L |
| AULINN ÉG 3D | 6 | L |
| THE EXPENDABLES | 8 | 16 |

BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE TOWN | kl. 6 - 8 - 10 - 10:40 | 16 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:40 | VIP |
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 - 8 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 6 - 8:15 - 10:30 | 7 |
| SOLOMON KANE | kl. 8:15 - 10:40 | 16 |
| SOLOMON KANE | kl. 5:50 | VIP |
| GOING THE DISTANCE | kl. 8:30 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |
| AULINN ÉG M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| WALL STREET 2 | kl. 8 - 10:30 | L |
| EAT PRAY LOVE | kl. 8 | L |
| SOLOMON KANE | kl. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE TOWN | kl. 8 - 10:10 - 10:40 | 16 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |
| GOING THE DISTANCE | kl. 8 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |
| STEP UP 3-3D | kl. 8 | 7 |
| INCEPTION | kl. 10:10 | 12 |
| HUNDAR OG KETTIR M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 8 - 10:10 | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG KR. 650*
*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR, Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR


# HELGIN HENNAR YOKO ONO

**Yoko Ono málaði Reykjavík í friðarlitunum um helgina þegar hún minntist þess að sjötíu ár voru liðin frá fæðingu Johns Lennon. Á föstudag var hún viðstödd frumsýningu heimildarmyndarinnar Imagine Peace eftir Ara Alexander, sem hann gerði um friðarsúluna í Viðey. Á laugardag var Yoko síðan mætt, ásamt fríðu föruneyti, út í Viðey til að kveikja á Friðarsúlunni góðu. Yoko tróð síðan upp í Háskólabíói þá um kvöldið ásamt syni sínum, Sean Lennon, og Plastic Ono Band og tók öll sín bestu lög, og lag Lennons, Give Peace a Chance.** - fgg


Jakob Frímann Magnússon, Hrafn Gunnlaugsson og Jón Gnarr. Þeir verða nú ekki mikið glæsilegri en þetta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Steinþór Helgi frá útgáfufyrirtækinu Borginni og Jóna Helga frænka hans voru að sjálfsögðu á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


Steinunn Rut og Haukur Ingvarsson, nýjasti liðsmaður Kiljunnar, voru meðal gesta.


Stjarna helgarinnar var án nokkurs vafa Yoko Ono. Hér er hún í Bíó Paradís.


Ari Alexander, sem gerði heimildarmynd um Friðarsúlu Yoko, og Einar Örn voru innilegir á Plastic Ono Band-tónleikunum.


Sean Lennon varð 35 ára á laugardaginn. Og hélt upp á afmælið í Þjóðleikhúskjallaranum.


Yoko Ono var í miklu stuði á tónleikunum og raunar ótrúlegt að hún skuli vera orðin 77 ára.


Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi og sonur hennar, Karl Ólafur, mættu í Háskólabíó til að hlýða á Yoko Ono.






# Elskar alltaf Spice Girls

**Kryddpían fyrrverandi Mel B lýsir yfir ást sinni á hljómsveitinni Spice Girls og meðlimum hennar í nýlegu viðtali. Mel B, sem var þekkt sem Scary Spice, segir þær Emmu Bunton, Geri Halliwell, Mel C og Victoriu Beckham vera sínar æskuvinkonur. „Þó að það slettist stundum upp á vinskapinn á milli okkar vorum við og erum alltaf bestu vinkonur. Þær þekkja mig manna best,“ segir þessi fyrrverandi-tengdadóttir Íslands en verið er að undirbúa söngleik sem byggist á ferli og sögu Spice Girls.**


MEL B


BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| *INNÍ TÓMIÐ (ENTER THE VOID) 16 | 18:00, 21:00 |
| VETRARMEIN (WINTER'S BONE) 14 | 17:10, 19:10, 21:10 |
| LENNON UNGI (NOWHERE BOY) L | 17:20, 19:20, 21:20 |
| *BACKYARD | 17:30, 19:30 |
| **KINO KLÚBBUR: From Hetty To Nancy+Rapturous | 21:00 |

* ENGLISH SUBTITLES ** 600 KR. INN, AÐGANGSKORT GILDA EKKI.




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

ÚRVAL HEIMILISTÆKJA Á TILBOÐSVERÐI

# 20-30% AFSLÁTTUR

HEITIR & KALDIR

# Dagar Í OKTÓBER

3 TÆKI Í PAKKA TILBOÐ

AEG

**ÞÚ SPARAR 101.800,-**

- AEG OFN [B-4101-5-M]
- AEG HELLUBORÐ [HK634000 XB]
- AEG VEGGHÁFUR [DK 3160-M]

LISTAVERÐ 311.700,-

**TILBOÐSVERÐ: 217.900,-**

30% afsláttur

AEG

**ÞÚ SPARAR 83.800,-**

- AEG OFN [B-3051-5-M]
- AEG HELLUBORÐ [HK634000 XB]
- AEG VIFTA [DF 6164-M]

LISTAVERÐ 263.700,-

**TILBOÐSVERÐ: 184.900,-**

30% afsláttur

AEG

**ÞÚ SPARAR 66.800,-**

- AEG OFN [B-3051-5-W]
- AEG HELLUBORÐ [HK-61400XB]
- AEG VIFTA [DU 4361-W]

LISTAVERÐ: 216.700,-

**TILBOÐSVERÐ: 149.900,-**

30% afsláttur

Tefal

POTTAR OG PÖNNUR

**20% AFSLÁTTUR**

DRAUMARYKSUGURNAR ERU FRÁ AEG

*Þær gerast ekki betri!*

**20% AFSLÁTTUR**

AF ÖLLUM AEG RYKSUGUM

**20% AFSLÁTTUR**

AF AEG OFNUM, ELDAVÉLUM, HELLUBORÐUM og VIFTUM/HÁFUM

AEG

**40% AFSLÁTTUR**

AF ÖLLUM AEG GAS-HELLUBORÐUM

AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

## FRYSTIKISTUR FRYSTISKÁPAR



**TILBOÐSVERÐ** Á KÆLISKÁPUM, FRYSTISKÁPUM OG FRYSTIKISTUM

Lítið eitt útlitsgallaðir frystiskápar á flottu verði

**KANNAÐU ÚRVALIÐ!**

## ÞÉR LÍÐUR BETUR MEÐ AEG

## KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

GÓÐ ÞJÓNUSTA GOTT VERÐ

# ORMSSON

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| LÁGMÚLA 8 | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 |

# sport

sport@frettabladid.is



**KRISTJÁN ÖRN SIGURÐSSON** verður fyrirliði íslenska A-landsliðsins í kvöld gegn Portúgal. Kristján var fyrst fyrirliði landsliðsins árið 2008 er Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari tók bandið af Eiði Smára Guðjohnsen.

## Einkunnir Íslands

**Byrjunarliðið:**

| | |
|---|---|
| Arnar Darri Pétursson | 5 |
| Hjörtur Logi Valgarðsson | 5 |
| Elfar Freyr Helgason | 7 |
| Eggert Gunnþór Jónsson | 8 |
| Andrés Már Jóhannesson (út á 46.) | 5 |
| Aron Einar Gunnarsson | 7 |
| Bjarni Þór Viðarsson | 7 |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 8 - Maður leiksins |
| Jóhann Berg Guðmundsson (út á 84.) | 5 |
| Rúrik Gíslason | 4 |
| Kolbeinn Sigþórsson (út á 46.) | 6 |

**Varamenn:**

| | |
|---|---|
| Alfreð Finnbogason inn á 46. mín | 5 |
| Guðlaugur Victor Pálsson inn á 46. mín | 6 |
| Guðmundur Kristjánsson á 84. mín | - |

Formaður KSÍ:

## Framtíð A-liðsins er björt

**FÓTBOLTI** Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, var í sjöunda himni með árangur U-21 landsliðsins í gær.

„Við höfum aldrei komist lengra í karlaknattspyrnu og við gerðum þetta með því að spila góða knattspyrnu. Við áttum kannski í vandræðum í þessum leik en þjálfarinn og strákarnir náðu að finna leið út úr því.“

Hann segir stundina stóra í íslenskri knattspyrnu.

„Þetta fyllir mig bjartsýni fyrir A-landslið karla. Maður sér bjartari tíma fram undan fyrir það lið þegar þessir drengir taka við. Ákvörðunin sem stjórn KSÍ tók var á allan hátt eðlileg enda byggð á áralangri reynslu í fótbolta og sannfæringu okkar sem í henni sitja,“ bætti hann við. **- esá**

## ÚRSLIT

*IE-deild karla*

Snæfell-Keflavík 90-81

Snæfell: Sean Burton 29/6 stoðsendingar, Ryan Amaroso 20/12 fráköst, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 12, Jón Ólafur Jónsson 9/14 fráköst, Emil Þór Jóhannsson 7, Atli Rafn Hreinsson 6, Egill Egilsson 3, Lauris Mizis 2, Kristján Andrésson 2.

Keflavík: Sigurður Gunnar Þorsteinsson 29/9 fráköst, Hörður Axel Vilhjálmsson 23 Gunnar Einarsson 14, Þröstur Leó Jóhannsson 7, Elentínus Margeirsson 6, Jón Nordal Hafsteinsson 2.

ÍR-Njarðvík 76-79

ÍR: Nemanja Sovic 23, Kelly Biedler 21, Karolis Marcinkevicius 10, Níels Dungal 9, Ásgeir Örn Hlöðversson 9, Hjalti Friðriksson 4.

Njarðvík: Antonio Houston 23, Rúnar Erlings. 11, Guðmundur Jóns. 11, Páll Kristins. 11, Jóhann Ólafs. 9, Hjörtur Einarss 9, Friðrik Stefáns. 5.

Haukar-Tindastóll 83-64

Haukar: Semaj Inge 24, Gerald Robinson 18, Örn Sigurðarson 15, Sævar Ingi Haraldsson 14, Óskar Magnússon 4, Haukur Óskarsson 3.

Tindastóll: Josh Rivers 18, Dragoljub Kitanovic 16, Helgi Viggósson 10, Helgi Margeirsson 6, Hreinn Birgisson 4, Halldór Halldórsson 3.

# Draumar rættust í Edinborg

**Hægri fótur Gylfa Þórs Sigurðssonar sá til þess að Ísland er ein átta þjóða sem leika í úrslitakeppni Evrópumótsins næsta sumar. Árangur íslensku strákanna er bæði stórbrotinn og sögulegur.**

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið skipað leikmönnum 21 árs og yngri er komið í úrslitakeppni Evrópumeistaramótsins sem fram fer næsta sumar. Sá ótrúlegi og stórglæsilegi áfangi náðist á Easter Road vellinum í Edinborg í gær. Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskt karlalandslið í knattspyrnu kemst á lokamót EM.

Alveg eins og í fyrri leik liðanna í síðustu viku vann Ísland 2-1 sigur á Skotum í gær en um gjörólíka leiki var að ræða. Strákarnir hafa margoft spilað betur en í gær en þegar upp er staðið skiptir það bara engu máli. Strákarnir gerðu nóg til að komast áfram.

Mikið hefur verið rætt um Gylfa Þór Sigurðsson og í gær sýndi strákurinn að hann er umtalsins virði. Hann skoraði tvö stórglæsileg mörk með hægri fætinum sínum, bæði skotin voru óverjandi fyrir skoska markvörðinn.

Fyrra markið kom á 74. mínútu en Skotar náðu að jafna í kjölfarið með einkar skrautlegu marki. Þeir tóku miðju og Chris Maguire gerði sér lítið fyrir og dúndraði knettinum umsvifalaust í netið. Arnar Darri Pétursson markvörður var illa staðsettur og missti boltann yfir sig.

Þá kom Gylfi bara aftur og negldi boltanum í netið. Þar með var ljóst að leiknum væri lokið enda höfðu Skotar þá tíu mínútur til að skora þrjú mörk.

„Þetta var bara fáránlegt,“ sagði Gylfi eftir leikinn. „Ég vissi að hann færi beint upp í samúel - ég hitti hann svo vel. Ég sá að stefnan var þráðbein og á leið upp í samskeytin,“ sagði hann um seinna markið sitt. „Árangurinn er frábær. Þetta gerist ekki betra. Þetta er hlutur sem ég hef dreymt um síðan ég var krakki.“

**Skotland 1-2 Ísland**

Edinborg.,áhorf.: 12.320 Markus Strömbergsson (8)

*0-1 Gylfi Þór Sigurðsson (74.)*
*1-1 Chris Maguire (75.)*
*1-2 Gylfi Þór Sigurðsson (80.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 13-14 (6-7) |
| Varin skot | Martin 5 – Arnar Darri 3 |
| Horn | 5–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–14 |
| Rangstöður | 0–1 |



**ÞJÁLFARINN Á FLUGI** Eyjólfur Sverrisson hefur náð ótrúlegum árangri með íslenska U-21 árs liðið og fékk flugferð frá strákunum í gær. Á neðri myndinni sést Gylfi Þór fagna öðru marka sinna. MYND/HÖRÐUR SNÆVAR

Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari var ekki síður ánægður með áfangann.

„Þetta var ótrúlegt og ég er afar stoltur af strákunum,“ sagði Eyjólfur. „Það var mikið í húfi í þessum leik og það sást í fyrri hálfleik. Hann var einn sá slakasti sem ég hef séð hjá strákunum og það virtist nokkur taugaveiklun í þeim. Ég er afar feginn að við náðum að snúa þessu við í seinni hálfleik og heila málið er að við vorum betri aðilinn í þessum tveimur leikjum og eigum skilið að fara áfram.“

Hann sagði mörkin hjá Gylfa hafa verið stórglæsileg. „Gylfi er sniðugur að finna sér þessi færi. Hann hafði svæði sem hann átti að leita í og finna boltann. Það gekk illa í fyrri hálfleik en betur í þeim síðari þegar við spiluðum með meiri þolinmæði. Þá gekk þetta allt betur.“



Leiksins í gær verður ekki minnst fyrir annað en lokatölurnar, mörkin þrjú og stórbrotinn áfanga sem verður að teljast einn sá allra merkasti í sögu íslensks íþróttalífs.

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson**
í Edinborg skrifar






Paulo Bento, landsliðsþjálfari Portúgals, einbeittur fyrir leikinn gegn Íslandi:

# Við verðum að vera þolinmóðir

**FÓTBOLTI** Ísland tekur á móti Cristiano Ronaldo og félögum í portúgalska landsliðinu á Laugardalsvelli í kvöld. Leikurinn er liður í undankeppni EM 2012.

„Þetta verður erfiður leikur og ég bý mitt lið undir erfiðan leik,“ sagði hinn nýráðni þjálfari Portúgals, Paulo Bento.

„Við gerum okkur grein fyrir því að það gæti tekið tíma að brjóta niður íslenska liðið, sem verst vel. Við verðum því að vera þolinmóðir og einbeittir allan leikinn. Það má ekkert slaka á.“

Eins og kunnugt er saknar íslenska liðið sjö leikmanna sem voru með U-21 árs liðinu gegn Skotum í gær.

„Það var ákvörðun KSÍ og breytir ekki neinu fyrir mig. Við erum komnir hingað til að sigra.“

Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari Íslands, gerir sér grein fyrir því að íslenska liðið verði mikið í vörn í kvöld. „Við munum þurfa að verjast mikið, það er ljóst. Við ætlum samt að reyna að gera eitthvað við boltann þegar við fáum hann. Vonandi bjóðast einhverjir möguleikar fyrir okkur en ég veit að þeir verða ekki margir,“ sagði Ólafur Jóhannesson. **- hbg**



**RONALDO MÆTTUR** Íslenskir aðdáendur Cristiano Ronaldo hafa setið um kappann síðan hann kom til landsins en hann gefur fá færi á sér enda að búa sig undir leikinn í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Fiskur á þriðjudögum

## OG GLÆNÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR GULLAUGA EÐA RAUÐAR




NÝ FERSK LÍNUÝSA ROÐ OG BEINLAUS




NÝJAR KARTÖFLUR GULLAUGA OG RAUÐAR




*NORÐANFISKUR:* FROSNIR ÞORSKBITAR ROÐ OG BEINLAUSIR




*NORÐANFISKUR:* FROSNIR ÝSUBITAR ROÐ OG BEINLAUSIR




FROSINN STEINBÍTUR ROÐ OG BEINLAUS




ORA FISKBOLLUR HEILDÓS 830g




*BÓNUS* ÝSUBITAR Í RASPI 800g




*NORÐANFISKUR:* FRYSTAR STEIKTAR FISKBOLLUR




*FISKBÚÐIN OKKAR:* FERSKAR STEIKTAR FISKBOLLUR




*AKURSEL:* LÍFRÆNT RÆKTAÐUR GULRÆTUR 500g




EUROSHOPPER FROSIÐ BROKKOLI 1 kg




EUROSHOPPER FROSIN BROKKOLI GRÆNMETISBLANDA 1 kg




BÓNUS GULLIN BRAUÐ RASPUR 300g




BÓNUS HRÁSALAT 350g

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

## > Julia Louis-Dreyfus

„Ekkert gefur meiri kraft en sterk tengsl við heimilið og fjölskylduna og að hafa að auki eitthvert hlutverk í samfélaginu. Besta leiðin til þess að geta látið til sín taka er að breyta litlu hlutunum í lífinu.“



***Julia Louis-Dreyfus leikur einstæðu móðurina Christine í gamanþáttunum The New Adventures of Old Christine sem er á dagskrá Stöð 2 kl. 20.35 í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON UM STEFNUR OG STRAUMA

# *Of súrt fyrir Salvador Dali?*

Súrrealismi er listastefna sem átti upptök sín í Frakklandi í kringum 1920. Orðið súrrealismi er komið úr frönsku og þýðir óraunveruleiki. Súrrealistar héldu því fram að menn ættu að fá innblástur til listaverka frá undirmeðvitundinni, draumum og eðlisávísuninni en ekki frá upplifunum og reynslu. Þetta er svona það fyrsta sem maður finnur um súrrealisma með því að gúggla fyrirbærið. Eins, að þessi hugmyndafræði hefur í gegnum tímann verið kveikjan að stórkostlegri fegurð, eins og meðfylgjandi verk spænska listamannsins Salvadors Dalí er til vitnis um.



En það sem vakti áhuga minn fyrir því að nota leitarvélina alráðu var reyndar sjónvarpsþátturinn The Marriage Ref, ótrúlegt en satt, sem grínistinn Tom Papa á veg og vanda að. Hugmyndin að þættinum er súr í sjálfu sér. Að fjalla um hjónabandserjur bandarískra hjóna sem eiga sér rót í einhverju óvenjulegu. Papa fær svo til liðs við sig frægt fólk til að dæma um það hver sé í rétti. Það er að segja: Hvort hefur rétt fyrir sér í viðkomandi deilumáli.

Hafi markmiðið verið að gera eitthvað nýtt, þá hefur það tekist; rétt eins og hjá listafólkinu í Frakklandi í byrjun þriðja áratugarins og sporgöngumönnum þess.

Án þess að greina þetta frekar ætla ég að láta eftirfarandi duga og hver verður svo að dæma fyrir sig: Tom Papa kallar til sín Madonnu, Ricky Gervais og Larry David. Síðan velta þau fyrir sér hvort það sé réttlætanleg gagnrýni frá ónefndum eiginmanni að spúsa hans haldi upp á gervifót síns fyrrverandi. Líka hver hafi rétt fyrir sér í deilumáli um hvort ónefndur eiginmaður eigi að leggja kynlíf þeirra hjóna í dóm móður sinnar á níræðisaldri. Já, og fá góð ráð hjá gömlu konunni.

## SJÓNVARPIÐ

**16.10 Stríðsárin á Íslandi** (2:6)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Chris á skólabekk** (2:3) (e)
**18.00 Friðþjófur forvitni** (6:20)
**18.25 Hundaþúfan** (4:6)
**18.30 Jimmy Tvískór** (26:26)
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**



**19.25 Landsleikur í fótbolta** (Ísland - Portúgal) Karlalandslið Íslands og Portúgals eigast við á Laugardalsvelli í beinni útsendingu. Leikurinn er liður í undankeppni EM 2012.

**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Rannsókn málsins - Sírena** (2:2) (Trial and Retribution: Siren) Bresk spennumynd frá 2008 í tveimur hlutum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Refsiréttur** (3:5) (Criminal Justice) Bresk sakamálasyrpa í fimm þáttum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. (e)
**00.10 Fréttir** (e)
**00.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Proof**
**10.00 Reality Bites**
**12.00 Happily N'Ever After**
**14.00 Proof**
**16.00 Reality Bites**
**18.00 Happily N'Ever After**
**20.00 Man About Town**
**22.00 Thelma and Louise**
**00.05 The Prophecy 3**
**02.00 Tekkon kinkurito**
**04.00 Thelma and Louise**
**06.05 The Heartbreak Kid**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Bratz, Íkornastrákurinn
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 That Mitchell and Webb Look** (1:6)
**10.55 Wipeout USA**
**11.45 Monk** (2:16)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (19:24)
**13.25 The Seeker: The Dark Is Rising**
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Ben 10**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Strumparnir, Nonni nifteind
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (19:21)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (23:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (21:22)
**20.10 The Middle** (11:24) Frábærir gamanþættir í anda Malcholm in the Middle.
**20.35 The New Adventures of Old Christine** (13:22) Fjórða þáttaröðin um einstæðu móðurina Christine.
**21.00 Cougar Town** (18:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courteney Cox.
**21.25 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.
**22.10 The Shield** (6:13) Sjöunda spennuþáttaröðin um lögreglulið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt.
**23.00 Daily Show: Global Edition**
**23.25 Pretty Little Liars** (6:22)
**00.10 Grey's Anatomy** (2:22)
**00.55 Medium** (3:22)
**01.40 Nip/Tuck** (2:19)
**02.25 Cathouse: Menage a trois**
**03.10 Tsotsi**
**04.40 Lonesome Jim**
**06.10 The Middle** (11:24)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.30 Á vellinum** Virkilega skemmtilegur þáttur þar sem barna og unglingastarfinu er veitt athygli. Fjallað verður um yngri flokkana í knattspyrnunni og þeim gerð góð skil.
**18.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**18.30 Grillhúsmótið** Sýnt frá Kraftasportinu 2010 en til leiks eru mættir flestir af sterkustu mönnum Íslands.
**19.10 Muhammed og Larry**
**20.05 Viking Classic** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**21.00 England - Svartfjallaland** Útsending frá leik Englands og Svartfjallalands í undankeppni EM.
**22.40 World Series of Poker** Sýnt frá Main Event þar sem allir sterkustu spilarar heims koma saman.
**23.30 England - Svartfjallaland** Útsending frá leik Englands og Svartfjallalands í undankeppni EM.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.40 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.35 Football Legends - Figo** Ferill Figo verður krufinn til mergjar og farið verður i gegnum hans helstu afrek a ferlinum.
**19.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**19.30 Man. Utd - West Ham / HD** Enska úrvalsdeildin.
**21.15 Bolton - Birmingham / HD** Enska úrvalsdeildin.
**23.00 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**23.30 PL Classic Matches: Man. United - Chelsea, 1999**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.20 Spjallið með Sölva** (3:13) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Spjallið með Sölva** (3:13) (e)
**12.40 Pepsi MAX tónlist**
**15.50 Game Tíví** (4:14) (e)
**16.20 Rachael Ray**
**17.05 Dr. Phil**
**17.45 Parenthood** (1:13) (e)
**18.30 Fyndnar fjölskyldumyndir** (2:10) (e)
**18.55 Real Hustle** (3:8) Áhugaverður þáttur þar sem þrír svikahrappar leiða saklaust fólk í gildru og sýna hversu auðvelt það er að plata fólk til að gefa persónulegar upplýsingar og aðgang að peningum þeirra.
**19.20 Rules of Engagement** (2:13) (e)
**19.45 Whose Line Is It Anyway** (7:20)
**20.10 The Marriage Ref** (5:12)
**21.00 Nýtt útlit** (4:12) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata.
**21.50 Nurse Jackie** (2:12).
**22.20 United States of Tara**.
**22.50 Jay Leno**
**23.35 CSI: New York** (11:23) (e)
**00.25 Sordid Lives** (5:12) (e)
**00.50 CSI: New York** (18:25) (e)
**01.35 Nurse Jackie** (2:12) (e)
**02.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World** Daglegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um allt það nýjasta í golfheiminum.
**18.50 Ryder Cup Official Film 1997** (e)
**21.00 European Tour - Highlights 2010** (2:10) .
**21.55 PGA Tour Yearbooks** (2:10) .
**22.35 Golfing World** (e)
**23.25 The Open Championship Official Film 2009** (e)
**00.20 Golfing World** (e)
**01.10 ESPN America**

## STÖÐ 2 EXTRA

**18.55 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**19.40 Gossip Girl** (6:22).
**20.25 Little Britain 1** (3:8) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn með þeim félögunum Matt Lucas og David Walliams og færðu þeim heimsfrægð.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 V** (5:12) Vandaðir spennuþættir sem segja á afar raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims.
**22.35 The Event** (3:13) Hörkuspennandi þættir um venjulegan ungan mann sem lendir í þeirri skelfilegu lífsreynslu að kærustunni hans er rænt og hann grunaður um að hafa komið henni fyrir kattarnef.
**23.20 Dollhouse** (2:13) Spennuþáttaröð sem gerist í náinni framtíð þar sem skotið hafa upp kollinum undirheimafyrirtæki sem gera út sérstaka málaliða, svokallaðar „brúður“.
**00.10 Gossip Girl** (6:22)
**00.55 Little Britain 1** (3:8)
**01.25 The Doctors**
**02.05 Sjáðu**
**02.35 Fréttir Stöðvar 2**
**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Guðlaugur Magnússon hjá Inkasso
**21.00 Græðlingur** Haustuppskera í boði Gurrýar.
**21.30 Svartar tungur** Birkir Jón, Sigmundur Ernir og Tryggvi Þór skoða þingmál í brennidepli.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.00

**Cougar Town**



Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courteney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs. Hana langar að hitta draumaprinsinn en á erfitt með að finna réttu leiðina til þess, enda finnst henni hún engan veginn samkeppnishæf í stóra stefnumótaleiknum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Fjölradda sveiflusöngur
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Ris og fall flugeldahagkerfa
**14.03** Að horfa á tónlist: Ragnarök
**15.03** Útvarpssagan: Stormur
**15.25** Málstofan
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.20** Tríó
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Fimm fjórðu
**23.05** Matur er fyrir öllu
**00.05** Næturtónar

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


# NÝ CANON EOS LJÓSMYNDAHANDBÓK




Ný og glæsileg ljósmyndahandbók fyrir byrjendur stafrænnar ljósmyndunar. Bókin er skrifuð fyrir notendur Canon EOS myndavéla sem vilja ná góðum tökum á myndavélinni sinni.

Í bókinni er farið yfir valmyndir Canon EOS 450D, 500D, 550D, 1000D, 40D, 50D og 7D og þær útskýrðar á mannamáli. Einnig er fjallað um helstu atriði varðandi almenna ljósmyndun og hreyfimyndatöku (video) við mismunandi aðstæður og góð ráð gefin.

Tilboð 12. til 16. október.
í verslunum Nýherja og Sense

**TILBOÐSVERÐ KR. 3.990,-**
Almennt verð 4.990,-



Höfundur bókarinnar er Þórhallur Jónsson, áhugaljósmyndari í Pedromyndum sem er Canon söluaðili á Akureyri. Þetta er önnur bókin sem hann skrifar um notkun Canon EOS myndavéla. Þórhallur er með áratuga reynslu af notkun og sölu á Canon myndavélum.

**Canon EOS ljósmyndanámskeið**
Skráðu þig á námskeið hjá Þórhalli og bókin fylgir. Næsta námskeið í Reykjavík verður laugardaginn 16. október. Nánari upplýsingar og skráning á www.sense.is

NÝHERJI Borgartún 37 — Canon — sense center Kringlunni

Hægt er að panta bókina inn á www.pedromyndir.is

Pedromyndir
Skipagata 16 | 600 Akureyri | 462 3520






# Sýningar í Austurbæ

Miðasala á midi.is

AUSTURBÆR

FACEBOOK



*„Segist stundum vera að skúra og svona þegar hún er í alvörunni að borða snakk og hanga á Netinu (lesist: gúggla sig).“*

Lára Björg Björnsdóttir, bloggari og rithöfundur

# Á þremur stöðvum sama kvöldið

Gunnar Hansson náði einstakri þrennu í íslenskri sjónvarpssögu. Hann talaði inn á heimildarmynd föður síns, Hans Kristjáns Árnasonar, Frá torfbæ á forsíðu Time, hann var auðvitað Frímann Gunnarsson í þáttunum Mér er gamanmál, sem sýndir er á Stöð 2, og á meðan á þessu stóð var hann að lýsa MacGladrey Classic golfmótinu á Stöð 2 Sport. „Og svo má ekki gleyma því að Frímann var næstum á tveimur stöðum því pabbi er nett fyrirmyndin að honum,“ segir Gunnar og hlær.

Golfmótið sem Gunnar fékk að lýsa var ekki smekkfullt af stórstjörnum því þær voru flestar að keppa á Ryder-mótinu fyrir skömmu og tóku sér því pásu. Þetta gerði Gunnari aðeins erfiðara um vik. „Ég var auðvitað drullustressaður, ég var nefnilega að stökkva inn fyrir Árna bróður minn sem þurfti óvænt að fara til útlanda,“ útskýrir Gunnar, en Árni þessi er lærður golfkennari. „Ég þekkti því ekki alla kylfingana nægilega vel og notfærði mér bara útlenska pulinn í eyrunum sem var líka skrýtið því þá var bara eins og ég væri að „dubba“,“ en slík tækni er meðal annars notuð í Þýskalandi við enskar myndir. Gunnar er sjálfur liðtækur kylfingur, byrjaði að slá aðeins níu ára gamall og þá fyrir tilstilli ömmu sinnar. „Hún er enn þá að, spilar átján án þess að blása úr nös.“

Gunnar gerir mikið af því að horfa á golf, finnst það skemmtilegasta sjónvarpsefnið og lá til að mynda límdur yfir Ryder Cup á Skjá Golfi. „En það er svolítið öðruvísi að lýsa golfi sjálfur heldur en að vera uppi í sófa með bumbuna út í loftið.“ **- fgg**



**ENN EITT HLUTVERKIÐ** Gunnar Hansson hljóp í skarðið fyrir Árna bróður sinn og lýsti golfmóti á Stöð 2 Sport. Gunnar er sjálfur liðtækur kylfingur en það var amma hans sem ýtti honum út í íþróttina þegar hann var aðeins níu ára að aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


cisv iceland
building global friendship

**Aðalfundur CISV á Íslandi**

Aðalfundur CISV á Íslandi verður haldinn í Brautarholti 6, 105 Reykajvík, 4. hæð þann 21. október 2010 klukkan 20:00.

**Dagskrá fundarins:**
Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórn CISV á Íslandi.




**ÓSTÖÐVANDI** Arnór Dan glímir við svæsna hálsbólgu en hyggst engu að síður koma fjórum sinnum fram í vikunni með hljómsveit sinni Agent Fresco. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ARNÓR DAN ARNARSON: REYNI AÐ TÆKLA ÞETTA EINS VEL OG HÆGT ER

# Læknir skipar söngvara að þegja í Airwaves-vikunni

„Ég er kominn með hálsbólgu. Þetta er *fullkomin* tímasetning. Við erum að leggja lokahönd á plötuna, Airwaves að byrja og allt í gangi,“ segir Arnór Dan Arnarson, söngvari hljómsveitarinnar Agent Fresco.

Læknir Arnórs hefur ráðlagt honum að spara röddina ætli hann ekki að missa hana. Tímasetningin er ekki sú besta, en Iceland Airwaves-hátíðin hefst í vikunni ásamt því að Agent Fresco vinnur að því að klára upptökur á fyrstu breiðskífu sinni.

„Það er ekki annað hægt en að hlæja – beðinn um að þegja yfir Airwaves-vikuna og þegar við erum að leggja lokahönd á plötuna,“ segir Arnór. Agent Fresco kemur fjórum sinnum fram á næstu dögum, á Nasa á miðvikudag, í Hressó og Norræna húsinu á fimmtudag og loks á Sódómu á laugardag. Það verður því gríðarlegt álag á bölgnum hálsi Arnórs, sem tekur því með æðruleysi: „Ég verð að reyna að tækla þetta eins vel og hægt er,“ segir hann. „Ég bjóst samt við þessu. Ég er búinn að vera svo stressaður út af plötunni og var ekki hissa þegar ég vaknaði og var kominn með hálsbólgu.“

Arnór telur að blanda af álagi og svefnleysi hafi spilað inn í þegar hálsinn bólgnaði upp, en hann hefur nýtt næturnar í upptökur á breiðskífu Agent Fresco. Hálsbólgan tefur útgáfuna, en platan átti að koma út í byrjun nóvember. Arnór er þó bjartsýnn á að platan komi út einhvern tíma í nóvember. „Platan tefst því miður,“ segir hann. „Svona er þetta bara. Ég er ekki að fara að taka upp helminginn af lögunum með hálsbólgu – maður heyrir alveg muninn. Þú heyrir það kannski á mér núna.“

Iceland Airwaves verður þó efst á baugi hjá Arnóri og félögum í vikunni, enda stærsta tónlistarhátíð landsins og allar helstu hljómsveitir landsins koma þar fram. „Þetta verður ógeðslega gaman – þetta eru jólin fyrir okkur,“ segir Arnór. „Við skemmtum okkur vel og gerum það sem við erum alltaf búnir að gera. Þetta verður flott.“

**atlifannar@frettabladid.is**


ÆÐI SNIÐUG!



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Ný grallarasaga eftir Björk Bjarkadóttur fyrir yngstu bókaormana








# Leitar að litlum Ásdísum

„Ég kem til landsins fyrir jól til að kynna vöruna í verslunum um allt land og verð væntanlega í leiðinni líka að leita að litlum Ásdísum á aldrinum 16 til 20 ára til að vera andlit vörunnar með mér,“ segir fyrirsætan og athafnakonan Ásdís Rán Gunnarsdóttir.

Ásdís hyggst setja á markað fyrir jól Icequeen Beauty Kit, en það er snyrtivörulína fyrir ungar stúlkur. „Töskurnar innihalda uppáhaldssnyrtivörurnar mínar sem eru nauðsynlegar til að *lúkka gordjöss*,“ segir Ásdís, en hún er nú að koma sér fyrir á nýju heimili í Þýskalandi. Ásdís er í samstarfi við Kristínu Stefánsdóttur hjá snyrtivörufyrirtækinu No Name en ekki er vitað hvaða vörur verður að finna í töskunum. „Það er ennþá leynd yfir því, en það kemur í ljós fljótlega þegar þetta er allt komið í sölu.“ **- afb**



**SNYRTIVÖRULÍNA Á LEIÐINNI** Það geta ekki allir verið „gordjöss“, en Ásdís Rán ætlar að hjálpa þeim sem vilja það. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# NÝTT MEISTARAVERK




Filippo Berio kynnir nýja og glæsilega flösku sem undirstrikar hin sígildu gæði Filippo Berio ólífuolíunnar.

SINCE 1867

FILIPPO BERIO

*Hreint meistaraverk*

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
„...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ringo man ekkert

Bítillinn **Ringo Starr** var í föruneyti Yoko Ono sem dvaldi hér á landi um helgina. Hann kom ásamt eiginkonu sinni Barböru Bach í tengslum við tendrun friðarsúlunnar í Viðey. Eftir að hafa troðið upp í Háskólabíói héldu Ringo, Yoko og allir hinir í Þjóðleikhúskjallarann þar sem haldið var upp á afmæli Seans Lennon. Barbara og Ringo hittu þar Jakob Frímann Magnússon, sem var gestgjafi þeirra í Atlavíkurævintýrinu fræga árið 1984. Í samtali við Bítilinn rifjaði Jakob meðal annars upp fræga hestaferð þar sem Ringo datt af baki en Ringo kom nánast af fjöllum, sagði að allur heimurinn vissi að hann hefði dottið af hestbaki á Íslandi, sjálfan rámaði hann varla í það. **- fgg**



### Söng eigin texta

Handboltakappinn Logi Geirsson fagnaði 28 ára afmæli sínu og útgáfu bókar um atvinnumannaferil sinn á Den danske kro á laugardaginn var. Meðal þeirra sem tróðu upp í útgáfupartíinu var söngfuglinn **Sverrir Bergmann**. Að útgáfupartíinu loknu hélt Sverrir uppi stuðinu langt fram á kvöld og flutti meðal annars lagið Án þín sem hann sigraði með í söngkeppni framhaldsskólanna fyrir allmörgum árum. Án þín heitir á frummálinu Always og er eftir Bon Jovi en sjónvarpsmaðurinn **Auðunn Blöndal** snaraði því yfir á íslensku. Auðunn söng enda hástöfum með þegar lagið hljómaði á Den danske kro á laugardaginn, ekki síst þegar hin stórkostlega lína „Ég skæri mér hjartað úr, með skeið" ómaði um allt við mikla kátínu viðstaddra.



## Mest lesið vísir.is

1. Ólga meðal starfsfólks FME vegna nýrrar stöðu
2. Stíflan gæti brostið á hverri stundu
3. Margir Íslendingar í sambúð
4. Varaþingmaður fjarlægður og móðgaðir listamenn
5. Nasistabúningur kom frambjóðanda í bobba


Office1

Fyrirtækjaþjónusta

ÓDÝR REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjaþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI 550 4111

Fyrirtækjaþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is



KING KOIL HEILSURÚM

FRÁBÆRT VERÐ!



CORSICA
Queen Size (153x203cm)

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Tvíhert sérvalið stál í gormakerfi
- Hreyfing milli svefnsvæða aldrei minni
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

Verð 174.845 kr.

HÁGÆÐA HEILSURÚM FRÁ AMERÍKU!

COMFORT solutions
By King Koil

Good Housekeeping Promises

FCER

Eitt það mikilvægasta í lífi okkar er góður svefn. Til þess að geta átt góða nótt og sofið vel þurfum við að huga vel að vali okkar á góðu rúmi. Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af heilsurúmum við allra hæfi. Starfsmenn okkar hafa áralanga reynslu í að aðstoða fólk við að velja rétta rúmið. Í þau 17 ár sem að Rekkjan hefur starfað hafa Íslendingar keypt rúm frá Bandaríska framleiðandanum King Koil sem hefur framleitt hágæða heilsurúm í 112 ár. King Koil hefur veitt gríðarlegum fjármunum og tíma í þróun og prófanir. Á þessum tíma hefur King Koil náð miklum og góðum árángri sem endurspeglast í viðurkenningum sem fyrirtækinu hafa verið veitt í gegnum árin. í dag er King Koil einu heilsurúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðasamband Kiropraktora) og Good Housekeeping (Stærstu neitandasamtök í Bandaríkjunum).

FRÁBÆRT VERÐ!



GRAND HAVEN
Queen Size (153x203cm)

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæði er úr þrýstijöfnunarsvampi og latexi sem skorið er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans

Verð 294.912 kr.

FRÁBÆRT VERÐ!



AMELIA
Queen Size (153x203cm)

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tvíhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa

Verð 109.900 kr.

ARGH! 081010

rekkjan HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16